

Deiliskráning í Bessastaðahreppi:

Fornleifaskráning á völdum aðalskipulagsreitum



Guðrún Alda Gísladóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS237-04031
Reykjavík 2004



**Forsíðumynd er af varðurni úr seinni heimstyrjöldinni,
í landi Breiðabólstaða (GK-209:026)**

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Áhrif framkvæmda á fornleifar	6
3. Fyrri fornleifarannsóknir á eða við skráningarsvæðið	9
4. Fornleifaskrá.....	10
5. Yfirlit um minjar á deiliskipulagsreitum.....	56
6. Niðurlag	60
Heimildaskrá	65
Fylgiskjöl.....	66

1. Inngangur

Í febrúar 2004 fór Bessastaðahreppur þess á leit við Fornleifastofnun Íslands, að hún ynni deiliskráningu á völdum aðalskipulagsreitum í Bessastaðahreppi. Þessi skýrsla greinir frá árangri skráningarinnar.

Fornleifastofnun hafði áður unnið svæðisskráningu fyrir allt svæðið og flýtti það fyrir undirbúningi verkefnisins og vettvangsvinnu. Auk þess höfðu áður nokkrir staðir verið skráðir, vegna deiliskipulags í landi Brekku (árið 2002) og Sviðholts (árið 2001). Niðurstöður þeirra úttekta eru einnig birtar í hér.

Skráðir voru 5 skipulagsreitir þar sem ráðgert er að framkvæmdir verði á næstu árum. Þessum reitum hefur hér, til einföldunar, öllum verið gefið númer. Reitur nr. 1. er á Hliðstanga í kringum Hlið, reitur númer 2 er vestan Sviðholts, í kringum Þórukot. Reitur 3 er austan Skógtjarnar og sunnan Brekku. Reitur 4 er sunnan og austan Sviðholts og reitur 5 er landið austan Eyvindarstaða (austan Norðurnesvegur), kringum Kasthúsatjörn og landið kringum Breiðabólsstaði, alveg út á Eyrarodda.

Skipulagsreitirnir eru 5 og falla jarðirnar, eða hlutar jarðanna Hliðs, Skógtjarnar, Brekku, Sviðholts, Haugshúsa, Eyvindarstaða, Akrakots og Breiðabólsstaða, inn á þá. Aðeins var skráður sá hluti jarðanna sem lenti innan skipulagsreitanna. Áður en farið var á vettvang var rætt við heimildamenn um svæðið. Vettvangsvinna fór fram í mars og apríl 2004.

Efnisskipan í þessari skýrslu er svipuð og í öðrum sambærilegum skýrslum Fornleifastofnunar.¹ Á eftir inngangi er kafli um mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar þar sem m.a. er gefið yfirlit um löggjöf og aðferðir við fornleifaskráningu (2. kafli). Þá er greint frá fyrri fornleifarannsóknum á skráningarsvæðinu (3. kafli). Síðan er birt skrá yfir fornleifastaði sem kannaðir voru 2004 (einnig þeir staðir sem skráðir voru 2001 og 2002 af FSÍ) (5. kafli). Í 6. kafla er rætt um minjar í hættu. Í 7. kafla er niðurlag og dregið fram hvaða minjar er helst að finna á hverjum deiliskipulagsreit.

Fornleifaskráning vegna aðalskipulags var gerð af Guðrínu Öldu Gísladóttur, sem sá einnig um ritun skýrslunnar. Áður hafði svæðisskráning verið unnin en hana gerðu Andrea Harðardóttir og Sædís Gunnarsdóttir.² Verkið var unnið undir stjórn Elínar Hreiðarsdóttur.

¹ Sbr. Orri Vésteinsson. *Fornleifakönnun: Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar* (skýrsla FS141-01061). Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, 2001.

² Andrea Harðardóttir og Sædís Gunnarsdóttir. *Menningarminjar í Bessastaðahreppi* (skýrsla FS226-03211). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2004.

Loftmyndir sem sýna dreifingu fornleifa á aðalskipulagsreitum, eru aftast í skýrslunni. Kortin eru unnin af Oscar Aldred.

Þeim heimildamönnum sem lögðu skrásetjara lið eru færðar kærar þakkir fyrir aðstoðina, sérstaklega Önnu Ólafsdóttur Björnsson og Maríu B. Sveinsdóttur.

2. Áhrif framkvæmda á fornleifar

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk þeirra. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Liggi nægilegar heimildir fyrir, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, kemur skipuleg heimildauttekt í því skyni að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í þjóðminjalögum (nr. 107/2001) en þar segir:

10. gr.: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

13. gr.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einni staðir sem eru í hættu á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er oft fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. gr. þjóðminjalaga segir m.a. : „Nú telur... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggar geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifarvernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða

skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.“

Því eru það hagsmunir framkvæmdaaðila að hægt sé að fletta upp í áreiðanlegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýtt auðlind í ferðaþjónustu og forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

3. Fyrri fornleifarannsóknir á eða við skráningarsvæðið

Hér verður fjallað um fyrri fornleifarannsóknir á eða við þá skipulagsreiti sem rannsakaðir voru að þessu sinni (sjá kort til frekari skýringar).

Árið 2001 fóru fram þrjár fornleifarannsóknir í Bessastaðahreppi. Í mars og apríl rannsökuðu starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands bæjarhól Skógtjarnar (austan Miðskóga 22). Grafir voru 6 könnunarskurðir í og við hólinn og fundust miklar mannvistarleifar í þremur þeirra.³ Gamla bæjarstæði Skógtjarnar, þar sem rannsóknirnar voru gerðar, er vestan skipulagsreits 3. Í tengslum við könnunarskurðina vann Þjóðminjasafn vettvangskönnun vegna deiliskipulags Hvols, sem er í landi Breiðabólstaða, eða skipulagsreits 5. Engar fornleifar fundust innan reitsins við þá könnun.⁴ Hvoll, sem og allt Breiðabólstaðaland, er innan skipulagsreits nr. 5.

Í desember 2001 var gerð úttekt á fornleifum vegna deiliskipulags í Sviðholti, á vegum Fornleifastofnunar Íslands.⁵ Niðurstöður þeirrar könnunar eru hafðar með hér, en allar falla þær minjar utan núverandi skráningarsvæðis, nema ein, Sviðholtsbrú (GK199:014) sem er innan deiliskipulagsreits nr. 4.

Í október árið 2002 fór fram fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Brekku í Bessastaðahreppi, á vegum Fornleifastofnunar Íslands.⁶ Ein fornleif inn reitsins (túngarður GK-197:018) er innan skipulagsreits nr. 3.

Árið 2004 var gerð svæðisskráning fyrir allan Bessastaðahrepp. Þar birtist heildarskrá yfir allar þekktar minjar úr ritheimildum og kortum auk byggðasögu svæðisins og sögu býlanna í hreppnum.⁷

³ Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon. *Fornbýlið Skógtjörn við Miðskóga á Álftanesi. Fornleifakönnun á bæjarhól, 5-12*

⁴ Guðmundur Ólafsson, Kristinn Magnússon og Rúna K. Tetzschner. *Breiðabólstaðir í Bessastaðahreppi. Svæðisskráning og vettvangskönnun vegna deiliskipulags á reit Hvols, 19.*

⁵ Orri Vésteinsson. *Úttekt á fornleifum vegna deiliskipulags í Sviðholti* (bréf). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2001.

⁶ Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Brekku í Bessastaðahreppi* (bréf). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002.

⁷ Andrea Harðardóttir og Sædis Gunnarsdóttir. *Menningarminjar í Bessastaðahreppi* (skýrsla FS226-03211). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2004.

4. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (GK=Gullbringu og Kjósarsýsla, RA=Rangárvallasýsla, o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð hver minjastaður tilheyrir. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-193:001=Gullbringu- og Kjósarsýsla-Efra Hlið:bæjarstæði). Fornleifaskrá hvorrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og getið um sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.


Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvorrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (t.d. álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGP 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta, og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir, sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá, teljast ekki í hættu.

Minjar á eða við svæði þar sem hugsanlegt er að umrót/framkvæmdir muni eiga sér stað teljast í hættu. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni eða í námunda við bæi þar sem búskapur er stundaður. Þær teljast í hættu vegna þess umróts sem gjarnan fylgir ábúð og búskap. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem yfirgnæfandi líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlað/eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inn í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórfamkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Eins og sjá má við lestur skýrslunnar eru númer fornleifanna ekki í samfelldri röð. Ástæðan er sú hér eru aðeins teknar með þær minjar innan hvernjar jarðar sem lenda innan þeirra aðalskipulagsreita sem hér eru til umfjöllunar. Þær minjar (eða þau númer) sem vantar inn í hafa því ekki verið skráðar á vettvangi en upplýsingar um þær má finna í svæðisskráningarskýrslu Fornleifastofnunar. Rétt er að benda á að eftir vettvangsathugun tóku númer fornleifanna nokkrum breytingum. Ástæðan er sú að við vettvangsvinnu bættust nýjar minjar sem fundust við vettvangsgöngu, en einnig voru sameinaðir minjastaðir sem höfðu (á heimildastigi) verið tvískráðir sökum þess að ekki reyndist unnt, fyrir en á vettvangi, að skera úr um hvort um einn og sama stað væri að ræða.



GK-193 Hlíð

1395: „ Svo margar jarðer hafa vunder komit sidan pall aboti kom til videyjar. ... Hlíð. xvj. c." DI. III, 598.

1397: Máldagar Vilchins. „Peturskyrkia j Gordum a aaltanesei aa heimaland allt. Havssastder. selskard. hlíð.... ." DI. IV, 107.

1477: Ágrip af Garðamáldaga og Álptanesi. „Pieturskyrkia j gordum a alftanese a heimaland allt. hausastade. selskard. hlíjd." DI. VI, 123.

1558: Garðakirkja hefur jarðaskipti við umboðsmann konungs, „ ... jeg hefe under kóngsins eign til Bessastada tekid jörðina Hlíð. er liggur a Kongsnese." DI. XIII, 317. Mikið útræði var frá Melshöfða sem liggur suðvestur frá Hlíðstanga. Melshöfða er getið í fógætareikningum yfir leigu, landskyldur og skreiðargjaldsreikninga af konungsjörðum frá 1547-1548. Einnig í fógætareikningum frá 1552 og 1553. DI. XII, 125, 184, 567-568, 591, 595. Í Jarðbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703, segir: "Melshöfde, verbúðarstaður og grasnyt nokkur, sem heimabóndinn á Hlíði brúkar alleinn, þar eru: ... Kastiansshus [036]... Jons Marteinssonar hus [037]... Jonshus [038]... Heimræði er við öll þessi tóm hús í Melshöfða og gánga þar kóngsskip um vertíð, vor og haust, fleiri eður færri, so mörg sem umboðsmaðurinn fær við komið að láta þar gánga, og er þar til þess ætluð verbúð ein [039] fyrir utan þá, sem nú er bygd, til að hýsa fólk, er rær á þessum kóngsbátum, og kaupa þeir soðning af tómthúsmonnum þar í stað... Lending er góð." Jarðadýrleiki árið 1703 er óviss. Fram kemur að: „Selstöðu hefur jörðin haft þar sem heita Norðurhellrar, ...". JÁM III, 195. Í Jarðtali Johnsens frá árinu 1847 er jarðadýrleiki 20 5/6 hdr. og jörðin er enn í konungseign. JJ, 93. Margbýlt var á Hlíðstanga. Árið 1870 var ein þurrabúð hjá Neðra Hlíði 006 og fjórar við Gamla Hlíð 065. EB. Sjósókn 33-34. Árið 1989 eignast



Horft til suðvesturs yfir á Hlíðstanga. Gamla Hlíð 065 stóð lengst til vinstri á myndinni, Efra Hlíð 001 þar sem hæst ber en Neðra Hlíð 006 aftan við núverandi íbúðarhús á Hlíðstanga.

Bessastaðahreppur jörðina. AÓB, 220. Nú er eitt íbúðarhús á Hliðstanga, norðan við bæjarstæði Neðra-Hliðs 006.

Túnakort árið 1917: Tún (slétt) 3,1 teigar, garðar 1790 m². 1703: „Tún jarðarinnar Hliðs brotna og fordjarfast af sjáfarágangi meir og meir.“ JÁM III, 195. Yst á Álftanesi er Hliðstangi: "Ysti og syðsti hluti hans [Hliðstanga] nefnist Melshöfði. Það var einn helsti útróðrarstaður á Suðurnesinu í margar aldir." AÓB. Hliðstangi er vel gróinn og hallar landið mót suðri. Sjó hefur brotið mikið af landinu, tugi metra frá því túnakort var gert 1917. Melshöfði er nú strípaður gróðurlaus klettatangi sem fer í kaf á flóði.

GK-193:001 Hlið bæjarstæði býli

64°05.755N 22°02.384V

Bærinn Efra-Hlið stóð á Hliðstanga, þar sem Grandinn er hæstur.

Hliðstangi er grasi gróinn og þýfður. Bærinn stóð á Grandanum, náttúrulegum hrygg í landslaginu, sem liggur frá Hliði í vestri alla leið að Bessastöðum í austri. Á háhryggnum liggur malarvegur, þar sem Hliðstraðir lá áður. Norðan bæjar eru 20-30 m að sjó sem hefur brotið mikið af landi á síðustu áratugum og öldum. Afliðandi halli er að sjó sunnan til en Þvottatjörn 058 er þar í fjöruborðinu, u.þ.b. 100 m frá Efra Hliði 001.

Í örnefnaskrá segir: "Hlið: Fordum stórbýli á Álftanesi. s.v. horni þess. Var í eigu Garðakirkju til 1556, að konungur skifti á því fyrir Vífilstaði og milligiöf, svo sem mjöltunnu, sem aldrei galzt af konungsins valdmönnum. Þar var margt þurrabúða. og þar var margbýlt jafnaðalega." Á uppdrætti í bók Erlends Björnssonar, Sjósókn, þar sem hann sýnir byggð á Álftanesi í kringum 1870, sést að þá eru á Hliðstanga eru þrjú býli: Gamla Hlið 065, Efra Hlið 001 og Neðra Hlið 006. Gamla Hlið 065 lagðist í eyði milli 1870 og 1917 vegna landbrots og á túnakortið frá 1917 hefur kortagerðarmaðurinn skrifað: "Gamla Hlið 2 býli var hér. Nú tóttir einar og kg. [kálgarður?] í eyði...brotnar fast norðan við tættarnar." Við eyðingu Gamla Hliðs 065 hófst nafnaruglingur og hefur Efra-Hlið stundum verið kallað Gamla-Hlið og ekki er ólíklegt að Gamla Hlið 065 hafi einnig kallast Efra-Hlið áður fyrr enda segir í örnefnaskrá segir: "Efra Hlið: Svo var Gamlahlíð einnig kallað." Einnig kemur fram í örnefnaskrá að bærinn Efra Hlið var kallaður Kristjánshlið þegar maður að nafni Kristján [Jónsson] bjó þar seint á 19. öld. AÓB. Í Sjósókn Erlends Björnssonar segir um búendur og býli í Bessastaðahreppi á 8. áratug 19. aldar: "Á Efra-Hliði bjó Kristján Mathiesen, ríkur maður og um leið einn merkasti maður sveitarinnar. Hafði hann útgerð mikla, venjulegast fjögur skip, tvo áttæringa og tvö sexmannaför." Þegar túnakort var gert fyrir Hlið 1917 eru bæjarhúsin á Efra Hliði úr torfi og grjóti. Húsin snéru þremur burstum til suðurs og eitt hús sambyggt var norðan til. Við bæinn að norðan var kálgarður en bæjarhlað að sunnan. Sunnan bæjarhlaðsins voru einnig kálgarðar og greinir örnefnaskrá frá því að matjurtagarður á hlaðinu hafi heitið Sandagarður. Stórt hús var reist í Efra Hliði snemma á 20. öld og má sjá mynd af því Álftaness sögu bls. 219. Það hús brann á seinni hluta 20. aldar. Öll ummerki um Efra Hliðsbæ og mannvirki umhverfis hann eru horfin. Rústir hafa verið sléttaðar og ekki sést móta fyrir þeim á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Álftanes, 163, 165; AÓB: Anna Ólafsdóttir Björnsson. Álftaness saga, 219; EB: Erlendur Björnsson. Sjósókn, 33, 156

GK-193:002 heimild um útihús

64°05.751N 22°02.361V

Á túnakorti frá 1917 er sýnt mannvirki um 20 m suðaustur frá bæ, fast sunnan við bæjarhlað Efra Hliðs 001.

Hliðstangi er grasi gróinn og þýfður. Efra Hlið 001 stóð á Grandanum, náttúrulegum hrygg, sem liggur frá Hliði í vestri alla leið að Bessastöðum í austri.

Ekki sést til fornleifar, búið er að slétta landið. Á túnakortið er bókstafurinn "f" merktur við mannvirkið og í skýringum við túnakortið merkir f=for. Hugsanlega hefur verið þarna einhvers konar haughús.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

GK-193:003 heimild um útihús

64°05.721N 22°02.648V

Á túnakort frá 1917 merkt sýnt tvískipt útihús úr torfi og grjóti vestast á Hliðstanga. Það stóð um 70 m vestur frá Neðra Hliði 006. Nú er sjávarkamburinn aðeins 40 m vestan við bæjarstæði Neðra Hliðs 006 og útihúsið því horfið í sjóinn.

Mikið land hefur brotnað af Hliðstanga á undanförunum áratugum. Af túnakorti frá 1917 að dæma hafa brotnað um 30 m af landi síðan þá.

Hnit var tekið vestast á Hliðstanga u.þ.b. 30 austar en útihúsið var. Hliðskot 040 og Hliðskotsvör 057 hafa sama hnit.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1917

GK-193:004 Salthús heimild um útihús

64°05.750N 22°02.588V

Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús úr torfi og grjóti um 30 m NNV frá Neðra Hliði 006. Það stóð í

suðausturhorni kálgarðs sem náði til norðurs fram á sjávarkambinn.

Húsið var á vestanverðum Hliðstanga. Þar er sléttað tún, sinuvafið og farið að hlaupa í þúfur.

Ekki sést lengur til útihússins eða kálgarðsins. Í örnefnaskrá segir: "Salthúsgarður: Svo hét einn matjurtagarður er lá við Salthúsið rétt ofan við Hliðsvarir [047, 052]." Að öllum líkindum er útihúsið Salthúsið framangreinda.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Álftanes, 165

GK-193:005 heimild um útihús

64°05.764N 22°02.499V

Inn á túnakort frá 1917 er merkt tvískipt hús úr torfi og grjóti um 100 m norðaustur frá Neðra Hliði 006 og 100 m norðvestur frá Efra Hliði 001. Húsið stóð í förुकambinum, ofan Hliðsvara 047 og 052. Hústóftin er horfin vegna landbrots. Staðsetning tóftarinnar er u.þ.b. 20 m norðan sjávarkambinsins, í fjörunni og fer á kaf á flóði.

Fjaran á norðanverðum Hliðstanga er klettótt með finum sandi í milli.

Ekki sést lengur til útihússins, það er löngu brotið í sjóinn.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1917

GK-193:006 *Neðra Hlið* bæjarstæði býli

64°05.732N 22°02.581V

Inn á túnakort frá 1917 er Nýja Hlið merkt, um 180 m VNV við Gamla Hlið 001, á vesturhluta Hliðstanga. Í örnefnaskrá segir: "Hjallavöllur: Svo hét teigur í túninu sem þar sem Neðra Hlið stóð."

Bærinn á Nýja Hliði stóð talsvert lægra en Efra Hlið 001 og var því heitið Neðra Hlið réttnefni. Grasi gróid og þýft er á gamla bæjarstæðinu, sem er sinuvafið og komið í órækt. Bærinn stóð á vesturenda náttúrulegs hryggs, Granda, sem býlin á Suðurnesinu eru mörg hver staðsett á. Fjörुकambur er aðeins um 40 m vestan og norðan bæjarstæðisins.

Í örnefnaskrá kemur fram að á Neðra-Hliði var tvíbýli. Neðra-Hlið gekk einnig undir heitunum Nýja-Hlið og Jörundarhlið. Þar var þurrabúð um aldamótin 1900. Á túnakorti frá 1917 sést að þá var bærinn úr torfi og grjóti og sneru burstirnar tvær til suðurs. Sambyggt að norðan til var eitt hús. Kálgarður var kringum bæinn vestan til. Öll ummerki bæinn og kálgarðana sex sem voru sunnan, og austan við bæinn eru horfin. Bærinn hefur verið rifin og rústirnar sléttaðar í tún. Í Sjósókn Erlends Björnssonar segir um búendur og býli í Bessastaðahreppi á 8. áratug 19. aldar: "Á Neðra-Hliði bjó Ketill Steingrímsson...[hann] hafði alltaf mikla útgerð, þetta tvö og þrjú skip." EB.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Álftanes, 163, 165; EB: Erlendur Björnsson. Sjósókn, 33, 156

GK-193:007 *Hliðsbrunnur* heimild um brunn

64°05.729N 22°02.599V

Inn á túnakort frá 1917 er merkt einkennilegt mannvirki um 20 m vestur frá Nýja Hliði 006.

Nýja Hlið stendur talsvert lægra en Efra-Hlið 001 og er því heitið Neðra Hlið réttnefni. Grasi gróid og þýft er á gamla bæjarstæðinu Neðra-Hliðs, það er sinuvafið og tún komið í órækt.

Í örnefnaskrá segir: "Hjallavöllur: Svo hét teigur í túninu sem þar sem Neðra Hlið stóð...Hliðsbrunnur: Hann var stór og hlaðinn upp í Hjallavelli. Voru þar tröppur niður að ganga í Brunninn. Reft mun hafa verið yfir hann í eina tíð." Mun hér átt við mannvirkið einkennilega sem sýnt er á túnakorti. Er þá komin skýringin á teikningunni á túnakortinu, þ.e. þar eru teiknaðar tröppurnar ofan í brunninn. Búið er að afmá ummerki um brunninn, hann hefur líklega verið byrgður og er horfinn í óræktina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Álftanes, 165

GK-193:031 garðlag varnargarður

64°05.721N 22°02.626V

30 m suðvestan við Nýja-Hlið 006 er hlaðinn grjótgarður í fjörुकambinum.

Vestan garðsins er fjara og en austan hans grasi gróin órækt. Þar er fremur grýtt þar sem sjór hefur borið grjót á land.

Skv. túnakoti frá 1917 var sjóvarnargarður með vesturströnd Hliðstanga, þá 70-80 m frá Neðra-Hliði 006. Tugir metra hafa brotnað af landinu síðan þá og er grjótgarðurinn sem er í fjörुकambinum yngri mannvirki en það sem sýnt er á túnakorti.

Garðurinn er örugglega varnargarður og hann liggur suður-norður. Garðlagið liggur í 15 m til suðurs en þá er í það um 15 m langt rof.

Handan rofsins heldur garðurinn áfram í sömu stefnu til suðurs u.þ.b. 9 m. Veggstúf, u.þ.b. 1 m langan, má greina frá suðvestari hluta garðsins til vesturs en hann hverfur þar í fjörुकambinn. Jarðvegi hefur



Sjóvarnargarður. Horft til SSV.

verið ýtt upp að garðinum, bæði við norður- og suðurenda hans, til að verjast landbroti. Hæstar eru garðhleðslurnar um 1 m.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1917

GK-193:032 heimild um lendingu

64°05.778N 22°02.424V

Á túnakorti 1917 er sýnd vör 80 m norðvestan við Efra-Hlið 001 og 130 m norðaustan við Neðra-Hlið 006. Vörin er austast í röð fjögurra vara á norðurströnd Hliðstanga, vestast er 045, þá 052, 047 og austast 032.

Austan og vestan vararinnar eru klettatangar. Steinar eru í vörinni og í sandinum upp af. Mikið land hefur brotnað á norðurströnd Hliðstanga og umhverfi vararinnar væntanlega að breytt.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1917

GK-193:033 *Jóns Björnssonar hús* heimild um býli

64°05.755N 22°02.384V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703, segir: „Hjáleiga af Hliði kend við þann, sem ábýr í hvört sinni, og nú kölluð Jóns Björnssonar hús. ...Jarðardýrleiki er óviss. ... Túnunum hjáleigunnar spillir sjór árlega. Selstöðu nýtir ábúandi ásamt heimabóndanum.”

Ekki er vitað hvar hjáleigan var á Hliðstanga. Hún fær hnit með Efra-Hliði 001.

Heimildir: JÁM III, 195,196

GK-193:034 *Hálfðanarhús* heimild um býli

64°05.755N 22°02.384V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703, segir: „Hjáleiga önnur ónafngift, kend í hvört sinn við þann sem á býr og nú kölluð Hálfðanarhús. Jarðardýrleiki er óviss. ... Túnið brýtur sjór, sandur og veður. Selstaða er ásamt heimajörðinni brúkuð.”

Ekki er vitað hvar hjáleigan var á Hliðstanga. Hún fær hnit með Efra-Hliði 001.

Heimildir: JÁM III, 196,197

GK-193:035 *Lonshus* heimild um býli

64°05.755N 22°02.384V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703, segir: „Jarðardýrleiki er óviss. ... Túnunum spillir sands og sjáfaragangur. Vatnsból og selstaða er sem á heimajörðinni.”

Ekki er vitað hvar hjáleigan var á Hliðstanga. Hún fær hnit með Efra-Hliði 001.

Heimildir: JÁM III, 197

GK-193:036 *Kastiansshus* heimild um bústað

64°05.642N 22°02.410V

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703, segir: "Melshöfde, verbúðarstaður og grasnyt nokkur, sem heimabóndinn á Hliði brúkar alleinn, þar eru: Tómhús kallað Kastiansshus...Eldiviðartak af móscurði ásamt heimabóndanum. Vatnsból sama sem heima á jörðinni Hliði...Heimræði er við öll þessi tóm hús í Melshöfða..."

Melshöfði er brotinn af sjávarágangi. Hann kemur upp á fjöru en er rúinn öllum mannvirkjum. Öll Melshöfðamannvirki hafa sama hnit.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: JÁM III, 198



Melshöfði til suðvesturs, rúinn öllum mannvirkjum.

GK-193:037 *Jóns Marteinssonar hus* heimild um bústað

64°05.642N 22°02.410V

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703, segir: "Melshöfde, verbúðarstaður og grasnyt nokkur, sem heimabóndinn á Hliði brúkar alleinn, þar eru: ...Jóns Marteinssonar hus, tómhús...Eldiviðartak ásamt heimajörðinni. Vatnsból sama sem heima á jörðinni [Hliði]...Heimræði er við öll þessi tóm hús í Melshöfða..."

Melshöfði er brotinn af sjávarágangi. Hann kemur upp á fjöru en er rúinn öllum mannvirkjum. Öll Melshöfðamannvirki hafa sama hnit.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: JÁM III, 198

GK-193:038 *Jónshús* heimild um bústað 64°05.642N 22°02.410V
Í Jarðbók Árna og Páls frá 1703, segir: "Melshöfde, verbúðarstaður og grasnyt nokkur, sem heimabóndinn á Hliði brúkar alleinn, þar eru: ...Jonshus, þriðja tómtúsi í sama stað [þ.e. Melshöfða]. Það halda Bessastaðamenn undir sínum umráðum og so hefur lengi verið...Eldiviðartak og vatnsból ásamt Hliði. Heimræði er við öll þessi tómtúsi í Melshöfða..."
Melshöfði er brotinn af sjávarágangi. Hann kemur upp á fjöru en er rúinn öllum mannvirkjum. Öll Melshöfðamannvirki hafa sama hnit.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:JÁM III, 198

GK-193:039 heimild um verbúð 64°05.642N 22°02.410V
Í Jarðbók Árna og Páls frá 1703, segir: "Melshöfde,[064] verbúðarstaður og grasnyt nokkur, sem heimabóndinn á Hliði brúkar alleinn, þar eru:...Kastiansshus [036]...Jons Marteinsonar hus [037]...Jonshus [038]...Heimræði er við öll þessi tómtúsi í Melshöfða og ganga þar kóngsskip um vertíð, vor og haust, fleiri eður færri, so mörg sem umboðsmaðurinn fær við komið að láta þar ganga, og er þar til þess ætluð verbúð ein [039] fyrir utan þá, sem nú er bygð, til að hýsa fólk, er rær á þessum kóngsbátum, og kaupa þeir soðning af tómtússmönum þar í stað...Lending er góð"
Melshöfði er brotinn af sjávarágangi. Hann kemur upp á fjöru en er rúinn öllum mannvirkjum. Öll Melshöfðamannvirki hafa sama hnit.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:JÁM III, 199

GK-193:040 *Hliðskot* bæjarstæði býli 64°05.721N 22°02.648V
„Hliðskot: Svo var eitt býlið kallað vestast í túninu [í Hliði]. Partur sá var gefinn Álfaneshreppi 1836...," segir í örnefnaskrá. Sjór hefur nú brotið mikið land af vestanverðu nesinu og má heita öruggt að Hliðskot sé horfið í sjóinn, sbr. útihús 003.
"Sveitaparturinn: Hliðskot var einnig kallað þessu nafni. 1910 rak þar hval, en þá átti Hafnarfjörður partinn. Hvalurinn reyndist Andarnefja kasúldinn," segir í örnefnaskrá. Hliðskot hefur sama hnit og útihús 003 og Hliðskotsvör 056. Það var tekið vestast á Hliðstanga.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Álfanes, 163

GK-193:041 *Litli bærinn* bæjarstæði býli 64°05.755N 22°02.384V
"Þurrabúð við Kristjánshlíð [sama og Efra-Hlið 001]," segir í örnefnaskrá. Litli bærinn hefur staðið nálægt Efra Hliði 001, en ekki er vitað hvar.
Hliðstangi er grasi gróinn og þýfður. Bærinn stóð á Grandanum, náttúrulegum hrygg í landslaginu, sem liggur frá Hliði í vestri alla leið að Bessastöðum í austri. Á háhryggnum liggur malarvegur, þar sem Hliðsvegur 044 lá áður. Norðan bæjar eru 20-30 m að sjó, en mikið land hefur brotnað af sjávarágangi síðustu áratugum og öldum. Aflíðandi halli er að sjó sunnan til.
Ekki sést til fornleifar. Hún fær hnit með Efra-Hliði 001.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Álfanes, 163

GK-193:042 *Gula húsið* bæjarstæði býli 64°05.751N 22°02.374V
"Gula húsið: Svo var gesthús Kristjáns [Jónssonar] í Hliði kallað. Á hlaðinu...Kinn: Svo var slétta kölluð, er lá framan við Kristjáns Hlið. Þar stóð hús sem kallað var "Gula húsið"," segir í örnefnaskrá. Gula húsið hefur verið í hlaðvarpanum sunnan við bæinn.
Bærinn 001 stóð á háhæðinni en aflíðandi halli er niður að sjó sunnan til.
Kristján Jónsson bjó á Hliði seinni hluta 19. aldar. Þegar túnakortið er gert 1917 er Gula húsið horfið af bæjarhlaðinu.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Álfanes, 163, 164

GK-193:043 *Hliðstúngarður* garðlag túngarður 64°05.757N 22°02.296V
Í örnefnaskrá segir: „Hann [Hliðstúngarður] var aðallega reistur á norður og austurhlíð túnsins, en sjór braut hann og var hann byggður aftur." Á túnakorti frá 1917 er merktur túngarður sem liggur 70 m til austurs frá bæ 001 en beygir þar til suðurs og liggur í um 50 m áður en hann hverfur. Túngarðurinn sést enn. Hann er fast sunnan malarvegarins, 2-3 m, sem liggur eftir tunganum.

Sunnan vegar er landið í aflíðandi halla mót suðri. Túnið er þýft og sinuvafið.

Garðurinn er alls 90 m, jafnlangur og hann var árið 1917 m skv. túnakorti. Hann er aðallega úr torfi, en þó sést í honum grjót á stöku stað. Hann er siginn, 0,3 m hár.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Álftanes, 163



Hliðstúnsгарður 043 sést lengst til hægri á myndinni og liggur upp Grandann og svo til vinstri. Bæjarstaði Efra-Hliðs 001, er heldur lengra til hægri en þar sem göngufólkið er. Fólkið er að ganga eftir Hliðsvegi 044. Horft til norðvesturs.

GK-193:044 *Hliðsvegur* heimild um leið

64°05.754N 22°02.339V

„Hliðsvegur: Svo var vegur lagður og hlaðinn eftir Grandanum. Síðan það var hefur jarðvegur hlaðist að veginum og fyllt upp beggja megin við," segir í örnefnaskrá. Malarvegur er eftir Grandanum miðjum, líklega þar sem Hliðsvegur lá áður, á háhryggnum. Skv. túnakorti lá vegurinn heim að Efra-Hliði 001, en engar götur eru merktar niður að Neðra-Hliði 006.

Beggja vegna malarvegarins er grasi gróin órækt og mikil sina.

Ennfremur kemur fram í örnefnaskrá: "Hliðsgötur: Það voru

götur sem lágu upp frá veginum [líklega Hliðsvegi], yfir Ósinn heim til bæjanna. Hliðsós: Eitt sinn um aldamótin 1900 var sjórin búinn að hluta Hlið frá landi og var þar þessi ós á flóðum. Hliðsgrandinn: Grandi var það kallað haftir milli lands og Hliðs sem gengið var meðan ósinn var við líði. Hliðsvegur: Svo var vegur lagður og hlaðinn eftir Grandanum...[sjá tilvitnun hér að ofan]," segir í örnefnaskrá. Svo virðist sem hluti Hliðsvegar 044 hafa heitið Hliðsgötur þar sem þær lágu yfir ósinn. Hliðsvegur tengdist veginum sem lá eftir öllum Grandanum og austur á Bessastaði, sbr. GK-197:034. Ekki sést til upphlaðna vegarins, hann hefur ýst út við sléttun og lagningu nýrri vegar.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Álftanes, 163, 164

GK-193:045 heimild um lendingu

64°05.768N 22°02.556V

Inn á túnakort frá 1917 er merktar varir 60-70 m norðaustan við Neðra Hlið 006. Við þá vestustu stendur skrifað á kortið: "Vör (notuð nú)." Sú vör er staðsett u.þ.b. 60 m norðaustur frá Neðra Hliði 006 og 140 m VNV við Efra Hlið 001.

Á staðnum sem vörin á að hafa verið skv. túnakortinu, er slétt klöpp, og fremur stórgrýtt beggja vegna.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1917

GK-193:046 *Gamla-Hliðsvör* heimild um lendingu

64°05.765N 22°02.239V

"Gamla Hliðsvör: Svo var aðalvörin frá Hliði kölluð," segir í örnefnaskrá. Á örnefnakort af Álftanesi er Gamla-Hliðsvör merkt inn 20-40 m norðaustur frá Efra-Hliði 001.

Á þessum slóðum hefur sjór brotið land og allt umhverfi breytt frá því sem áður var.

Ekki er alveg ljóst af örnefnaskrá hvaða heiti eiga við hverja vör. Við skráningu Gömlu-Hliðsvarar var fylgt merkingum örnefnakortsins. Mikið land hefur brotnað og því aðstæður mikið breyttar við norðurströnd Hliðstanga.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Álftanes, 164; Örnefnakort af Álftanesi 1977

GK-193:047 *Nýja-Hliðsvör* heimild um lendingu

64°05.769N 22°02.468V

Í örnefnaskrá segir: „Hliðsvarir: Norðan undir Hliðsbæina undir miðjum Gamlahliðsbakka. Þar var gott rúm fyrir mörg skip og stór...Nýja Hliðsvör: Svo var annar hluti vararinnar kallaður." Nýja-Hliðsvör var u.þ.b. 70 m norðaustan við Neðra Hlið 001. Þar eru tvær varir saman og báðar merktar inn á túnakort frá 1917. Nýja-Hliðsvör var líklega sú eystri.

Eystri vörin er ekki eins hrein og sú vestari. Í henni eru flúrir og klettur en sandur í fjörinni.

Ekki er alveg ljóst af örnefnaskrá hvaða heiti eiga við hverja vör.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Álftanes, 164; Túnakort 1917

GK-193:048 *Skipabyrgið* heimild um naust

64°05.761N 22°02.530V



*Skipabyrgi við núverandi íbúðarhús í Hliði.
Horft til norðvesturs*

naustsins. Sé naustið horfið í fjörukambinn, nauststæðinu er hleðslan leifar norðurlanghliðar.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Álftanes, 164; Túnakort 1917

GK-193:049 *Beitningabyrgið* heimild um sjóbúð 64°05.776N 22°02.396V

„Beitningabyrgið: Það var byrgi austan varanna [líklega Hliðsvara sem hér eru skráðar með númerin 045, 047, 052 og 032], þar beittu menn lóðir.“ segir í örnefnaskrá.

Ekki er vitað um staðsetningu byrgisins. Ætla má að það hafi staðið nálægt Hliðsvörum, en mikið land hefur brotnað af norðurströnd Hliðstanga og líklegast að byrgið sé horfið í sjóinn, alltéð sjást leifar þess ekki á þessum slóðum. Hnit var tekið austan varanna fyrrnefndu á norðurströnd Hliðstanga.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Álftanes, 164

GK-193:050 *Grútarbyrgið* heimild um sjóbúð 64°05.755N 22°02.384V

"Grútarbyrgi: Þá var eitt byrgið enn, þar voru geymd ker og tunnur undir lifur þá sem kom úr fiskinum," segir í örnefnaskrá.

Ekki er vitað um staðsetningu byrgisins. E.t.v. stóð það nálægt Hliðsvörum, þar sem fiskurinn kom á land, en sjór hefur brotið mikið land af norðurströnd Hliðstanga og líklegast er að byrgið sé horfið í sjó, a.m.k. sjást leifar þess ekki á þessum slóðum. Grútarbyrgið fær hnit með Efra-Hliði 001.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Álftanes, 164

GK-193:051 *Sjógatan* heimild um leið 64°05.778N 22°02.424V

"Sjógatan: Svo var gatan kölluð frá vörunum [045, 052, 047 og 032] heim til bæjar [001?]. Lá hún upp með vesturvegg Gamlahlíðs [ekki er ljóst hvort hér sé vísað í Efra-Hlið 001, að gatan hafi legið upp úr fjörunni við bæinn. Eða hvort vísað er til Gamla-Hliðs 065]," segir í örnefnaskrá.

Milli bæjarstæðis Efra-Hliðs 001 og Hliðsvara 045, 047, 052 og 032 er grasi gróið og sinuvafið, svæði. Það sama á við um svæðið að þeim slóðum sem Gamla-Hlið 065 stóð áður.

Öll merki um Sjógötuna eru nú horfin og kemur þar sjálfsagt bæði til að sjór hefur brotið mikið land af norðurströnd Hliðstanga og sömuleiðis gætu jarðbætur á 20. öld hafa skemmt götuna. Gatan fær hnit með Hliðsvör nr. 032.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Álftanes, 164

GK-193:052 heimild um lendingu 64°05.769N 22°02.500V

Í örnefnaskrá segir: „Hliðsvarir: Norðan undir Hliðsbæina undir miðjum Gamlahlíðsbakka. Þar var gott rúm fyrir mörg skip og stór...Nýja Hliðsvör [047]: Svo var annar hluti vararinnar kallaður.“ 80-100 m norðaustan við Neðra Hlið 006 liggja tvær varir saman sem merktar eru inn á túnakort frá 1917. Sú eystri hefur fengið númerið 047 en hér er sú vestari skráð. Varirnar eru u.þ.b. 100 m norðvestur af Efra Hliði 001.

Varirnar eru ruddar, en sú vestri mun henni en hin eystri 047.

Varirnar eru afmarkaðar af klettum beggja vegna, auk þess sem smátangi skiptir þeim í eystri og vestri hluta. Í fjörunni er finn sandur.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Álftanes, 164

GK-193:053 *Fjósbrunnur* brunnur vatnsból 64°05.703N 22°02.474V
„Fjósbrunnur: Hann var í túninu austan við Fjósið. Vatnið var með megnu brennisteinsbragði. Fjósið [054]: Það stóð í túninu sunnan bæjanna, sér byggingin alveg," segir í örnefnaskrá. Ummerki um Fjósið 054, Fjósbrunn og Fjósögötur eru horfin og ekki vitað hvar þau voru.
Sunnan Efra-Hliðs 001 og Neðra Hliðs 006 er landið sinuvafið og gamla túnið orðið þýft. Landi hallar mót suðri.
Hnit var tekið miðja vegu sunnan bæjarstæða Efra-Hliðs 001 og Neðra-Hliðs 006. Fjós 054 og Fjósögötur 055 fá sama hnit.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Álftanes, 164

GK-193:054 *Fjósið* heimild um fjós 64°05.703N 22°02.474V
„Fjósið: Það stóð í túninu sunnan bæjanna, sér bygging alveg," segir í örnefnaskrá. Ummerki um Fjósbrunn 053, Fjósið og Fjósögötur 055 eru horfin í túnið og ekki vitað nákvæmlega hvar þau voru.
Sunnan Efra-Hliðs 001 og Neðra Hliðs 006 er landið sinuvafið og gamla túnið orðið þýft. Landi hallar mót suðri.
Hnit var tekið miðja vegu sunnan bæjarstæða Efra-Hliðs 001 og Neðra-Hliðs 006. Fjósbrunnur 053 og Fjósögötur 055 fá sama hnit.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Álftanes, 164

GK-193:055 *Fjósögötur* heimild um leið 64°05.703N 22°02.474V
„Götur lá[g]u frá fjósinu [054] heim til bæjanna [001 og líklega 006 líka því talað er um bæina í ft.], sem kыр höguðu," segir í örnefnaskrá. Ummerki um Fjósið 054 og Fjósbrunninn 053 eru horfin í túnið og ekki nákvæmlega vitað hvar Fjósið 054 stóð. Ummerki um Fjósbrunn 053, Fjósið 054 og Fjósögötur eru horfin og ekki vitað nákvæmlega þau vöru.
Sunnan Efra-Hliðs 001 og Neðra Hliðs 006 er landið sinuvafið og gamla túnið orðið þýft. Landi hallar mót suðri.
Hnit var tekið miðja vegu sunnan bæjarstæða Efra-Hliðs 001 og Neðra-Hliðs 006. Fjósbrunnur 053 og Fjós 055 fá sama hnit.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Álftanes, 164

GK-193:056 gerði óþekkt



Gerðið 056. Skjónasteinn 061 er u.þ.b. fyrir miðju gerði. Horft til norðausturs.

64°05.721N 22°02.572V
30 m SSA Neðra Hliðs 006 er mikið garðlag, grjóthlaðið gerði. Á túnakorti frá 1917 er grjóthlaðinn kálgarður u.þ.b. 10 m suðvestan við Neðra-Hlið 006. Gerði þetta er að líkindum að hluta til byggt úr kálgarðinum.
Aflíðandi brekka er sunnan Neðra Hliðs 006. Brekkan hallar mót suðri, sinuvafin og þýfð.
Gerðið er 60 x 20 m stórt og hlaðið úr ávölu sjávargrjóti. Það er farin að renna í sundur, en er mest 0,5 m hátt. Vesturskammhlið og suðurlanghlið eru beinar, en norðurveggur er sveigður. Gerðið er opið til austurs. Við austurenda suðurlangveggjar eru tvö samsíða garðlög úr torfi. Hið nyrðra er 12 m langt og á því vestarlega er op. Syðra garðlagið er 7 m langt. 6 m eru á milli garðlaganna tveggja. Þau eru u.þ.b. 0,4 m há og 0,5 m breið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

GK-193:057 *Hliðskotsvör* heimild um útihús 64°05.721N 22°02.648V
"Hliðskotsvör: Hún mun hafa verið nokkuð stór, eða fyrir tvö skip og báta," segir í örnefnaskrá. Hliðskot 040 var vestast á Hliðstanga. Þar hefur mikið land brotnað og er kotið að öllum líkindum löngu horfið. Ekki er lengur vitað hvar Hliðskotsvör var en reikna má með hún hafi verið nálægt kotinu, vestarlega á Hliðstanga.
Vörin fær hnit með Hliðskoti 040 og útihúsi 003. Hnitið var tekið vestast á Hliðstanga.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Álftanes, 164

GK-193:058 *Þvottatjörn* heimild um þvottastað

64°05.707N 22°02.384V

"Tjörninn: Þetta var lítil tjörn neðan við túnið. Þvottatjörn: Í Tjörninni var þveginn þvottur, því kom nafnið," segir í örnefnaskrá. Þvottatjörn er 100 m sunnan við Efra Hlið 001.

Tjörninn er alveg við fjörुकambinn, lítið eidi skilur í milli sjávar og tjarnar. Grasi gróið en blautt er í kringum tjörnina en norðan hennar er brekka upp að bæjarstæði Efra-Hliðs 001.

Nokkrir steinar eru við norðurenda tjarnarinnar e.t.v. hefur þvotturinn verið klappaður á þeim.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Álftanes, 164



*Þvottatjörn nær og Melshöfði fjær.
Horft til suðvesturs.*

GK-193:059 tóft óþekkt

64°05.715N 22°02.577V

Vestan við garðlag 056 er mannvirki. Það er 30 m suður frá Neðra Hliði 006.

Tóftin er ógreinileg þar sem á henni og umhverfis er þýft og sinuvasið gras.

Mannvirkið samanstendur af ferhyrindri hleðslu, 3 x 2 m stórra og 0,2 m hárra, sem er farin að renna í sundur. Hún er í miðju lítilla niðurgrofnu (0,2 m) ferhyrningslaga hólfu. Hólfu er 7 x 4 m stórt og snýr suðvestur-norðaustur. Engir veggir sjást um það. Helst minnir mannvirkið á brunn eða brunnhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Álftanes, 165

GK-193:060 *Hliðsbrunnsgata* heimild um leið

65°05.733N 22°02.568V

"Hliðbrunnsgata: Hún á frá Brunninum [007], upp með Neðra-Hliðsgarði og heim til bæjanna," segir í örnefnaskrá. Fleirtalan bendir til að Hliðbrunnsgata hafi bæði legið heim að Neðra-Hliði 006 og Efra-Hliði 001.

Neðra-Hlið 006 stendur talsvert lægra en Efra-Hlið 001 og er því heitið Neðra-Hlið réttnefni. Grasi gróið og þýft er á báðum bæjarstæðunum, sinuvasið og túnið komið í órákt. Landið sunnan bæjarstæðanna hallar til suðurs.

Í örnefnaskrá segir: "Hjallavöllur: Svo hét teigur í túninu sem þar sem Neðra Hlið stóð...Hliðsbrunnur [007]: Hann var stór og hlaðinn upp í Hjallavelli. Voru þar tröppur niður að ganga í Brunninn. Reft mun hafa verið yfir hann í eina tíð." Búið er að afmá ummerki um brunninn, hann hefur líklega verið byrgður og er horfinn í óráktina. Sama er að segja um Hliðsbrunnstötu sem lá frá brunni að bæjunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Álftanes, 164

GK-193:061 *Skjónasteinn* áletrun

64°05.713N 22°02.563V

"Skjónaleiði: Lítil þúfa í Hjallavelli þar var 1807 heygður hestur Jörundar bónda Ólafssonar á Hliði er Skjóni hét. Skjónasteinn: Á þúfu þessari eða leiði liggur steinn. Á hann er klöppuð vísa þessi. Ofan við vísuna er ártalið 1807. Heygan Skjóna hér ég tel/þessi Jörsa þjenti vel/Hestinn bezt að liði./Þegar hann bjó á Hliði," segir í örnefnaskrá. Ennfremur segir: "Hjallavöllur: Svo hét teigur í túninu þar sem Neðra -Hlið [006] stóð." 10 m vestan við vesturgafi gerðis 056 er Skjónaleiði. Það er 160 m suðvestan við bæjarstæði Efra-Hliðs 001 og u.þ.b. 30 m frá bæjarstæði Neðra-Hliðs 006.

Hjallavöllur er í aflíðandi brekka mót suðri, sinuvasin og þýft.

Skjónaleiði er þúfa, 1 x 1,5 m stór og snýr vestur - austur. Það er 0,3 m hátt og á því miðju er flatur steinn með áletrun. Það sem sést af steininum er 40 x 30 sm. Steinninn er meira en hálfur á kafi í sinu en og sokkinn í þúfunu.

Á þeim hluta sem er ofar moldu má sjá nokkra stafir en ekki vísuna góðu né samhengi í texta, til þess þyrfti að moka ofan af honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Álftanes, 165



Skjónasteinn

GK-193:062 *Sandhús* bæjarstæði býli

64°05.625N 22°02.555V

Í örnefnaskrá segir: „Sandhús: Svo hét eitt býlið á Hliði, suð-vestur frá Hliðsbæjum. Það stóð þar sem Melshöfði byrjaði."

Sjávarágangur hefur brotið mikið af Melshöfða og það sama á við um suðurströnd Hliðstanga. Sandhús voru á

Þessum slóðum og eru horfin í sjóinn. Það var að líkindum nálægt Sandhúsavör 063. Sandhúsavör er sýnd á korti Erlends Björnssonar í bókinni Sjósókn, sem sýnir örnefni og bæjarskipan á Álftanesi um 1870, og fá Sandhús hnit með vörinni.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Álftanes, 165; Erlendur Björnsson. Sjósókn, 156

GK-193:063 *Sandhúsavör* heimild um lendingu 64°05.625N 22°02.555V

"Sandhúsavör: Hún lá innan Melshöfða. Var allgóð vör. Þar var lent þegar komið var úr kaupstaðarferðum úr Hafnarfirði.," segir í örnefnaskrá. Sandhúsavör er merkt inn á kort Erlends Björnssonar í Sjósókn, sem sýnir staðhætti á Álftanesi um 1870. Staðsetning vararinnar hér er mæld út frá korti Erlends, rúmlega. 200 m SSA við Neðra Hlið 006.

Melshöfði er brotinn af sjávarágangi. Hann kemur upp á fjöru en er rúinn öllum mannvirkjum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Álftanes, 166; Erlendur Björnsson. Sjósókn, 156

GK-193:064 *Pétursbúð* heimild um býli 64°05.732N 22°02.581V

Í Sjósókn Erlends Björnssonar segir um búendur og býli í Bessastaðahreppi á 8. áratug 19. aldar: "Hjá Neðra-Hliði var Pétursbúð, er var þurrabýli." EB. Ekki er vitað hvar Pétursbúð stóð.

Grasi gróid og þýft er á bæjarstæðinu 006, sem er sinuvaldið og komið í órækt. Bæjarstæðið er á vesturenda náttúrulegs hryggs, Granda. Fjörुकambur er aðeins um 40 m vestan og norðan bæjarstæðisins.

Ekki sést til fornleifar. Hún fær hnit með Neðra-Hliði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:EB: Erlendur Björnsson. Sjósókn, 33

GK-193:065 *Gamla Hlið* heimild um bæjarstæði 64°05.766N 22°02.288V

Gamla Hlið stóð u.þ.b. 100-120 m ANA við Efra Hlið 001, en bæjartóftirnar eru nú horfnar í sjó eða sléttaðar í túnið. Ekki sjást neinar leifar bæjarins á yfirborði.

Hliðstangi er grasi gróinn og þýfður. Bærinn stóð á Grandanum, náttúrulegum hrygg í landslaginu, sem liggur frá Hliði í vestri alla leið að Bessastöðum í austri. Á háhryggnum liggur malarvegur, þar sem Hliðstraðir lá áður. Mikið land hefur brotnað í sjó á þeim stað sem bærinn var á síðustu áratugum og öldum. Aflíðandi halli er að sjó sunnan til.

Á uppdrætti í bók Erlends Björnssonar, Sjósókn, þar sem hann sýnir byggð á Álftanesi í kringum 1870, sést að á



Horft yfir bæjarstæði Gamla Hliðs, 065 til austurs. Gamla Hliðsvör í baksýn.

Hliðstanga eru þrjú býli: Gamla Hlið, Efra Hlið 001 og Neðra Hlið 006. Í Sjósókn segir ennfremur: "Á Gamla Hliði voru fjögur þurrabúðarbyli, gerðu þeir bændurnir út í félagi tvö skip." EB. Gamla Hlið lagðist í eyði vegna landbrots og á túnakort frá 1917 hefur kortagerðarmaðurinn skrifað: "Gamla Hlið 2 býli var hér [þ.e. fast austan við Hliðstúngarð 043]. Nú tóttir einar og kg. [kálgarður?] í eyði...brotnar fast norðan við tættarnar." Gamla Hlið lagðist í eyði milli 1870 og 1917 og þá fluttist nafnið yfir á Efra Hlið. Í örnefnaskrá segir: "Efra Hlið: Svo var Gamlahlíð einnig kallað." Að líkindum hefur Gamla-Hlið einnig verið kallað Efra-

Hlið, en nafnið færst yfir á Efra-Hlið 001 þegar gamli bærinn féll í eyði. Sem dæmi um hversu mikið landbrotið er, segir í örnefnaskrá: "Gamla Hliðsbakki: Svo var bakkinn kallaður bak

við bæinn. 1900 var hann orðinn örmjór, svo rétt mátti ganga þar bak við bæ." Ójöfnur eru í sverðinum kringum veginn og austan við Hliðstúngarð 043, e.t.v. eru einhverjar leifar Gamla Hliðs þar undir sverði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1917; EB: Erlendur Björnsson. Sjósókn, 34, 156; Ö-Álftanes, 163, 164

GK-193:068 *Jónshúsavör* heimild um lendingu 64°05.642N 22°02.410V

"Jónshúsavör: Ekki verður sagt nú hvor megin Melshöfða vörin var," segir í örnefnaskrá. Jónshús 038 voru á Melshöfða, nú eru hvorki vitað um staðsetningu býlis né varar.

Melshöfði er brotinn af sjávarágangi. Hann kemur upp á fjöru en er rúinn öllum mannvirkjum.

„Melshöfðavarir: Þær voru margar, eða sín vörin frá Hverju tóthúsi," segir í örnefnaskrá. Öll Melshöfðamannvirki hafa sama hnit.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Álftanes, 166

GK-193:069 *Hálfðánarhúsvör* heimild um lendingu 64°05.755N 22°02.384V
Í örnefnaskrá segir: „Hálfðánarhúsvör: Ekkert er vitað um legu þessarar varar." Hálfðánarhús 034 voru á Hliðstanga en hvorki er vitað um staðsetningu býlis né varar.
Ekki er vitað hvar vörin var á Hliðstanga. Hún fær hnit með Efra-Hliði 001.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Álftanes, 166

GK-193:070 *Kastianshúsvör* heimild um lendingu 64°05.642N 22°02.410V
Í örnefnaskrá segir: „Kastianshúsvör: Ekkert er vitað um legu þessarar varar." Kastianshús 036 voru á Melshöfða, en nánari staðsetning um býli eða vör er ekki kunn.
Melshöfði er brotinn af sjávarágangi. Hann kemur upp á fjöru og en rúinn öllum mannvirkjum.
„Melshöfðavarir: Þær voru margar, eða sín vörin frá Hverju tómthúsi," segir í örnefnaskrá. Öll Melshöfðamannvirki hafa sama hnit.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Álftanes, 166

GK-193:071 *Jóns M vör* heimild um lendingu 64°05.642N 22°02.410V
Í örnefnaskrá segir: „Jóns M: Vör: Ekkert er vitað um legu þessarar varar." Hús Jóns Marteinssonar 037 voru á Melshöfða. Nánari staðsetning á húsi og vör er ekki þekkt.
Melshöfði er brotinn af sjávarágangi. Hann kemur upp á fjöru og en rúinn öllum mannvirkjum.
„Melshöfðavarir: Þær voru margar, eða sín vörin frá Hverju tómthúsi," segir í örnefnaskrá. Öll Melshöfðamannvirki hafa sama hnit.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Álftanes, 166

GK-193:072 *Jónshúsvör* heimild um lendingu 64°05.642N 22°02.410V
"Jónshúsvör: Vör þriðja Jónshússins á Melshöfða, ekkert vitað um," segir í örnefnaskrá. Jónshús 038 var á Melshöfða en hvorki er vitað um staðsetningu býlisins né vararinnar.
Melshöfði er brotinn af sjávarágangi. Hann kemur upp á fjöru og en rúinn öllum mannvirkjum.
„Melshöfðavarir: Þær voru margar, eða sín vörin frá Hverju tómthúsi," segir í örnefnaskrá. Öll Melshöfðamannvirki hafa sama hnit.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Álftanes, 166

GK-193:074 *Varasteinn* áletrun 64°05.769N 22°02.468V
„Markasteinn: Stór steinn svo kallaður, stóð á miðjum Hliðsgranda. Varasteinn: Norðar í fjörunni var þessi steinn: M.H.S stafir," segir í örnefnaskrá.
Sjór hefur brotið mikið af norðurströnd Hliðstanga líklegt að Varasteinn sé horfinn í sjó, engin merki fundust um hann við vettvangsathugun. Ekki er vitað hvar Markasteinn var á Grandanum. Varasteinn fær hnit með einni Hliðsvörinni, 047.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Álftanes, 164



Vörin nær er 052. Vör 047er fjær.
Horft til norðurs.

GK-195 Skógtjörn

1248: „Gaf Þórður til staðarins í Skálahlóti Skógtjörn á Álftanesi fyrir sál föður síns og móður." Sturl. Saga II. Þórðar saga kakala, 548. 1556: „... Knud Steinsson konunglig Maiestatis liensmann yfer Island giordi suodan skipti og byting vid herra Gijsla Jonson. „, ad þær iarder sem Skalholltz domkirkia atti a ... Altanesi ... Eyuindarstader. Suidholltt. Skogtiaurn og Brecka. skylldu þessar iarder falla til kongdómsins ..." DI. XIII, 139 Jarðadýrleiki óviss 1703. 16 2/3 hdr 1847. Konungseign. Árið 1847 er jarðadýrleiki 20 hdr og jörðin enn í konungseign.
Tún árið 1917: 2,9 teigar, að mestu sléttáð (nokkuð farið að þýfast aftur) ; garðar 2340 m2. 1703: „Engi

jarðarinnar brýtur sjórinn í Skógtjörn og ber þar uppá sand og marálm..." JÁM III, 202. Íbúðarhúabyggð er risin allt í kringum Skógtjarnarbæjarstæðið gamla utan þess að sléttað tún er austan þess. Land jarðarinnar er í aflíðandi halla mót suðri, niður að Skógtjörn sem er meðfram landareigninni að sunnanverðu.

GK-195:001 *Skógtjörn* bæjarhóll bústaður

Skógtjörn er merkt inná túnakort frá 1917, um 300 m suðvestan við Brekku 197:001

Heimildir:Túnakort 1917

GK-195:004 heimild um brunn

64°05.820N 22°01.368V

Inn á örnefnakort af Álftanesi er merktur brunnur nálæga miðja vegu milli Skógtjarnar [GK-195:001] og Hólakots [GK-195:021]. U.þ.b. 80 m VNV frá Hólakoti er steipt þró með járnloki. Að þrónni hefur verið ýtt jarðvegi.

Umhverfis þróna er slétt tún, þó farið að hlaupa í þúfur. Túnið er í aflíðandi halla mót suðri. Kringum þróna er mjög blautt.

Alls er þróin með jarðvegnum utanum hana 6 x 5 m stór og 1 m há. Brunnurinn er ekki merktur á túnakort frá 1917.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Örnefnakort af Álftanesi 1977

GK-195:011 *Skógtjarnartúngarður* garðlag túngarður

64°05.867N 22°01.172V

„Skógtjarnartúngarður: Túngarður þessi mun hafa legið um túnið á vestur, norður og austurkant, en nú stendur aðeins garðurinn á austurkantinn, en garðbrot víða annars staðar," segir í örnefnaskrá. Um 260 m austan við Skógtjörn GK-195:001 og 100 m SSA við Brekku GK-197:001 liggur garðlag frá grjótgardi GK-197:018 niður að Skógtjörn. Garðurinn er merktur inn á túnakort frá 1917.

Grónir lyngmóar eru austan garðlagsins en sléttuð tún vestan þess.

Garðurinn frá grjótgardi GK-197:018 og liggur til suðurs að sjóvarnargarði GK-197:030. Garðurinn er mikill um sig, en eingöngu grjóthlaðinn. Hann er um 200 m langur, 1,5 m breiður og 0,5 m hár. Op (um 2 m) er á garðinum um 90 m frá norðurenda. Vestan garðsins og í stefnu frá opinu voru hjáleigurnar Gíslakot GK-



Skógtjarnartúngarður, horft til suðurs. Garðlag frá Lásakoti 022 tengjast túngarðinum frá vinstri (austri) en sjóvarnargarður 041 frá hægri (vestri).

195:017 og Eysteinskot GK-195:020. Að líkindum hefur garðlagið verið Skógtjarnartúngarður. Syðst tengist það garðlögum frá Lásakoti GK-195:022 og sjóvarnargarði GK-197:030.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1917

GK-195:012 *Skógtjarnarbrunnngata* heimild

um leið 64°05.820N 22°01.368V

„Skógtjarnarbrunnngata: Hún lá frá Brunninum heim til bæjar. Brunnurinn hefur verið vel upp hlaðinn. Frá honum lágu götur heim á hverja hjáleigu, og að hverri þurrabúð," segir í

örnefnaskrá.

Umhverfis brunninn 004 er sléttað tún en óræktaður rimi að íbúðarhúabyggð vestar.

Ekki sést til Skógtjarnarbrunnngötu lengur. Hún er horfin í sléttað tún. Gatan hefur sama hnit og brunnurinn 004.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Álftanes, 167, 168.

GK-195:017 *Gíslakot* bæjarstæði býli

64°05.881N 22°01.218V

"Gíslakot: Var þurrabúð frá Skógtjörn S-A frá Skógtjörn. Gíslakotstún: Lítið gerði sem fylgdi þurrabúðinni," segir í örnefnaskrá. Inn á túnakort frá 1917 er merkt býlið Gíslakot um 160 m SSV við Brekku 001 og 200 m suðaustan við Skógtjörn GK-195. Ekki er víst að kotið hafi verið nákvæmlega staðsett á túnakortinu þar sem bæjarheitið er innan sviga og gæti það þýtt að kotið sé í eyði og orðið tóftir einar. Á uppdætti Erlends Björnssonar í bókinni, Sjósókn, er sýnd byggð á Álftanesi frá því um 1870. Þar er Gíslakot merkt inn alveg niðri við sjó (Skógtjörn) u.þ.b. 350 m SSV frá Brekku 001. Við skráninguna hér er farið eftir merkingum túnakortsins

frá 1917 og á þeim slóðum sem býlið var skv. því, er þúfnahlaup í túninu.

Í suðurtúni, neðan Brekku GK-197:001 og austan Skógtjarnar GK-195:001 er þurr rimi sem gengur í gegnum túnið austur-vestur. Neðan rimans er deiglendisfláki í túninu. Gíslakot hefur staðið á rímanum.

Nöfnunum Gíslakoti og Dómhildarkoti 018 hefur slegið saman í gegnum tíðina. Árið 1870 er Gíslakot og Dómhildarkot sitthvor bærinn. Inn á örnefnakort af Álftanesi frá árinu 1977 er Gíslakot nefnt Dómhildarkot í sviga. Árið 1917 er Dómhildarkot ekki merkt inn á túnakortið. Búið er að slétta bæjarstæði Gíslakots í túnið en þar sem býlið stóð skv. túnakortinu eru ójöfnur, þúfnahlaup og einstaka steinar standa upp úr sverði. Þar mætti búast við leifum býlisins undir sverði. Á uppdrætti Erlends Björnssonar í bókinni, Sjósókn, er sýnd byggð á Álftanesi frá því um 1870. Á uppdráttinn eru merkt inn fjögur kot í einum hnappi norðan Skógtjarnar. Vestast var Gíslakot, 100 m austur var Eysteinskot 010 og Hólakot 011 50 m austur frá Eysteinskoti. 50 m norðan Gíslakots og Eysteinskots var Dómhildarkot 040. Seint á 19. öld var grasnyt í Gíslakoti og ein kú. EB.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; Örnefnakort af Álftanesi 1977; EB: Erlendur Björnsson. Sjósókn, 34-35, 156; Ö-Álftanes, 168

GK-195:018 *Dómhildarkot* heimild um býli 64°05.883N 22°01.301V

„Dómhildarkot: Þurrabúð austur en Gíslakot [017] í Skógtjarnarlandi," segir í örnefnaskrá. Svo mikið hafa nöfnin á kotunum austur frá Skógtjörn færst til frá árinu 1870 til 1917, og þar til örnefnaskrá Álftaness er gerð eftir miðja 20. öld, að nákvæm staðsetning Dómhildarkots mun ekki finnast lengur. Á túnakorti frá 1917 er Dómhildarkot ekki merkt inn. Á uppdrætti í bók Erlends Björnssonar, Sjósókn, sem sýnir staðhætti á Álftanesi um 1870 er Dómhildarkot norðar í túni Skógtjarnar, en kotin Gíslakot 017, Eysteinskot 020 og Hólakot 021. Skv. túnakortinu er Dómhildarkot á þeim slóðum sem Eysteinskot 020 er.

Í suðurtúni, neðan Brekku GK-197:001 og austan Skógtjarnar GK-195:001 er þurr rimi sem gengur í gegnum túnið austur-vestur. Neðan rimans er deiglendisfláki í túninu.

Nöfnunum Gíslakoti 017 og Dómhildarkoti hefur slegið saman í gegnum tíðina. Árið 1870 er Gíslakot og Dómhildarkot sitthvor bærinn. Inn á örnefnakort af Álftanesi frá árinu 1977 er Gíslakot nefnt Dómhildarkot í sviga. Ekki sést til fornleifar og ekki vitað hvar Dómhildarkot var nákvæmlega.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Álftanes, 168; Erlendur Björnsson. Sjósókn, 156; Örnefnakort af Álftanesi 1977

GK-195:019 *Dómhildarkotsgerði* gerði 64°05.887N 22°01.305V

„Dómhildarkotsgerði. Svo var gerði umhverfis kotið kallað," segir í örnefnaskrá.

Í suðurtúni, neðan Brekku GK-197:001 og austan Skógtjarnar GK-195:001 er þurr rimi sem gengur í gegnum túnið austur-vestur. Neðan rimans er deiglendisfláki í túninu.

Ekki sést til fornleifar. Hefur sama hnit og Dómhildarkot 018.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Álftanes, 168.

GK-195:020 *Eysteinskot* heimild um býli 64°05.884N 22°01.261V

„Eysteinskot: Þurrabúð í Skógtjarnarlandi, austur frá Eysteinskoti. Hólakotstún: Túnskiki eða gerði við þessa þurrabúð," segir í örnefnaskrá. Inn á túnakort frá 1917 er merkt býlið Eysteinskot, um 160 m suðvestan við Brekku GK-197:001 og 150 m austan við Skógtjörn GK-195:001. Eysteinskot er skv. því 60 m norðvestan við Gíslakot GK-195:017. Ekki er víst að kotið hafi verið nákvæmlega staðsett á túnakortinu þar sem bæjarheitið er innan sviga og gæti það þýtt að kotið sé í eyði og orðið töftir einar.

Í suðurtúni, neðan Brekku er þurr rimi sem gengur í gegnum túnið austur-vestur. Neðan rimans er deiglendisfláki í túninu. Eysteinskot var á rímanum.

Ekki sést vottur af Eysteinskoti í túninu, það hefur verið rífið og rústirnar sléttaðar í túnið. Örlitlar ójöfnur eru á þeim stað sem kotið á að hafa verið á skv. túnakorti. rímanum og þar geta leynst leifar Eysteinskots. Í endurminningum Erlends Björnssonar, Sjósókn, kemur fram að Eysteinskot um 1870, hafi verið grasbýli, með eitt kýrfóður. Á uppdrætti í bók Erlends Björnssonar, Sjósókn, sem sýnir staðhætti á Álftanesi í kringum 1870 er Eysteinskot 350 m sunnan Brekku og 100 m austan við Gíslakot, af þessu má ráða að staðsetning býlanna hafi skolast til í gegnum tíðina..

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; Örnefnakort af Álftanesi 1977; Erlendur Björnsson. Sjósókn, 34-36; Ö-Álftanes, 168

GK-195:021 *Hólakot* þúst býli 64°05.815N 22°01.276V

„Hólakot: Þurrabúð í Skógtjarnarlandi, austur frá Eysteinskoti. Hólakotstún: Túnskiki eða gerði við þessa þurrabúð," segir í örnefnaskrá. Inn á túnakort frá 1917 er merkt býlið Hólakot 260-80 m SSV við Brekku GK-



Hóllinn sem Hólakot stóð á.. Horft til suðausturs.

197:001, 200 m suðaustan við Skógtjörn GK-195 en 100 m sunnan við Eysteinskot 020. Við skráninguna var farið eftir túnakortinu frá 1917. Stór hóll er syðst í túninu, á Skógtjarnarbökkum.

Hóllinn er þurr og harður en mýrardrög í túninu bæði vestan og austan hans. Aflíðandi brekka er niður af hólnum til allra átta en lengst nær brekkan til suðurs. Hóllinn er sunnan rimans sem Gíslakot GK-195:017 og Eysteinskot GK-197:020, og að líkindum Dómhildarkot 018, voru á.

Í endurminningum Erlends Björnssonar, Sjósókn, kemur fram að Í Hólakoti (um 1870), var þurrabúð. Hólakot hefur verið rífið og rústirnar sléttaðar í túnið. Ójöfnur sjást þó í hólnum og steinar standa upp úr sverði á nokkrum stöðum, líklega úr býlinu. Hóllinn er u.þ.b. 80 x 60 m stór og u.þ.b. 1 m hár.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; Erlendur Björnsson. Sjósókn, 34-36

GK-195:022 Lásakot tóftir + garðlög býli

64°05.803N 22°01.040V

„Lásakot: Þurrabúð austast í Skógtjarnarlandi. Þar var búið einna lengst af öllum Skógtjarnarþurrabúðum. 1920? Lásakotstún: Það var stærst tún við þurrabúðir Skógtjarnar," segir í örnefnaskrá. Inn á örnefnakort af Álftanesi er Lásakot merkt skammt norðan Skógtjarnar suðaustan við Hólakot 021 og Gíslakot 017. Tóftir Lásakots eru á norðurbakka Skógtjarnar, u.þ.b. 450 m suðaustan Brekku 001, og umhverfis tóftirnar eru miklir grjótgarðar.

Bæjarstæðið er í aflíðandi halla mót suðri. Tóftirnar standa fremst á hörðum, grasi grónum en smáþýfðum bökkum Skógtjarnar.

Í endurminningum Erlends Björnssonar, Sjósókn, kemur fram að Lásaskot (um 1870), var þurrabúð og oftast

tvíbýli. Annar þurrabúðarmaðurinn í Lásakoti lifði mikið af því að þurrka og flytja marhalm til Reykjavíkur og selja hann þar. Rústasvæðið er um 45 x 40 m stórt, markað af töluverðum garðlögum og eru tóftirnar í suðausturhorni þess. Bæjartóftin eru 4 hús sambyggð, samtals 17 x 13 m stór og snúa austur-vestur. Tóftirnar eru úr torfi og grjót, og sést grjót í veggjum bæði að innan- og utanverðu. Austasta húsið í tóftaröðinni er 2,5 x 1,5 m að innanmáli með op á norðurgafli. Vestar er svipað hólf sem er 2 x 2 m að innanmáli með op vestast á norðurvegg. Vestasta húsið er stærst, skiptist í 3 hólf, er samtals 6 x 2 m stórt og snýr norður-suður. Í nyrst hólfinu er afstúkað smáhólf, 2 x 1 m stórt og þaðan er op til austurs. Úr stærsta hólfinu er svo innangenget í fjórða hólfíð í tóftaröðinni sem er smáhólf til austurs, 2 x 2 m að innanmáli. Hæstu hleðslur eru u.þ.b. 1 m á hæð. U.þ.b. 10 m norðvestan við vestasta húsið í bæjarröðinni er tóftarbrot í túninu um 3 x 2 m stór og dæld og stallar þar upp af. Einnig er stallur í túninu bæði upp af miðjutóft bæjarráðarinnar og sömuleiðis




Horft yfir bæjarstæði Lásakots og yfir garðlögin vestan tóftanna. Traðir (Lásakotsbrunnagata 024) liggja milli garðlaganna. Horft til VSV.

austustu tóftinni. Ekki er ljóst hvaða hlutverki stallar þessir hafa gegnt. Stór einföld tóft er í túnhorni 25 m norðvestur frá tóftaröðinni á bakkanum. Sú er hlaðinn úr torfi og grjóti þó hún sé að mestu torfhlaðinn, 7 x 5 m stór, snýr norður-suður og op nyrst á vesturlanghlið. Suður frá tóftaröðinni eru aðeins 2 - 5 m suður að tjarnarbakka Skógtjarnar en austan, norðan og sunnan liggja garðlög umhverfis bæinn. Garðarnir eru eingöngu hlaðnir úr grjóti og skiptast í ýmsa smágarða. Í sumum má sjá öldukennt yfirborð og eru það líklega gamlir kálgarðar. Í og á tjarnarbakkanum má einnig sjá hleðslur víða. Op er á grjótgarðinum 2 m austan austustu tóftarinnar í bæjarröðinni og einnig er op austan við tóftina sem er stök norðvestast í túninu. Gata hefur legið til vesturs, norðan bæjarráðarinnar. Rústirnar í Lásakoti eru stæðilegar og hafa mikið varðveislugildi sem eini fulltrúi tuga smákota sem voru á Álftanesi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnakort af Álftanesi 1977; Erlendur Björnsson. Sjósókn, 34-36; Ö-Álftanes, 168



GK-195:023 *Lásakotstúngarður* garðlag túngarður 64°05.813N 22°00.905V
 „Lásakotstúngarður: Túngarður austan til við þurrabúðina. Lásakotstúngarðshlið: Hlið var á þessum túngarði og sér enn," segir í örnefnaskrá. Um 110 m austur frá Lásakoti GK-195:022 er mikill garður sem liggur frá fjöru (eða Skógtjarnarbakka) nánast upp að landamerkjagarði GK-197:018. Vegur GK-197:019 skilur í milli garðlaganna tveggja.

Lyngmóar eru beggja vegna garðsins.

Garðurinn er eingöngu grjóthlaðinn, 2 m breiður og u.þ.b. 160 m langur og liggur í norður - suður. Op er á garðinum um 30 metra frá suðurenda hans.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Álftanes, 169

GK-195:024 *Lásakotsbrunnngata* gata leið 64°05.820N 22°01.368V

„Gata þessi lá frá Skógtjarnarbrunni heim í bæ," segir í örnefnaskrá. Á herforingjaráðskorti frá 1902 (sjá AÓB, 167) er sýnd leið frá Lásakotsbæ 022 til vesturs að Skógtjörn 001, Árnakoti 025 og Melshúsum 005. Varla hafa margar götur legið þessa leið og verður að telja hana Lásakotsbrunnngötu, þó e.t.v. hafi hún kallast fleiri nöfnum. Enn sést hvar gatan hefur legið frá Lásakoti og vestur að Skógtjarnartúngarði 011 en vestan túngarðsins eru sléttuð tún og þar sést gatan ekki.

Grónir lyngmóar eru í kringum Lásakot en sléttuð tún vestar.

Umferð um götuna hefur grafið hana niður en hún liggur milli garðlaganna í Lásakoti. Gatan sjálf er mjó, 0,4 m breið og er allt að 0,3 m djúp. Að brunnum 004 hafa verið a.m.k. 200 m. En gatan sést nú u.þ.b. 80 m vestur frá Lásakoti 022, að túngarðinum 011. Ekki sést vottur í sléttuðu túninu vestan túngarðsins 011.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Álftanes, 169; AÓB. Anna Ólafsdóttir Björnsson. Álftaness saga, 167

GK-195:041 garðlag varnargarður

64°05.789N 22°01.375V

Með bökkum Skógtjarnar er grjótgarður. Hann nær allt frá Skógtjörn GK-195 austur að grjótgarði GK-195:011.

Sunnan garðsins eru bakkar Skógtjarnar, flatir og blautir (20 metra breiðir) en norðan þess eru sléttuð Suðurtúnin.

Garðurinn liggur frá Skógtjörn að Hólakoti GK-195:021. Hann hefur ekki verið hlaðinn upp vandlega á þessum parti og er fremur grjótruðningur en verkleg hleðsla. Suðaustar verður garðurinn verklegri, og greina má hleðslur með 3-4 umförum af grjóti. E.t.v. er grjótruðningurinn yngri en hleðslurnar í austurhluta garðsins. Garðurinn hefur að líkindum gegnt hlutverki túngarðs fremur en sjóvarnargarðs. Garðurinn er greinilegur á tæplega 200 m kafla og liggur í austur - vestur. Mesta hæð hans er 0,8 m. Breiðastur er garðurinn vestast þar sem hann er runninn í sundur, allt að 2 m breiður en austast er hann u.þ.b. 0,5 m.



Horft til vesturs eftir varnargarðinum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM III, 205; Túnakort 1917; Ö-Sviðholt, 3

GK-195:042 frásögn lending

64°05.792N 22°01.181V

Við Skógtjörn, u.þ.b. 320 m suður frá Brekku GK-197:001 eru, að því er virðist, tvær ruddar varir. Þær eru fast suðvestan við varnargarðsenda GK-195:041.

Sléttir marbakkar eru norðan við þessar meintu lendingu og upp að grjótgarði GK-195:041 en þar norðar eru sléttuð tún í aflíðandi halla mót suðri.

Ekki er talað um lendingu á þessum slóðum í örnefnaskrá. Brekkuvör GK-195:033, Melhúsavör GK-195:030 og Skógtjarnarvör GK-195:029 voru við "Helguvík, undir Grandanum að Hliðós." E.t.v. er þetta lending smákotanna sem voru í suðurtúninu, Lásakots 022, Eysteinskots 020, Hólakots 021, Gíslakots 017 eða Dómhildarkots 018, en áður fyrr var lagt upp frá Skógtjörn á bátum, skv. heimildamanni, Önnu Ólafsdóttur Björnsson. Á þessum stað er eini staðurinn í fjörunni milli Skógtjarnar GK-195:001 og Lásakots 022, sem virðist vænlegur sem lending. Varirnar virðast tvær, eins og áður segir, og skiptast í miðju af mjóum klettarana. Sandur er í fjörunni. Grjótgarður GK-195:011 liggur niður að þessari meintu lendingu, suður frá grjótgarði GK-197:018.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Álftanes, 170

Næsta síða: Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs, Brekkukots með Kirkjubrú, Brekkukoti, Hólakoti, Gíslakoti, Eysteinskoti, Núpskoti, Bjarnakoti og Moldarkoti, frá 1917.

GK-197 Brekka

1556: „... Knud Steinsson konunglig Maiestatís liensmann yfer Island giordi suoddan skiptti og byting við herra Gijsla Jonson. „, ad þær iarder sem Skalholltz domkirkia atti a ... Alttanesi ... Eyuindarstader. Suidholltt. Skogtiaurn og Brecka. skylldu þessar iarder falla til kongdómsins ..." DI. XIII, 139. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703, segir: "Selstöðu hefur jörðin brúkað þar sem heita Norðurhellrar." Þá er jarðardýrleiki er óviss og jörðin í konungseign. JÁM III, 203. Árið 1847 er jarðardýrleiki Brekku skráður 16 2/3 hndr. JJ, 93.

Túnakort 1917: Samtals 12,2 teigar með hjálendum, að mestu sléttað (nokkuð farið að þýfast aftur, helst á Brekku); garðar 7760 m². Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1842, segir: "...dæmi eru og til, að jarðeigendur hafa selt jarðir sínar svona í smápörtum, og þannig var t.a.m. jörðin Brekka í Álptanesi, 16 hndr. að dýrleika, seld fyrir fáum árum í 7 pörtum, fyrir hverja virðist vanta lagaheimild."(52). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703, segir: „Túnunum spillir sjáfaragangur og átroðningur af almenningsvegi." JÁM III, 204. Tún Brekku eru beggja megin Grandans og kallast Suður-og Norðurtún eftir því hvoru megin þau liggja. Suðurtún eru enn óbyggð en íbúðarhúsabyggð er risin annarsstaðar í kringum Brekkubæ.

GK-197:001 Brekka bæjarhóll bústaður 6405977N 2201230V

Gamli bærinn, sem merktur var inn á túnakort frá 1917, stóð þar sem vesturhluti íbúðarhússins á Brekku er nú. Brekka er á náttúrulegum hrygg í landslaginu. Þar sem gamli bæinn var er nú steinsteypt íbúðarhús með kjallara en vestan við það er hæð í sléttu túninu.

Hæðin vestan við íbúðarhúsið er 15 X 16 m en fjarar út til norðurs. Hún er 0,3-0,4 m á hæð. Hugsanlegt að þarna sé um að ræða útflattar leifar bæjarhúsa þó mestur hluti þeirra sé nú undir íbúðarhúsinu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Brekka, 1

GK-197:002 heimild um útihús 6405978N 2201233V

Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús innan við 5 m vestsuðvestan við Brekku 001. Útihúsið hefur verið þar sem nú er hæð í túninu vestan við núverandi íbúðarhús á Brekku.

Lítill hæð í túninu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

GK-197:003 heimild um útihús 6405933N 2201214V

Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 80 m suðsuðvestan við Brekku 001. Útihúsið hefur verið syðst í túni, fast við tunganarðinn 018 en 15 m austan við merki milli Brekku og Brekkukots.

Neðarlega í sléttuðu túni.

Engin ummerki sjást nú um útihúsið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

GK-197:004 tóft útihús 64°05.927N 22°00.861V



Horft heim að Kirkjubrú til suðvesturs. Hleðsla 009 er hægra megin við grenitréð. Vegur 034 lá eftir Granda, hægra megin við íbúðarhúsið. Gamla bæjarstæðið 007 er í hvarfi aftan við steinsteypta íbúðarhúsið.

Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús 300 m suðaustan við Brekku 001. Tóft hússins sést enn.

Sléttuð, þurr tún eru umhverfis tóftina. Garðlag 018 liggur fast suðaustan við tóftina.

Tóftin er einföld, 3 x 4 m stór og snýr suðaustur-norðvestur. Veggir eru signir og ekkert grjót er sjáanlegt í þeim. Op er á tóftinni til norðvesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-197:007 Kirkjubrú bæjarstæði býli

64°06.017N 22°00.980V

Inn á túnakort frá 1917 er merkt býlið Kirkjubrú u.þ.b. 220 m austan við Brekku 001. Á Kirkjubrú er nú gamalt steinhús, tvílyft með kjallara, skv. túnakortinu stóð gamli Kirkjubrúarbærinn u.þ.b. 20 m vestan núverandi íbúðarhúss.

Kirkjubrú stendur á náttúrulegum hrygg, Granda, sem liggur frá Hliði í vestri að Skerjafirði í austri. Bessastaðir

og allir Brekkubæirnir (Brekka, Brekkukot og Kirkjubrú) eru á hrygginn og kallast bæjartúnin norður og suðurtún, eftir því hvoru megin hryggjar þau eru.

Hóll er vestan við steinsteypta íbúðarhúsið sem nú stendur. Hann er mjög raskaður, húsum hefur verið ýtt niður brekkuna mót suðri. Útihús stóðu á hólnum í seinni tíð að sögn Friðriks Jóhannssonar ábúanda í Sviðholti en gamli bærinn stóð þar áður, skv. túnakorti. Miklar ójöfnur eru í hólnum og spýtna og steypubrak neðst í honum að sunnanverðu. Hóllinn er 25 x 25 m stór en um 0,5 m á hæð. Sunnan bæjar var kálgarður skv. túnakorti en ekki sjást nein merki hans nú. Allt bæjarstæðið er mjög raskað af sléttun, niðurrifi og nýrri byggingum. Á Kirkjubrú eru nú, auk steinhússins, útihússkúrar, sem ekki niðurgrafnir. Kirkjubrú hefur verið í eyði í nokkur ár.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Brekka, 3

GK-197:008 *Núpskot* bæjarstæði býli 64°05.967N 22°00.948V

Inn á túnakort frá 1917 er merkt býlið Núpskot 170 m ASA við Brekku 001. "Núpskot var á miðju Suðurtúni Kirkjubrúar (Ath.: en talað var um Norðurtún og Suðurtún sitt hvoru megin í áðurnefndum hæðarhrygg [þ.e. Grandi] - bæði frá Brekku og Kirkjubrú). Á rústum þess var kálgarður fram til 1940." segir í örnefnaskrá. Þar sem Núpskot var, er ávalur hóll í túninu.

Hóllinn er í sléttuðu túni. Landi hallar mót suðri og austri. Vegna þess hversu ávalur hóllinn er, eru mörk hans óskýr.

Ekki sést til fornleifa á yfirborði. Rústirnar hafa verið sléttaðar í túnið en búast má við að hleðslur leynist undir sverði. Hóllinn er u.þ.b. 30 x 30 m stór og 0,3-0,4 m hár.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Brekka, 4

GK-197:009 hleðsla óþekkt 64°06.014N 22°00.937V

Sunnan heimreiðar að Kirkjubrú 007 er hleðsla. Hún er u.þ.b. 20 m suðaustan við bæjarstæði gamla bæjarins 007, og 20 m sunnan núverandi íbúðarhúss á Kirkjubrú.

Norðan hleðslunnar er malarborið hlað Kirkjubrúar og liggur mölin yfir hleðslunni að hluta. Neðan hleðslunnar (sunnan) er órækt, gras og njóli og moldarflag. Trjám hefur verið plantað í flagið.

Hleðslan er 16 m löng og 0,4 m há og snýr suðvestur - norðaustur. Í henni sjást mest 4 umfór af grjóti, en breidd sést ekki þar sem hún myndar einskonar kant neðan Kirkjubrúarhlaðs. Hlutverk hleðslunnar er óþekkt. en kálgarðar voru sunnan bæjar skv. túnakorti frá 1917 og e.t.v. eru þetta leifar gerða utanum þá.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-197:010 heimild um ristu 64°06.028N 22°00.799V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703, segir um Brekkuland: "Torfrista og stúnga fer mjög til þurrðar."

Kumlamýri er nú sléttuð tún, skorið af skurðum.

Ekki er vitað hvar mór var tekinn í Brekkulandi, e.t.v. í Kumlamýri 020.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM III, 195

GK-197:011 gerði óþekkt 64°05.868N 22°00.970V

Um 270 m SSA Brekku 001 og 280 m SSV af Kirkjubrú 007 er gerði á holti. Gerðið er um 50 m vestur frá Lásakotstúngarði GK-195:023.

Gerðið er í grónum lyngmóa en sléttuð tún eru vestan hans, nú hlaupin í þúfur.

Gerðið er 30 x 12 m stórt og snýr í norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru signir, 0,3 m á háir og allt að 2 m breiðir. Gerðið er bæði hlaðið úr torfi og grjóti. Inni í því eru miklar ójöfnur. Hæst er ber þúfnasvæði syðst í garðinum en niður af því er smástallur til norðvesturs. Gerðinu hallar örlítið mót suðri, e.t.v. kálgarður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda




Bæjarstæði Halakots. Horft til norðvesturs. Bæjarstæði Hjallakots 199:003 er hægra megin við golfskálann bláa. Halakotstjörn er neðan við gerðið.

GK-197:013 *Halakot* bæjarstæði býli

64°05.894N 22°01.730V

Halakot er merkt inn á túnakort frá 1917 um 420 m vestan við Brekku 001. Halakot er u.þ.b. 20 austan við Halakotstjörn,

norðan Höfðabrautar.



Bæjarstæðið er á rennisléttum golfvelli í aflíðandi halla mót vestri, að Halakotstjörn.

Í endurminningum Erlends Björnssonar, Sjósókn, kemur fram að Halakot hafi verið grasbýli og þar venjulega hafðar 3 kýr. Búið er að rífa bæinn og öll ummerki um hann horfin, en gerði um kálgarð sem var við norðan við bæ sést enn. Gerðið er 32 x 21 m stór og hæð hleðslna er 0,6 m og eru þær úr torfi og grjóti. Op eru á gerðinu á tveimur stöðum, bæði á suðvesturlangvegg, 2 m langt op er norðvestarlega en 5 m suðaustarlega. Rof er á suðausturskammhlið gerðisins, þar hefur veggurinn orðið fyrir skemmdum en enn sést móta fyrir honum. Innan garðsins er rennislétt en þó er smábunga í miðjunni. Árið 1917 var vegur heim að bæ frá götunni GK-197:034, þar sem nú heitir Höfðabraut. Timburhús virðast hafa verið í bæjarröðinni vestanverðri en stakt torfhús austan við. Kálgarður var norðan og vestan bæjar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; Erlendur Björnsson. Sjósókn, 34

GK-197:014 *Sjávargata* heimild um leið

6405976N 2201237V

"Beint vestur af Brekku c.a. 10 m vestan við merkin er Smiðshús. Það stendur á svipuðum stað og býlið Brekkukot, stóð áður. Fyrir 1950 voru þarna tveir kálgarðar og umhverfis þá hlaðnir grjótgardar. Sjávargatan frá Brekku lá á milli þessara garða. Hún var fjölfarin gönguleið, því eftir henni var t.d. gengið til kirkju að Bessastöðum af bæjunum vestan við Brekku." segir í örnefnaskrá. Sjávargatan lá frá gamla bænum og til vesturs á hryggnum sem er í landslaginu á þessum slóðum. Gatan lá í túnunum til vesturs þangað sem nú er vegur að Hliði. Hún lá á sama stað og vegurinn liggur þar til komið var að Brekkuvör í Vestri-Skógtjörn.

Rennislett tún eru að mestu þar sem gatan var en þó lá hún að hluta þar sem nú liggur akvegur.

Gatan var notuð fram eftir öldinni. Er að hluta til á leið 034.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Brekka, 2

GK-197:017 *Brunnurinn* heimild um vatnsból

6406006N 2201291V

"Í Brekkulandi, fast fyrir austan merkin [líklega við Brekkukot], er Brunnurinn. Í hann var sótt vatn frá Brekku" segir í örnefnaskrá. Brunnurinn var um 80 m norðnorðvestan við bæ 001 en 2-3 m austan við túnjaðar og heimreið að Smiðshúsum. Hann var 30-40 m ofan við Suðurnesveg.

Fyllt hefur verið upp í brunnurinn og hann er ekki lengur greinilegur á yfirborði. Umhverfis eru sléttuð tún en gras er aðeins lægra í námunda við þar sem brunnurinn var.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-197:018 garðlag landamerki

64°05.930N 22°01.190V

"Grjótgardur liggur sunnan túnanna frá áðurnefndum Grásteini í stefnu rétt sunnan við Selskarð. Hann ræður merkjum á móti Skógtjörn. "Áður mun vegur hafa legið þar sem þessi garður er í stefnu á Selskarð. Hann hefur verið upphlaðinn og þúkkaður. Þetta var fyrsti vegur á Suðurnesið og var byggður nokkru fyrir aldamótin" segir í örnefnaskrá. Greinilegur, grjóthlaðinn túngarður sést 80-100 m sunnan við íbúðarhúsið á Brekku. Garðurinn liggur austur-vestur með nokkrum litlum beygjum.

Garðurinn liggur í túnjaðri í Brekkulandi en er ennþá greinilegur vestar í íbúðahúsabyggð.

Túngarðurinn er hlaðinn úr stórum grjóthnullungum. Hann er allt að 3 m á breidd og mest um 0,8 m á hæð. Hann er þó nokkuð mishár. Hann afmarkar tún Brekku til suðurs og liggur í suðvesturhorni þess svæðis sem nú er tekið til aðalskipulags (þ.e.a.s. árið 2002) á um 100 m kafla.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Brekka, 3

GK-197:019 *Sýsluvegur* vegur leið

64°05.916N 22°01.025V

„Sýsluvegur: Lagður laust fyrir aldamótin 1900 austan frá Selskarði vestur milli Skógtjarnar og Brekku," segir í örnefnaskrá Álfanes. "Áður fyrir mun vegur hafa legið þar sem þessi garður [018] er í stefnu á Selskarð. Hann hefur verið upphlaðinn og þúkkaður. Þetta var fyrsti vegur um Suðurnesið og var byggður nokkur fyrir aldamót," segir í örnefnaskrá. Upphlaðinn, beinn vegur liggur meðfram grjótgardinum vestast. Stefnan er fremur á nýrra bæjarstæði Selskarðs en hið eldra.

Tún er ofan vegarins vestar en framræstar mýrar og þýfi austar.

Vegurinn er orðinn talsvert úr lagi genginn enda byggður á mjög blautu undirlagi. Hlaðið hefur verið undir vegginn með grjóti. Hleðslur eru 0,2-0,4 m háar að sunnan en lægri að norðan því örlítill halli er á landinu. Vegurinn er a.m.k. 400 m langur og víðast um 2 m breiður. Hann liggur í suðaustur-norðvestur. Á honum hafa verið gerðar vegabætur á nokkrum stöðum, t.d. ræsi í gegnum veginn hlaðið svo vatnið safnaðist ekki saman ofan hans. Fyrst hefur verið stungið fyrir ræsinu, það lagt hellum sem eru reistar á rönd og að lokum hellur lagðar yfir.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Brekka, 3; Ö-Álftanes, 168



Vegbætur á Sýsluvegi. Horft til norðvesturs.

GK-197:020 *Kumlamýri* örnefni legstaður

64°06.028N 22°00.799V

"Austan Kirkjubrúartúns heitir Kumlamýri. Hún nær að Lambhúsatjörn. Nær því austast í henni liggur nú þjóðvegurinn út á Álftanes," segir í örnefnaskrá. Kumlamýri er framræst og sléttuð. Sléttuð tún, skorið af skurðum.

Ekki sjást fornleifar í Kumlamýri. Líklega vísar örnefnið frekar til heystæða eða heykumla, sem hafa verið í mýrinni þegar hún var slegin, fremur en til legstaða.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Brekka, 3; JÁM III, 203

GK-197:021 heimild um leið

64°06.111N 22°00.639V

"Á hryggnum norðan við Kumlamýri [020] er stórgrýtt mel- og móholt, sem nefnt er Grandi. Austast á honum eru krossgötur." segir í örnefnaskrá. Að öllum líkindum hafa alla tíð verið krossgötur austast á Grandanum, og svo er enn í dag.

Göturnar eru malbikaðar og umhverfið raskað.

Austast á Grandanum liggja vegir til allra átta, Suðurnesvegur til vesturs, Norðurnesvegur til norðurs og suðurs, og Bessastaðavegur til austurs. Á herforingjaráðskorti nr. 8, frá árinu 1902 og birt er í Álftaness sögu eru sýndar helstu leiðir á Nesinu. Þar sjást krossgöturnar á Grandanum, vegur til Eyvindarstaða liggur til norðurs, vegur 034 eftir Grandanum til suðvesturs og út að Bessastöðum, til norðausturs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Brekka, 3; Anna Ólafsdóttir. Álftaness saga, 167

GK-197:022 *Grásteinn* heimild um landamerki

64°06.114N 22°00.692V

"Á Grandanum, fast norðan við veginn, sem liggur út á Suðurnes, er stór steinn, sem nefndur er Grásteinn," segir í örnefnaskrá Brekku. Suðurmerki Sviðholts lágu úr Grásteini "...í Króksgarð [GK-199:046] miðjan og þaðan í markastein fast norðan við sjávargötu frá Króki," segir í örnefnaskrá Sviðholts. Grásteinn er 290 m norðaustan við Brekku 001 og 700 m ANA við Sviðholt GK-199:001.

Grásteinn er u.þ.b. 10 m norðan Suðurnesvegar á náttúrulegum hrygg í umhverfinu sem kallast Grandi.

"Í honum [Grásteini] býr huldufólk. Eitt sinn var reynt að kljúfa Grástein og sjást enn þá fleygaförin í honum. Þegar menn voru byrjaðir að kljúfa steininn sýndist þeim húsin á Eyvindarstöðum standa í ljósum loga og fóru að athuga. Reyndist þá ekki vera kviknað í. Önnur tilraun var gerð til að kljúfa Grástein og fór allt á sömu leið. Hefur það ekki verið reynt síðan." segir í örnefnaskrá Brekku. Fleygförin afdrifaríku eru vel greinileg í Grásteini. Steinninn er u.þ.b. 2 x 2 m að grunnmáli og 1 - 1,5 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Brekka, 3; Ö-Sviðholt, 2

GK-197:023 vegur leið

64°05.912N 22°00.619V

"Eftir Melnum norðanverðum lá troðningur í stefnu frá Núpskoti [008] að Selskarði. Hann var nokkuð hlykkjóttur. Líklega hefur hann legið á veginn frá Selskarði að Skógtjörn (þ.e. sýsluvegin, sem G. S. kallar svo.[þ.e. 019])." segir í örnefnalýsingu. Þessi vegur liggur norðar en Sýsluvegur 019.

Deiglent er á Melnum, kringum veginn.

Austast er vegurinn greinanlegur u.þ.b. 500 m suðvestan Brekku 001 og u.þ.b. 150 m norðvestan við Selskarð (gamla bæinn) en vestast er hann greinilegur við grjóttgarð 018. Vegurinn liggur í hlykkjum norðvestur -

suðaustur og stefnir á gamla Selskarð í suðaustri en ekki sést vegurinn lengra en að grjótgarðinum fyrrnefnda nr. 018. Vegurinn er hlaðinn upp á köflum og sést hleðslan aðallega í suðurkanti hans. Vegurinn er víða úr lagi genginn vegna frosts og bleytu, en breiðastur er hann allt að 5 metrar. Lengd er a.m.k. 400 metrar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Brekka, 3

GK-197:024 heimild um brunn

64°05.992N 22°00.959V

"Gamall brunnur var niður undir jaðri Suðurtúns á Kirkjubrú 007 og Kumlamýri [020] c.a. 50 m suður af íbúðarhúsinu [líklega steinhúsinu sem enn stendur á Kirkjubrú], nú löngu horfinn." segir í örnefnaskrá. Á þeim stað sem að framan er list er sléttað tún í aflíðandi halla mót suðri.

Fyllt hefur verið í brunninn sem er horfinn í sléttað tún, sem farið eru að hlaupa í þúfur. Ávalur hóll er vestan við brunnstæðið og aflíðandi brekka til austurs að órækt í túnjaðri. Frá bæjarhólnum er aflíðandi halli til suðurs, niður að brunnstæðinu gamla.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Brekka, 3

GK-197:025 heimild um brunn

64°06.034N 22°00.972V

"Gamall brunnur [024] var niður undir jaðri Suðurtúns á Kirkjubrú og Kumlamýri [020] c.a. 50 m suður af íbúðarhúsinu [líklega steinhúsinu sem enn stendur á Kirkjubrú], nú löngu horfinn. U.þ.b. 15 m norðan við húsið á Kirkjubrú er annar brunnur yngri og var hann notaður þar til vatnsveitan kom á Álftanes 1971." segir í örnefnaskrá. Norðan við steinsteypa íbúðarhúsið er malarvegur og brekka norðanundir.

Bæjarstæði Kirkjubrúar er mikið raskað af niðurrifi bygginga og sléttun. Í örnefnaskránni er að líkindum miðað við steinsteypa húsið á Kirkjubrú. Norðan þess er hestagirðing sem er hlaupin í þúfur.

Ekki sést til brunnsins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Brekka, 3

GK-197:026 *Brekkuhóll* heimild um öskuhaug

64°05.990N 22°01.198V

"Brekkuhóll var fast austan við húsið [núverandi íbúðarhús]. Hann mun hafa verið hæstur þar sem hlaðan er nú." "Brekkuhóll mun hafa verið forn öskuhaugur. Upp úr honum kom mikið af fiskibeinum, ösku og múrsteinsbrotum, þegar grafið var fyrir hlöðunni, einnig mikið af skeljum, en þær munu hafa verið bornar heim og skorið úr þeim heima á bæjunum hér áður. Viti var áður á þessum hól. Hann mun hafa verið lagður niður 1906." segir í örnefnaskrá. Brekkuhóllinn var austan við núverandi íbúðarhús á Brekku og var hann hæstur þar sem hlaða stendur nú.

Sléttað hefur verið úr hólnum að hluta og á honum byggð útihús.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Brekka; 1, 4

GK-197:027 bæjarstæði býli

64°05.977N 22°01.230V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703, segir: "Tómthús [eru] heima við bæinn." Í Sýslu-og sóknalýsingum er sagt að við Brekku séu tvö tómthús. Ekki sést til býlanna nú og enginn veit hvar við bæinn þau stóðu.

Tómthús 027 og 028 fá hnit með Brekkubæ 001.

Heimildir:JÁM III, 203-206; Sýslu-og sóknalýsingar, 229

GK-197:028

64°05.977N 22°01.230V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703, segir: "Tómthús [eru] heima við bæinn." Í Sýslu-og sóknalýsingum er sagt að við Brekku séu tvö tómthús. Ekki sést til býlanna nú og enginn veit hvar við bæinn þau stóðu.

Tómthús 027 og 028 fá hnit með Brekkubæ 001.

GK-197:029 gerði kálgarður

65°05.935N 22°00.747V

Á túnakorti frá 1917 er merkt inn torfhlaðið gerði u.þ.b. 70 metra NNV frá Halakoti 013. Gerðið er fast sunnan við landamerkjagarð GK-199:043.

Neðan gerðisins er Halakotstjörn og er blautt upp af henni. Norðan þess er landamerkjagarðurinn og malarvegur niður að golfskála, en annars er sléttaður golfvöllur umhverfis.

Gerðið er 27 x 10 m stórt og eru hleðslurnar mjög signar, eða 0,3 m háar. Gerðið snýr austur-vestur og gegnir landamerkjagarðurinn fyrrnefndi hlutverki norðurlanghliðar. Á túnakorti er ritað inn í gerðið "órækt", svo á

þeim tíma hefur hann líklega þegar verið fallinn úr notkun.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

GK-197:030 garðlag vörslugarður

64°05.877N 22°01.048V

Þvert á garðlag GK-195:011, u.þ.b. 90 metra frá norðurenda þess, liggur 150 metra langur garður til austurs. Það nær ekki austur að Lásakotstúngarði GK-195:023.

Garðurinn liggur þar sem móholtið er hæst sunnan Brekku. Lásakot GK-195:022 er u.þ.b. 130 metrum neðar. Á holtinu er þurr og þokkalegt.

Garðurinn tengist garðlagi GK-195:011 þar sem opið er á því og e.t.v. hefur legið vegur meðfram garðinum. Hann er grjóthlaðinn en mun signari en Skógtjarnartúngarður GK-195:011 og Lásakotstúngarður GK-195:023. Garðurinn er u.þ.b. 150 metra langur og hefur að líkindum verið einhverskonar vörslugarður fyrir skepnum.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-197:031 tóft+garðlag óþekkt



Horft til suðausturs. Hestarnir standa á tóftinni. Vegur 023 liggur meðfram tóftinni

64°05.922N 22°00.765V



Við veg 023 sem liggur frá Núpskoti í gegnum Mela og hlykkjast í stefnu á Selskarð, er tóft og garðlag. Tóftin er 80 metra ASA frá útihústöft 004 sem er sýnd á túnakorti frá 1917.

Blautir lyngmóar í kring. Svæðið er notað undir hesta.

Þústin er norðan vegar. Hún er 8 x 4 metrar og u.þ.b. 0,4 metra há. Við hana að sunnan og vestan er hleðsla, í henni sjást 2 umför og er hún 0,3 metra há. Líklega er þetta í samhengi við veginn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-197:032 vatnsból brunnur

64°05.881N 22°01.777V

Á túnakorti frá 1917 er merktur inn brunnur 30 m vestur frá vesturhorni Halakots 013. Þar er þúst á austurbakka Halakotstjarnar.

Þústin er fast austan tjarnarinnar í deiglendi á mörkum tjarnar og túns. Ofan og austan þústarinnar er þurr og rennsléttur golfvöllur.

Þústin er um 2,5 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Steinar sjást í hliðum hennar. Þetta eru síðustu leifar Halakotsbrunnis, sem eru nú mjög raskaðar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-197:033 tóft óþekkt

64°06.038N 22°00.992V

Tóft er um 40 m NNA af Kirkjubrú 007, í norðurtúni.

Norðurtúnið er nú hrosshólf og allt hlaupið í þúfur.

Tóftin er 3 x 2 m stór, einföld og sést grjót í hleðslum norðurveggjar. Hún snýr austur-vestur og er austurgafli alveg opin. Hún er grafin inn í brekkuna að sunnan. Steinn er í henni miðri. Allt er svæðið mjög raskað. Tóftin er ekki merkt inn á túnakort frá 1917 og gæti hún vel verið yngra mannvirki.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-197:034 heimild um leið

64°06.021N 22°00.982V

Á túnakorti frá 1917 er merktur inn vegur eftir Granda. Vegurinn liggur austan að, og er fast norðan Kirkjubrúar 007 og fer sem leið liggur vestur að Brekku 001, Svalbarða GK-196 og alla leið vestur að Hliði GK-

193 og tengist þar Hliðsvegi GK-193:044. Þar sem vegurinn lá fyrrum er malarstígur í kringum Kirkjubrú en vestar, í kringum Brekku eru malbikaðar húsagötur og íbúðarhúsabyggð.

Nálægt Kirkjubrú er vel gróið næst stígunum, en umhverfið er mikið breytt í kringum Brekku og bæina vestar. Grandi er náttúrulegur hryggur sem milli Bessastaða í austri og Hliðs í vestri.

Að líkindum liggur stígurinn við Kirkjubrú á sama stað á Granda og hann hefur gert um aldir, enda hryggurinn mjór. Umhverfi hans er þó mikið raskað. Vegurinn lá skv. túnakorti frá Hliði GK-193 til austurs eftir Granda. Að honum tengdist heimreið norðan frá Halakoti 013 (440 m vestan við Brekku 001). Vegurinn lá í gegnum Svalbarðshlað GK-196 og þar tengdust veginum annarsvegar traðir frá Skógtjörn GK-195 og Árnakoti GK-194-004, og hinsvegar Sviðholtstraðir GK-199:013. Áfram lá leiðin gegnum Brekkuhlað 001, austur hrygginn, þ.e. Granda gegnum Kirkjubrúarhlað, áfram austur og líklega alla leið austur að Bessastöðum og þar með fær nafnið Kirkjubrú aukna merkingu. Á herforingjaráðskorti frá 1902 er leið þessi sýnd (sjá AÓB, 167). Ekkert sést lengur til gamla vegarins, malbikaðir og malarbornir vegir eru yfir honum nú. Leið 014 er á hluta leiðarinnar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; Anna Ólafsdóttir Björnsson. Álfanes saga, 167

GK-198 Haugshús

8,3 hdr. 1847, óviss 1703. Konungseign. Kölluð Haukshús 1703: "Hálflenda so kölluð, því það hefur ekki fyrirsvar nema til helmings á móts við lögbýlisjarðir; þykjast menn heyrt hafa að hálflenda þessi sje til forna byggð úr Sviðholtslandi." Tótmús var þá heima við bæinn - JÁM III, 205-206.

Túnakort ekki til.

GK-198:001 *Haugshús* þúst býli

64°05.956N 22°01.727V



Horft yfir bæjarstaði Haugshúsa. Brunnhúsið norðan við hólinn sem bærinn stóð á var reist um miðja 20. öld.

"Haugshús voru um 200 m norður og austur (upp) af Hjallakoti [GK-199:003]. Þau eru einnig komin í eyði fyrir löngu. Þar var löngum tvíbýli," segir í örnefnalýsingu. Haugshús voru á hól, um 100 m suður frá Þórukoti GK-199:002. Sunnan við hólinn er malarvegur niður að golfskála, sem er fast sunnan við bæjarstaði Hjallakots GK-199:033.

Milli Þórukots og Höfðabrautar er golfvöllur. Hann nær frá Suðurnesvegi og niður að sjó við Hjallakot. Haugshús stóðu hér um bil á miðjum vellinum.

"Haukshús, hálflenda so kölluð, því það hefur ekki fyrirsvar nema til helmings á móts við lögbýlisjarðir; þykjast menn heyrt hafa að hálflenda þessi sje til forna byggð úr Sviðholtslandi." segir í JÁM. Eins og fram kemur að framan er túnakort ekki til af jörðinni en hinsvegar hefur kortagerðamaðurinn merkt Haugshús í sviga, til að sýna afstöðu, inn á túnakort Brekku, Skógtjarnar og Halakots.

Ekki er víst að staðsetningin sé nákvæm en þar eru þau 360 m norðvestan við Brekku [GK197:001]. Gróa Guðbjörnsdóttir, sem er alin upp í Háakoti á Álfanesi, segir bæinn hafa verið á hólum, sunnan brunnhúss úr torfi og grjóti sem var reist um 1950 (og telst því ekki fornleifar). Stendur húsið enn þar í vellinum. Hóllinn er um 45 x 45 m stór og um 0,5 m hár. Hann er sléttaður en þó ber á ójöfnum í honum. 15 m suðaustan háhólsins er þúst u.þ.b. 2 m norðan vegar, sem liggur niður að golfskálanum. Þústin er um 8 m í þvermál og gæti verið leifar útihúss. Milli þessarar smáþústar og bæjarhólsins má sjá steina í sverðinum. Á herforingjaráðskorti frá 1902 (sjá AÓB, 1967) sést að leiðin heim að bænum var frá Þórukoti GK-199:002.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:JÁM III, 205,Túnakort 1917; Ö-Sviðholt, 3; Anna Ólafsdóttir Björnsson. Álfanes saga, 167

GK-198:002 *Haugshúsbrunnur* brunnur vatnsból
"Við merkin, niður frá Haugshúsum [001], var Haugshúsabrunnur og voru tröppur niður í hann," segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er fast sunnan við malarveg sem liggur að golfskála, og er Halakotstjörn vestan við brunnstæðið. U.þ.b. 3 m sunnan brunnsins er sinuvafinn smáhóll. Brunnurinn er í vegkantinum, í órækt milli tjarnar og vegar. Brunnurinn hefur verið bygður með tréplanka. Ekki er vitað hvort honum hafi verið raskað mikið e.t.v sjást tröppurnar enn.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Sviðholt, 3

64°05.940N 22°01.784V



Horft til austurs. Brunnurinn 002 er undir brettinu.

GK-198:003 heimild um lendingu

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703, segir: „Heimræði er árið um kríng og lending góð,...”

Heimildir eru um margar varir í Helguvík neðan bæjar og hafa Haugshúsabændur sjálfsagt róðið þaðan. Ekki er vitað hvar vör Haugshúsa var.

Heimildir:JÁM III, 206

GK-199 Sviðholt

33,3 hdr. 1760, 1847, óviss 1703. Skálholtskirkjueign til 3.7.1556, eftir það konungseign sbr. DI XIII, 139. 1703 var Haukshús hálfenda talin byggð úr Sviðholtslandi, en Litlibær var hjáleiga talin byggð fyrst um 1660, JÁM III, 205-208. 1801 voru 5 heimili í Sviðholti og Litlibær og Haugshús hjáleigur, 3 heimili á þeirri síðarnefndu. Húsmannskot voru Háholt, Hella, Hákot, Gesthús (3 heim), Sveinshús (2 heim) og Hjallakot (2 húsm). 1816 eru talin heimili í Há koti, Haugshúsum, Hjallakoti, Litlabæ, Sveinshúsum og Gesthúsum. Á korti af Álftanesi frá 1825 eru sýnd þessi býli í landi Sviðholts: Gesthús, Hákot, Litlibær, Bjarnastaðir, Haugshús og Hjallakot. Skv. sóknarlýsingu frá 1842 voru Gesthús, Hákot, Sveinshús, Bjarnastaðir, Litlibær og Haugshús talin sem býli en þar fyrir utan 3 hjáleigur og 1 tómhús með Sviðholti - SSGK, 207. 1845 voru 9 heimili í Sviðholti, 5 í Haugshúsum, 4 á Bjarnastöðum, 2 í Litlabæ, 1 í Sveinshúsum, 2 í Há koti og 4 í Gesthúsum. 1847 er Haugshús talið lögbýli, 8,3 hdr, en Litlibær, Hákot, og Gesthús hjáleigur frá Sviðholti. Um 1870 var tvíbýli í Sviðholti en hjáleigur þaðan voru Gesthús, Hákot, Sveinskot, Litlibær, Gerðakot, Bjarnastaðir, Grashús og Þórukot auk Haugshúsa. Þurrabúðir voru Kekkjakot, Mýrarkot, Gömlu-Gesthús, Friðrikskot, Þóroddarkot, Hjallakot og Krókur. EB. Sjósókn, 32-33.

Túnakort er ekki til. Kálgarðar voru í túninu og túngarður að austanverðu en önnur mannvirki ekki. Garðarnir eru nú allir horfnir. Undir grassverði er um 1 m þykkt moldarlag niður á grús, en klöpp er skammt undir sverði austast, næst Breiðumýri. Við bæjarhólinn er moldarlagið dýpra. Túnið var upphaflega sléttað með herfi og þúfnabana en beðasléttur eru einnig syðst í því. Mikið grjót var tekið úr túninu fyrir og um miðja 20. öld og er enn stór grjóthruða í suðurtúninu sem mun vera eftir sléttun í Breiðumýri. Túnið hefur ekki verið unnið síðan.

GK-199:001 *Sviðholt* bæjarhóll bústaður

6406072N 2201547V

"Í Sviðholti eru nú [1977] tvö íbúðarhús. Gamla húsið er úr timbri og er kjallari hlaðinn úr höggnum steinum undir því. Elzti hluti þess var byggður um 1911. Nýtt hús stendur rétt norðvestan við gamla húsið. Fjós og hlaða, sambyggð, eru u.þ.b. 20-30 metrum austan við nýja húsið. ... var áður þríbýli í Sviðholti. Nefndust bæirnir: Vesturbær, Miðbær og Austurbær. Vesturbær og Miðbær voru sambyggðir og voru bæjardyr sameiginlegar. Austurbærinn var um 10 metrum austan við Miðbæinn á hól, sem nefndur var Sviðholtshóll. Mun hann að mestu hafa verið forn öskuhaugur og er líklegt að aðalbærinn í Sviðholti hafi staðið þar um aldir. Þegar grafið var fyrir vatnsveitunni var komið þar ofan á þykkt öskulag. Þegar Kristján [Eyjólfsson f. í Sviðholti 9.9.1892] var að alast upp var Miðbærinn einnig kallaður Gíslabær eftir bóndanum Gísla Þorkelssyni. Nýja húsið í Sviðholti stendur fast norðan við þar sem Miðbærinn var. Á þeim stað voru áður hesthús, móhús og fjós frá Gíslabæ." segir í örnefnalýsingu. Bæjarhús úr torfi og grjóti munu síðast hafa staðið hæst á hólnum þar sem nú er slétt flöt sunnan við yngra íbúðarhús af tveimur.

Stór náttúrulegur hóll, mjög brattur að austan og standa á honum hús að austan og norðan. Yngra íbúðarhúsið nyrst á hólnum er ekki með kjallara en grafið var niður fyrir undirstöðum þess. Útihúsin austan í hólnum eru hinsvegar djúpt niðurgrafin. Núverandi heimreið liggur upp á hólinn að suðvestan og sunnan við hana er

kálgarður í rótum hólsins.

Erfitt er að greina hvar byggingaleifar taka við af hinum náttúrulega hól en ætla verður að bæjarhóllinn sé a.m.k. 30x30 m og 1 m á hæð, sennilega talsvert meira. Ekki var tekið eftir fornleifum þegar grafið var fyrir útihúsasamstæðu austan í hólum. Hvompur eru á háhólum sunnan við yngra íbúðarhús. Neðan við stofugluggann er dæld sem myndast hefur eftir 1990. Flag er suðvestan til á flötinni efst á hólum og er þar í þétt pakkað af hleðslugrjóti 5-10 sm undir grasrót en ekki eru það samhangandi hleðslur. Siggubær var sá minnsti af þremur bæjum í Sviðholti og stóð lengst á flötinni efst á hólum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sviðholt, 2-3

GK-199:002 Þórukot bæjarstæði býli 64°06.022N 22°01.771V

"Þórukot er 50-100 metra norðan Haugshúsa [GK-198:001]. Þar er nú stórt og reisulegt hús, að stofni til byggt úr gamla húsinu," segir í örnefnalýsingu. Þórukot er u.þ.b. 200 m vestan Sviðholtsbæjar 001. Núverandi íbúðarhús er á smáhæð í aflíðandi grund mót vestri og stendur á sama stað og gamla húsið.

Hæðin sem núverandi íbúðarhús stendur á er ávöl og fylgja takmörk hólsins umfangi núverandi íbúðarhúss. Sléttuð tún eru allt í kringum hæðina.

Ekki sést til fornleifa á þessum slóðum. Núverandi íbúðarhús er á allri hæðinni, sem ætla má að hafi verið bæjarstæðið. Því hafa leifar eldri húss líkast til lent að öllu leyti undir nýja húsinu, sem er timburhús á einni hæð. Þórukot kemur fyrst fyrir í bók Erlends Björnssonar, Sjósókn, sem lýsir staðháttum í Bessastaðahreppi á 8. áratug 19. aldar. Þar er kotið staðsett á uppdrætti af Nesinu en ekki kemur fram hvort það var grasbýli eða þurrabúð. EB.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sviðholt, 3; Ö-Bessastaðahreppur, 3; EB: Erlendur Björnsson. Sjósókn, 33, 156

GK-199:003 Hjallakot bæjarstæði býli 64°05.948N 22°01.893V

"Fast upp af [Helguvík] rétt fyrir norðan merkin, stóð áður Hjallakot, þurrabúð, löngu komin í eyði og hefur nú verið byggður sumarbústaður heldur nær sjónum en á tóftum þess," segir í örnefnaskrá. Býlið var fast norðaustan við sumarbústað, nú notaður sem golfskáli.

Halakotstjörn og landamerkjagarður 043 eru um 20 m sunnan við bæjarstæðið. Malarborið hlað og malarvegur liggur frá bæjarstæðinu til austurs, í gegnum golfvöllinn, upp með landamerkjagarðinum. Norðan til er sjóvarmargarðurinn, í um 15 m fjarlægð.

Hjallakot hefur verið rífið en þó virðist ekki verið byggt á sjálfu bæjarstæðinu, skv. örnefnalýsingu. Talsverðar ójöfnur eru á yfirborði norðaustan golfskálans, sem gætu bent til að þar gæti verið hleðslur undir sverði. Ójöfnurnar eru á u.þ.b. 10 x 10 svæði. Í bók Erlends Björnssonar, Sjósókn, sem lýsir staðháttum í Bessastaðahreppi á 8. áratug 19. aldar, kemur fram að þurrabýli var í Hjallakoti. EB.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sviðholt, 3; Ö-Bessastaðahreppur, 4; EB: Erlendur Björnsson. Sjósókn, 33, 156

GK-199:004 Fjósaföt örnefni fjós 64°06.044N 22°01.789V

"Fjósaföt heitir fast norðvestan við Þórukot [002]," segir í örnefnalýsingu. Slétt tún Fjósafatar er fast norður frá núverandi íbúðarhúsi í Þórukoti og norður að túnjaðri. Norðar er íbúðarhúsabyggð.

Flötin er sléttuð, en smárimi er í órækt u.þ.b. 30 m beint norður af núverandi íbúðarhúsi. E.t.v. stóð fjósið á rímanum. Flötin hallar örlítið mót vestri.

"Kristján nefnir Fjósaföt Sviðholtsflöt, en segir hana hafa verið nefnda Fjósaföt frá Þórukoti, enda átti Þórukot flötina." segir þar ennfremur. Ekkert á yfirborði bendir til fornleifa á Fjósaföt, en staðsetning fjóssins er enn þekkt vegna örnefnisins. Á flötinni er reyndar gerði úr torfi (kálgarður) en það var byggt af núverandi ábúendum í Þórukoti.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sviðholt, 3, 4; Ö-Bessastaðahreppur, 3

GK-199:005 Hjallaland heimild um býli 64°06.063N 22°01.936V

"Niður af [Fjósaföt] er túnflötur, sem heitir Hjallalandsvöllur og nær hann alveg niður að sjó. Býlið Hjallaland stóð neðan til á honum miðjum." segir í örnefnalýsingu. "Hjallalendisvöllur liggur neðan frá sjó alla leið að götu [010] frá Þórukoti að Bjarnastöðum," segir í örnefnalýsingu Bessastaðahrepps. Hjallaland er ekki merkt inn á uppdrátt í bók Erlends Björnssonar, Sjósókn, sem lýsir staðháttum á Álftanesi 1870 og ekki vitað um nánar um staðsetningu býlisins á Hjallalandsvelli.

Hjallandsvöllur er nú sléttuð tún syðst, en íbúðarhúsabyggð er risin á vellinum nyrst. Völlurinn er í aflíðandi halla mót vestri.

Í endurminningum Erlends Björnssonar, Sjósókn, er kort yfir býli á Álftanesi í kringum 1870 en býlið Hjallaland er þar ekki merkt inn. Vestan Bjarnastaða GK-199:024 er aðeins býlið Litlibær GK-200:001 (skv.

túnakorti frá 1917), en neðan Þórukots 002 er hinsvegar merkt býlið Friðrikskot (hér númer 026). Algennt var að þurrabúðir og litlar hjáleigur skiptu um heiti með nýjum ábúendum svo Hjalland og Friðrikskot gætu hæglega verið tvö heiti á sama býli. Staðsetning Hjallalands samkvæmt örnefnaskrá passar hins vegar ekki við staðsetningu Friðrikskots samkvæmt korti Erlends og því býlin hér skráð sem tvö aðskilin býli. Litlibær GK-200:001 stendur á gömlum merg svo ekki er hann Hjallaland. Samkvæmt örnefnalýsingu virðist Hjallaland hafa verið á svæði, þar sem nú er jaðar íbúðabygðar u.þ.b. 150 m norðvestan Þórukots.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sviðholt, 3; Ö-Bessastaðahreppur, 3; Erlendur Björnsson. Sjósókn, 156

GK-199:006 *Hvanngarðsvöllur* örnefni kálgarður 64°06.033N 22°01.594V

"Niður frá Vesturbænum í Sviðholti, meðfram Þórukotstúni að austan, var Hvanngarðsvöllur. Hann náði niður að Halldórsflöt í Haugshúsatúni," segir í örnefnalýsingu. Vestan Sviðholts liggur malbikaður vegur, Suðurnesvegur og handan hans (vestan) er sléttáð tún Þórukotstúnið og golfvöllur suðvestar. Hvanngarðsvöllur hefur líklega verið nálægt Suðurnesvegi, milli Þórukots og Haugshúsa og þar sjást engin merki gerðis eða annarra mannvirkja. Vestan Sviðholts er Suðnesvegur og þar neðar sléttuð tún Þórukots.

Ekki sér lengur til mannvirkja á Hvanngarðsvelli, hafi þar verið kálgarður er búið að slétta hann í tún. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sviðholt, 3

GK-199:007 *Sameignargarður* gerði kálgarður 64°06.056N 22°01.582V

"U.þ.b. 300 m² garður var framan við Vesturbæinn í Sviðholti. Hann tilheyrði öllum bæjunum í Sviðholti og var hann nefndur Sameignargarður." segir í örnefnalýsingu. Sameignargarðurinn er enn í brekku mót suðri, u.þ.b. 10 m suðvestur frá gamla Sviðholtsbænum 001.

Garðurinn er í brekku mót suðri.

Gerðið er 40 x 30 m stórt og það nú girt af með girðingu. Hleðslur um garðinn eru u.þ.b. 0,4 háar, úr torfi og grjóti, farnar að renna í sundur. Sameignargarður er enn notaður að hluta af ábúendum í Sviðholti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sviðholt, 4



Sameignargarður fremst. Aftar til hægri er Þórukot 002, bláa húsið fyrir miðri mynd er golfskáli við Hjallakot 003, Haugshús 198:001 stóðu þar sem brunnhúsið úr torfi og grjóti er á hólnum á golfvellingum. Hlið sést handan Helguvíkur. Horft til suðurs frá Sviðholtshlaði, 001.

GK-199:009 heimild um leið 64°06.042N 22°01.899V

"Sviðholtsmenn gengu þessa götu [þ.e. 008] einnig hér áður en síðar gengu þeir til sjávar niður Hjallalandsflöt, a.m.k. frá Austurbænum." segir í örnefnalýsingu. Hjallalandsvöllur er norðan Þórukots 002 og liggur beinast við að ganga þá leið frá Sviðholtsbæjum 001 til sjávar.

Hjallalandsvöllur er sléttáð tún syðst í aflíðandi brekku mót vestri. Norðar er á vellingum er risið íbúðahúsahverfi.

Gatan lá í austur-vestur frá Sviðholtsbæ 001 og beina leið til sjávar. Öll ummerki um hana hafa verið sléttuð í völinn. Nákvæm staðsetning leiðarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sviðholt, 4

GK-199:010 heimild um leið 64°06.029N 22°01.823V

"Stígur lá frá Árnakoti (Vestri-Skógtjörn) [GK-197] að Bjarnastöðum [GK-199:024]. Hann lá fast fyrir neðan Þórukot [002] og á milli Fjósaflatar GK-[199:004] og Hjallalandsvallar." segir í örnefnalýsingu. Rennislétt tún er vestan Þórukots 002, og nær það alveg að lóð hússins.

Hjallalandsvöllur er sléttáð tún syðst í aflíðandi brekku mót vestri. Norðar er á vellingum er risið

íbúðahúsaðverfi.

Stígurinn lá frá Árnakoti til norðurs að Bjarnastöðum, en ekki sést til hans nú. Öll ummerki um hann hafa verið sléttuð í Þórukotstún og lent í byggingaframkvæmdum, nær Bjarnastöðum. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sviðholt, 4

GK-199:011 Þórukotsflöt heimild um leikvöll



Horft eftir Hjallalandsvelli, austur að Þórukoti og er Þórukotsflöt hægra megin við íbúðarhúsið. Hleðslurnar er hluti garðlags 045

sem lágu að Svalbarða [GK-196:001]..." segir í örnefnalýsingu. Gömlu traðirnar hafa að öllum líkindum verið á sama stað og heimreið Þórukots er nú.

Sléttuð tún eru beggja vegna heimreiðarinnar.

Ekki er nokkur vafi á að heimreiðin er nú þar sem eldri traðir voru áður. Til þeirra sést nú ekki vegna nýrri vegar með bundu slitlagi.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Sviðholt, 4

GK-199:013 Sviðholtstraðir gata leið

64°06.060N 22°01.537V

Landamerki eru úr markasteini fast norðan við sjávargötu frá Króki "Þaðan er línan í annan markastein, sem var vestan við Sviðholtstraðir. (Ath. Sviðholtstraðir var gatan niður að Svalbarða nefnd.)" segir í örnefnalýsingu. "Þórukotstraðir [012] lágu upp á Sviðholtstraðir, sem lágu að Svalbarða [GK-196:001] ... Sviðholtstraðir voru einnig nefndar Svalbarðatraðir." segir í örnefnalýsingu. Þar segir enn fremur: "Gamli vegurinn greindist á hlaðinu í Sviðholti [sbr. 018] ... Hinn vegurinn (þ.e. Svalbarðstraðir) lá að Svalbarða og þaðan niður í Helguvík." Vegur þessi lá milli Svalbarðs og Sviðholts.

Traðirnar lágu niður (suður) suðurtún Sviðholts. Suðurtúnið eru í brekku sem nú nær niður að Suðurnesvegi. Sviðholtstraðir lágu niður suðurtún Sviðholts og niður að Svalbarðsbæ GK-196 og tengdust þar vegi sem lá eftir Granda, GK-197:034 (og er merktur á herforingjaráðskort frá 1902, sjá ÁÓB, 167). Við austurhlið Sameignargarðs 007, er traðarspotti fast við Sviðholtshlað. Þar sjást leifar traðanna, á 5 m spotta. Þær eru 3 m breiðar og 0,5 m háar því þær eru byggðar upp og mynda skábraut upp á Sviðholtshlaðið. Á loftmynd sést móta fyrir tröðunum í sléttuðu túninu, suður frá bænum 001 í stefnu á Svalbarð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sviðholt, 2, 4, 5; ÁÓB: Anna Ólafsdóttir Björnsson. Álftaness saga, 167

GK-199:014 Sviðholtsbrú heimild um leið

64°06.104N 22°01.037V

"Gamli vegurinn lá áður af Grandanum og eftir Breiðumýri í stefnu rétt fyrir norðan Sviðholt. Var hann þar nefndur Sviðholtsbrú eða Mýrarbrú." segir í örnefnalýsingu. Sviðholtsbrú er gamli vegurinn sem liggur til austurs frá Sviðholti, að útihúsum og áfram út á Breiðumýri. Brúin er nú malarborinn vegur og skurðir meðfram honum í mýrinni og sér ekki til gamla vegsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sviðholt, 4-5

GK-199:015 Sviðholtsbrunnur heimild um brunn

"Í krikanum þar sem [vegurinn 014] beygði upp að Sviðholti var brunnur frá Sviðholti." segir í örnefnalýsingu. Í Sviðholti er Sviðholtsbrunnur ... Krókur er sunnan við Sviðholtsbrunn." segir í örnefnalýsingu Bessastaðahrepps. Þessi brunnur er nú horfinn en talið er að hann hafi verið fast sunnan við Sviðholtsbrú, um 15 m vestan við útihús sem standa í jaðri Breiðumýrar. Þar kom upp vatn í miklum rigningum fyrir nokkrum árum og sagði faðir Friðriks Jóhannssonar þá að þar hefði verið brunnur.

Í túni, fast við gamla vegbrún

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sviðholt, 5; Ö-Bessastaðahreppur, 3

GK-199:016 heimild

"Niður að [brunninum 015] lá lágur grjótgarður frá Sviðholtsbæjunum ..." segir í örnefnalýsingu. Á korti af Álftanesi frá 1825 er sýndur garður sem liggur í átt frá Sviðholti í stefnu að Brekku og tengist landamerkjagarði 043. Óvíst er að um sama garð sé að ræða en báðir eru nú með öllu horfnir og hafa ekki sést í manna minnum

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sviðholt, 5; Þjsks, Rkmr. Isl. Journ. 19. nr. 924.

GK-199:017 heimild um leið

"Niður að [brunninum 015] lá lágur grjótgarður frá Sviðholtsbæjunum og sunnan hans lá gata niður að brunninum." segir í örnefnalýsingu. Þessi gata er sennilega framhald Sviðholtsbrúar upp á bæjarhólinn og er nú malarborinn vegur þar sem hún var.

Í túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sviðholt, 5

GK-199:018 heimild um leið

"Gamli vegurinn greindist á hlaðinu í Sviðholti og lá annar vegurinn út (norður) í Holtið, sem kallað er og lá að Bjarnastöðum, Þóroddarkoti, Sveinskoti, Litlabæ, Gesthúsum og Há koti." segir í örnefnalýsingu.

Után skráningarsvæðis.

Heimildir: Ö-Sviðholt, 5

GK-199:019 *Krókur* heimild um býli

6405993N 2201372V

"Eyðibýlið Krókur var suðaustanvert við Sviðholtstún. Þar sér enn fyrir garði, Króksgarði, en vegurinn lenti yfir húsataettunna. Krókur var grasbýli." segir í örnefnalýsingu. Suðurmerki Sviðholts lágu úr Grásteini "í Króksgarð miðjan" Til skamms tíma sást hluti af kálgarði sunnan við Suðurnesveg þar sem göngustígur greinist frá honum að Höfðabraut. Talið er að kálgarðurinn hafi verið þar sem kotið var áður en rústir þess eru horfnar fyrir löngu. Uppbyggður malbikaður vegur og gangbraut sunnan við hann. Norðan við veginn eru sléttuð tún Sviðholts en sunnan við uppfylling á lóð einbýlishúss.

Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu kotsins, það gæti verið undir veginum eða rétt sunnan við hann. Hluti kálarðsins lenti undir Suðurnesvegi þegar hann var fyrst lagður 1964. Meira hefur horfið síðan við vegabætur og lóðafuramkvæmdir sunnan við veginn. Þar er nú nýlegt einbýlishús og nær moldaruppfylling fyrir garð þess niður að gangbraut meðfram veginum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Sviðholt, 2, 5

GK-199:020 tóft óþekkt

64°06.013N 22°01.965V

Um 160 m ANA Þórukots 002 og syðst í Hjallalandsvelli er tóft í fjörुकambinum.

Fjörुकamburinn er hár og grýttur. Upp af honum eru sléttuð tún. Tóftin er á mörkum kams og túns.

Tóftin er grjóthlaðin, tvískipt og er 9 x 5 stór. Nyrðra hólf tóftarinnar er minna eða 1,5 x 1 m að innanmáli en hið syðra er 4 x 2 m. Tóftin snýr norður-suður en suðvesturhluti hennar horfinn í sjóinn. Mesta hleðsluhæð er 1 m í millivegg milli hólfanna, sem stendur þvert á sjóganginn. Aðrir veggir eru hrundir. Að líkindum er þetta leifar sjóbúðar, byrgis eða einhvers húss sem stóð í samhengi við sjósóknina í Helguvík.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots



Tóft 020 horft til norðurs,

GK-199:023 *Grashús* heimild um býli

6406141N 2201547V

"Grashús ft. voru u.þ.b. 100-130 m beint norður af Sviðholti. Grashús voru grasbýli. Þetta svæði er nú komið í

tún frá Sviðholti." segir í örnefnalýsingu. Grashús var um 50 m austur af Suðurnesvegi og 120 m norður af norðausturhorni yngra íbúðarhúss í Sviðholti.

Kotið hefur staðið austan í lágri hæð í túninu norðan við Sviðholt. Þar er nú sléttá tún og eru þúfur byrjaðar að myndast.

Kálgarður var á þessum stað fram efir 20. öld en langt er síðan rústir kotsins voru jafnaðar við jörðu. Bæjarstæðið hefur verið sléttá en einn steinn er byrjaður að koma upp og markar staðinn þar sem kotið og/eða kálgarðurinn var.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sviðholt, 5

GK-199:026 *Friðrikskot* heimild um býli 64°05.990N 22°01.854V

"Í miðju Bjarnastaðatúni, aðeins sunnan til, var tómthúsið Friðrikskot - fór í eyði um aldamót [1900]. Það var í spaugi nefnt Friðriksgáfa, sbr. Friðriksgáfu á Möðruvöllum í Hörgárdal, sem var eitt stærsta hús á Íslandi. Friðrikskot var hinsvegar með minnstu kotum á Álftanesi." segir í örnefnalýsingu. "Friðrikskot er norðan Hjallakots með Helguvík ..." segir í örnefnalýsingu Bessastaðahrepps. Nákvæm staðsetning bæjarstæðisins er ekki þekkt en það var vestan Þórukots 002, og orðalagið í örnefnaskrá "með Helguvík" bendir til að kotið hafi staðið nálægt sjávarkambinum.

Vestan Þórukots eru sléttuð tún í aflíðandi brekku mót vestri. Vestast er háir sjávarkambar.

Í endurminningum Erlends Björnssonar, Sjósókn, kemur fram að í kringum 1870 var Friðrikskot þurrabúð. Öll ummerki um kotið eru horfin, það hefur líklega verið rífið og sléttá í tún nema það hafi horfið í sjóinn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sviðholt, 5-6; Ö-Bessastaðahreppur; Erlendur Björnsson. Sjósókn, 33, 156

GK-199:038 *Gella* heimild um lendingu 65°06.030N 22°02.033V

"Gella heitir vör u.þ.b. 50-60 metrum sunnan við Bjarnastaðavör. Hún er á milli klappa. Setja þurfti bátana þar upp við klöpp. Vörin er nokkuð breið utan til, en þrengist þegar nær dregur fjörunni, en þar kvíslast hún svo í tvær varir og gengur stór klöpp fram á milli þeirra, efst. Norðari vörin var frá Grashúsum [023], en sú syðri frá Sviðholti [001], (þ.e. Austurbænum og Miðbænum)." segir í örnefnalýsingu. Gildur vélhlaðinn sjóvarnargarður er í fjörukambinum norðvestur frá Þórukoti 002. Í fjörunni, fast vestan sjóvarnargarðsins eru tvær klappir. Sú syðri, sem hér er skráð er u.þ.b. 220 m VNV frá Þórukoti. Norðar er Bjarnastaðavör 036.

Fjaran hefur að líkindum tekið miklum breytingum vegna landbrots og framkvæmda við sjóvarnargarð.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Sviðholt, 11



Sviðholtsvör nær og Þórukotsvör fjær. Horft til suðurs.

GK-199:039 *Sviðholtsvör* heimild um lendingu

64°06.030N 22°02.033V

"Sunnan við Gellu [038] er svolítið þangskurðarpláss, u.þ.b. 60-70 m svæði. Sunnan við það er vör, sem skiptist í tvær af skeri í miðri vör. Norðan við skerið er Sviðholtsvör og var hún frá Vesturbænum í Sviðholti." segir í örnefnalýsingu. Um 140 m suðvestur frá Þórukoti 002 og um 100 m suðaustur frá Gellu 038, er vör.

Fjaran hefur að líkindum tekið miklum breytingum vegna landbrots. Enn hefur ekki verið vélhlaðinn sjóvarnargarðinum í fjörukambinum neðan Þórukots.

Mjóir klettatangar ganga út í sjóinn og sýna hvar varimar hafa verið.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Sviðholt, 11; Ö-Bessastaðahreppur, 4

GK-199:040 *Þórukotsvör* heimild um lendingu 64°05.890N 22°01.911V

"Sunnan við Gellu [038] er svolítið þangskurðarpláss, u.þ.b. 60-70 m svæði. Sunnan við það er vör, sem skiptist í tvær af skeri í miðri vör. Norðan við skerið er Sviðholtsvör [039] og var hún frá Vesturbænum í Sviðholti. Syðri vörin er Þórukotsvör." segir í örnefnalýsingu. Um 20 m sunnan við Sviðholtsvör 039, er Þórukotsvör.

Fjaran hefur að líkindum tekið miklum breytingum vegna landbrots. Enn hefur ekki verið vélhlaðinn sjóvarnargarðinum í fjörukambinum vestan Þórukots.

Mjóir klettatangar ganga út í sjóinn og sýna hvar varirnar hafa verið.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Sviðholt, 11

GK-199:041 Skiparéttargrandi örnefni naust

"Gísli Sigurðsson getur um Skiparéttargranda, granda eða hrygg í túni - lá norðan við Þórukot [002]. Kristján kannast ekki við þetta nafn." segir í örnefnalýsingu. "Skiparéttargrandi er í Þórukoti" segir í örnefnalýsingu Bessastaðahrepps.

Þórukotstún er slétt og ekki sést grandinn norðan Þórukots.

Skiparéttargrandi hlýtur að draga nafn af fjölmörgum naustum á fjörुकambinn. Nánari staðsetning örnefnisins er ekki þekkt lengur.

Heimildir:Ö-Sviðholt, 11; Ö-Bessastaðahreppur, 3

GK-199:043 garðlag landamerki

64°05.939N 22°01.726V

"Helguvík er nokkuð stór vík suður og niður frá Sviðholti [001]. Eru merkin um hana norðanverða. Fast upp af henni, rétt fyrir norðan merkin, stóð áður Hjallakot [003]...", segir í örnefnaskrá. Frá markasteini vestan við Sviðholtstraðir 013 "ræður garðlag niður að sjó." segir í örnefnalýsingu. Garðlag er sunnan Hjallakots, við norðurenda Halakotstjarnar og liggur suðvestur - norðaustur við malarveg, sem liggur að golfskálanum við Hjallakot.

Vestast er garðlagið við norðurenda Halakotstjarnar. Það liggur sunnan malarvegarins en golfvöllur er allt í kring.

Á korti Björns Gunnlaugssonar af Álftanesi frá 1825 er sýndur garður suðaustan við Sviðholt 001, í stefnu frá Grásteini GK-197:022 og mun hann hafa verið á merkjum - en er mun ofar og austar en sá sem lýst er í örnefnaskrá. Garðlagið sem lýst er í örnefnaskrá og fylgir veginum að golfskálanum er mikið raskað og er eiginlega frekar orðinn ruðningur en hleðsla. Það er landamerki milli Haugshúsa GK-198/Sviðholts GK-199 og Brekku GK-197. Garðlagið er um 200 m langt, frá Halakotstjörn norðaustur að Höfðabraut. Garðlagið er orðið hálfgerður ruðningur, sinuvafið en víða sést grjót í því.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Sviðholt, 2, 3; Þjsks, Rkmr. Isl. Journ. 19. nr. 924.



Horft til suðausturs. Garðurinn er við enda Halakotstjarnar og áfram upp með veginum.

GK-199:044 garðlag túngarður

64°06.034N 22°02.007V



Horft til suðausturs. Þórukot í baksýn.



Þórukotstúngarður. Horft til austurs.

Garðlag liggur norðarlega á Hjallandsvelli, milli

Þórukotstúns og óræktar sunnan íbúðarhúsa sem standa við húsagötuna Litlubæjarvör. Það er u.þ.b. 190 m VNV frá Þórukoti 002.

Garðlagið liggur í aflíðandi halla móts vestri. Umhverfis það er þurr og grasi gróið, sléttá tún sunnan garðsins en órækt norðan þess.

Garðlagið liggur norðaustur frá sjávarkambinum, 30 m langt, mest 1 m á breidd og 0,6 m hátt. Af þessum stæðilega grjótgarði tekur við sinuvafinn ruðningur með grjóti í, meðfram Þórukotstúni norðanverðu. Það liggur óreglulega í suðvestur-norðaustur og er að líkindum túngarður norðan Þórukots, sem sést sem suðurmörk á túnakorti Bjarnastaða 024, Sveinskots 032 og Litlabæjar GK-200:001, frá 1917. Garðlagið er alls um 340 m

langt og liggur upp að Bakkavegi austast. Á túnakortið eru merktir kálgarðar, norðvestur frá Bjarnastöðum 024 og gætu þeir hafa staðið í samhengi við grjótagarðinn vestast.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

GK-199:045 *Hjallalandsvöllur* garðlag óþekkt

64°05.978N 22°01.886V

"Niður af [Fjósafli] er túnflötur, sem heitir Hjallalandsvöllur og nær hann alveg niður að sjó. Býlið Hjallaland [005] stóð neðan til á honum miðjum." segir í örnefnalýsingu. "Hjallalandsvöllur liggur neðan frá sjó alla leið að götu frá Þórukoti [002 að Bjarnastöðum [024].," segir í örnefnalýsingu Bessastaðahrepps. Syðst og vestast í Hjallalandsvelli, 130 m NNV af Þórukoti eru mikil garðlög.

Hjallalandsvöllur er nú sléttá tún í aflíðandi halla mót vestri, vestur að háum sjávarkambi neðan Þórukots.

Neðst í Hjallalandsvelli eru grjóthlaðið garðlagakerfi, sem og torfkragar sem að líkindum eru seinni tíma mannvirki. Garðlögin ná samtals yfir 70 x 60 m stórt svæði. Syðst liggur það 5 m austur frá fjörukambinum en beygir svo beint í norður 25 m. Þá er rof í garðinn en 20 m norðvestar liggur það 20 m til NNV eftir fjörukambinum. Þar beygir grjótagarðurinn og liggur 10 m til norðausturs, beygir þá aftur og liggur 30 m til suðausturs. Eftir það liggur garðurinn 20 m beint til austurs í stefnu á Þórukot 002. Torfkragar frá garðlaginu til austurs en þeir eru líkir ruðningum og að líkindum seinni tíma mannvirki á túninu, e.t.v. frá tünasléttun. Neðan Þórukots hefur ekki verið vél-hlaðinn sjóvarnargarður og því má enn sjá ýmsar hleðslur þar á fjörukambinum, sbr. tóft 020 og þessi garðlög sem hér eru skráð. E.t.v. standa garðlög þessi í samhengi við Friðrikskot 026.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sviðholt, 3; Ö-Bessastaðahreppur, 3

GK-208 Akrakot

1703: „... hálflenda so kölluð, því hún hefur ekki nema helmings fyrirvar á móts við lögbýlissjarðir, hefur í manna minni, innan 60 ára, byggð úr Bárhauseyjar landi á fornum tóftum, sem sumir hyggja fyr hafi byggðar verið og kallað Akrrar. Jarðardýrleiki er óviss." Konungseign. JÁM, 213.

1847: Jarðardýrleiki 12 hdr. JJ, 93. Þangbrennsluverksmiðja var í Akrakoti í nokkur ár í byrjun 20. aldar.

Túnakort 1917: teigar 1,4 og garðar 380 m². Tún slétt og sléttuð á mestu.

1703: „Túnið fordjarfast af sands og sjáfar ágangi. JÁM III, 214.

GK-208:001 *Akrakot* bæjarstæði býli

64°06.968N 22°00.358V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var býlið Akrakot u.þ.b. 10 m sunnan við þangbrennsluhús 003. Íbúðarhúsið, sem



Horft til norðausturs. Þangbrennslan 003 var í hvíta húsinu. Bæjarstæði 001 var hægra megin við húsið 003, framan þess.

nú stendur í Akrakoti eða Blikastíg 16, er að stofni til gamla þangbrennsluverksmiðjan 003 sem var byggð rétt eftir aldamótin 1900 og er því einnig merkt inn á túnakortið.

Lóðin umhverfis íbúðarhúsið 003 er fremur slétt, eins og grundirnar eru víða á Álftanesi. Lóðin hefur ekki verið sléttuð né röskuð að öðru leyti, að sögn núverandi ábúanda Blikastígs 16.

Á túnakorti frá 1917 eru "gömlu bæir" merktir 10 m sunnan við þangbrennsluna 003, sem er að grunni til íbúðarhúsið við Blikastíg 16. Ójöfnur eru í lóðinni þar sem gamli bærin stóð. Á túnakortinu frá 1917 má sjá að kálgarður var fast sunnan gamla bæjar og segja má að lóð Blikastígs 16 sé að mestu gamli kálgarðurinn. Einnig var kálgarður 20 m norðan bæjar 001, 5-10 m norðan við gömlu þangbrennsluna og

núverandi íbúðarhús 003. Þar er nú malarborin heimreið að íbúðarhúsinu við Blikastíg 16. Kálgarðarnir eru horfnir sem og leifar gamla bæjarins.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-208:002 heimild um útihús

64°06.980N 22°00.365V

Á túnakorti Akrakots frá 1917 er sýnt útihús við suðvesturhorn kálgarðs sem var 25 m norðan bæjarstæðisins 001.

Þar sem kálgarðurinn og útihúsið voru er nú malarborin heimreið að Blikastíg 16 og steinsteyptur bílskúr.

Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-208:003 Þangbrennsluverksmiðja

64°06.976N 22°00.352V

Á túnakorti Akrakots frá 1917 er þangbrennslan merkt inn 10 m norðan gamla bæjar 001.

Íbúðarhúsið við Blikastíg 16, er að stofni til gamla þangbrennsluverksmiðjan. Á síðustu árum hefur íbúðarhúsið verið stækkað til vesturs og bílskúr byggður norðan við bæjarstæðið 001.

Austasti hluti núverandi íbúðarhúss er gamla þangbrennsluverksmiðja sem var starfrækt á árunum 1904-1908: "Til vinnslunnar voru reist talsvert umfangsmikil mannvirki. Á við og dreif um túnin voru settir staurar og vírar strengdir á milli og var þarinn lagður á þá til þurrkunar...Byggt var stórt steinhús í Akrakoti til þess að brenna þarann í. Eftir endilöngu var steypur ofn. Fjögur steipt hólfr voru til að brenna þarann í og tvö þar sem kol voru brennd." AÓB. Áberandi strompur stóð lengi við austurgafli hússins og minnti á hlutverk þess, en hann nú er búið að rífa hann frá og liggur hann í fjörunni norðvestan íbúðarhússins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; AÓB: Anna Ólafsdóttir Björnsson. Álftaness saga, 254

GK-208:004 heimild um ristur

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703, segir: „Torfrista og stúnga og móskurður hjálplegt."

Ekki er vitað hvar í landi Akrakots mór var tekin en líklega hefur það verið í Virki [GK-209:022].

Heimildir: JÁM III, 214

GK-208:005 Akrakotsvör heimild um lendingu

64°07.017N 22°00.217V

Í örnefnaskrá segir: "Akrakotsvör: Hún var vestast í Fjörunni í Breiðabólstaðarfjöru." Lendingin var um 140 metra norðvestur frá Akrakoti 001. Hennar sjást engin merki nú. Mikið landbrot er á þessum slóðum og búið að reisa mikinn sjóvarnargarð með vélaafli og gætu leifar vararinnar, hafi Ægir, skilið einhverjar eftir hafa, horfið í garðinn.

Sandfjara er við sjóvarnargarðinn norðan og norðvestan Akrakots.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703, segir: „Heimræði er árið um kríng og lending sæmileg..."

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: JÁM III, 214; Ö-Álftanes, 150

GK-208:006 AkraSteinn þjóðsaga álagablettur

64°06.872N 22°00.450V

„AkraSteinn: Stór steinn suður á túninu. Honum fylgja þau ummæli, að hann megi ekki hreyfa, þá boði það missir," segir í örnefnaskrá. AkraSteinn er um 300 m suðvestur frá Akrakoti 001.

Túnið er þýft og gróið, og er svæðið notað fyrir hrossabeit.

AkraSteinn er eiginlega nokkrir steinar saman, lágir en þó eina grjótið sem eftir er í túninu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Álftanes, 157

GK-208:007 Akrakotstúngarður heimild um túngarð

64°07.001N 22°00.387V

„Akrakotstúngarður: Garður af grjóti aðallega við sjávarkampinn. Akrakotshlið: Það var á garðinum ofanvert við sjávarkampinn," segir í örnefnaskrá. Inn á túnakort frá 1917 er merkt inn garðlag 60 m norðan bæjar, við sjóinn. Þar er nú gríðarmikill sjóvarnargarður.

Umhverfið er mikið breytt norðan við Akrakot. Sjórinn hefur brotið mikið land og nú er mikill vélhlaðinn sjóvarnargarður á kambinum.

Ekki sést lengur til Akrakotstúngarðar.


Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Álftanes, 157

GK-209 Breiðabólstaður

1508/1512: Kaupmálabréf Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Kristínar Gottskálksdóttur. „...voru þessar jarðer til greindar j þennan sama kaupmala. ... Breiðabolstadir fyrir. xl.c." DI. VIII, 230. Í Jarðbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703, segir: „... nú kallað hálfbýli og hefur ekki fyrirvar nema að helmíngi. Jarðardýrleiki er óviss... Jörðin er þrönglend á sumardag og hefur selstaða brúkuð verið fyrir ofan Álftanes þar sem Norðurhellrar heita." Konungseign. JÁM III, 215. Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 er jarðardýrleiki 20 5/5 hdr. JJ, 93. Grund, Jörfi og Hvoll eru nýbýli í landi Breiðabólstaða. Jörðin var tekin eignanámi í stríðinu og var reistur kampur á svæðinu þar sem Jörfi stendur nú.

Túnakort 1917: teigar 1,5 og garðar 920m². V. 1,5 teigar og garðar 800 m². Túnin slétt og sléttuð á mestu. Í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1703, segir: „Landið brýtur sjór nokkurn part og vindur ber upp sjóarsand á túnið til stórskaða." JÁM III, 216. Land Breiðabólstaða er flatlent og gróið. Austan bæjarstæðisins er Breiðabólstaðtjörn og þar austar breiðir Eyrin úr sér, grasi gróin og flöt. Sunnan bæjar eru þurrar grundir og enn sunnar Stekkjarmýri niður að Bessastaðtjörn. Sjórinn er norðan bæjar og þar er nú vélhlaðinn sjóvarnargarður.





Horft til vesturs yfir bæjarstæði Breiðabólstaða. Gamla steinhúsið 00 er vinstra megin við miðja mynd. Grund sambyggð gamla bænum. Íbúðarhús við Blikastíg baksýn hægra megin. Breiðabólstaðatjörn fremst.



Gamla steinhúsið til hægri. Grund til vinstri. Horft til vesturs.

Á túnakorti frá 1917 má sjá að Breiðabólstaðabær hefur verið nyrst húsa á í túni. Það hús sem merkt er á túnakortið er steinhús sem reist var árið 1884 og er enn búið í því. Löngum var tvíbýli á Breiðabólstaðum.

Bæjarstæðið er slétt frá náttúrunnar hendi, þurrt og gróið. Breiðabólstaðatjörn er u.þ.b. 50 m austan bæjar og sjórinn norðan við.

Í endurminningum Erlends Björnssonar frá Breiðabólstaðum, Sjósókn, segir eftirfarandi: "Hann [Erlendur Erlendsson hreppstjóri] bjó í stóru steinhúsi sem hann byggði árið 1884. Það er fjórtán álnir á lengd, en níu álnir á breidd með kjallara og portbyggt. Á vertíðum voru fjörutíu manns í húsi þessu. Húsið er byggt úr klofnu og höggnu grjóti, sem tekið var víðvegjar í landareigninni. Grjótið var klofið þar, sem það var, og allt borið heim á tveggja og fjögurra manna börum, en höggvið og lagað betur heima. Veggirnir voru tvöfaldir og loft á milli, og yfir gluggum og dyrum voru drangar svo langir, að þeir náðu alveg yfir. Er hús þetta að öllu leyti ágætt enn í dag. Timbur allt og þak í húsi Erlends var komið úr gríðarstóru salthúsi og fiskhúsi, er stóð fyrrum á Eyrinni niðri við Seyluna í landareign Breiðabólstaða...Í kjallaranum í húsi Erlends voru þrjú herbergi, búr, eldhús og sjómanskáli, sem var helmingur kjallarans. Voru þar tuttugu manns. Á hæðinni fyrir ofan voru þrjú herbergi, stofa fyrir gesti kvannaherbergi, - voru þar átta konur,- svo var helmingurinn af hæðinni kallaður baðstofa, og voru þar húsbændur og heimafolk, fjórtán manns. Var þar unnin ullarvinna og hampvinna á vetrum. Þar var líka vefstóll...Uppi á loftinu var geymsla." Ekki sést eiginlegur bæjarhóll á Breiðabólstaðum, þó örlítil aflíðandi halli sé frá bænum niður að Breiðabólstaðatjörn. Íbúðarhús nýbýlisins Grundar er sambyggt gamla steinhúsinu og ætla má að þessi steinhús standi á gamla bæjarstæði Breiðabólstaðar og byggingar hafi alveg sléttað úr bæjarhólnum, hafi hann yfirhöfuð náð að safnast upp á þessum stað.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Erlendur Björnsson. Sjósókn, 60-61

GK-209:002 heimild um útihús

64°06.941N 22°00.106V

Á túnakorti frá 1917 er sýnd bæjarhúsa- eða útihúsaröð sunnan og suðaustan við steinhúsið 001. Austast í röðinni var útihús eða býli úr torfi eða steini, u.þ.b. 40 m suðaustan steinhússins 001.

Bæjarstæðið er slétt frá náttúrunnar hendi, þurrt og gróið. Breiðabólstaðatjörn er austan bæjar og sjór norðan við.

Þar sem húsið stóð er nú hesthús og malarborið hestagerði. Hesthúsið er austast í húsaröð sem nú er á þessum stað. Tvíbýli var á Breiðabólstaðum en ekki er alveg víst hvar í húsaröðinni býlið stóð.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-209:003 heimild um útihús

64°06.940N 22°00.909V

Á túnakorti frá 1917 er sýnd bæjarhúsa- eða útihúsaröð sunnan og suðaustan við steinhúsið 001. 10 m suðaustan við röðina og u.þ.b. 5 m austan kálgarðs, sem þar var, stóð stakt útihús, líklega úr torfi. Það var u.þ.b. 60 m suðaustur frá steinhúsi 001.

Svæðið suðaustan húsaðarinnar er raskað eftir byggingaframkvæmdir, en vel gróið. Útihúsið stóð u.þ.b. 15-20 m vestan Breiðabólstaðatjarnar en norðan þar sem húsið stóð er nú malarborið hestagerði.

Ekki sést til fornleifar. Tvíbýli var á Breiðabólstaðum en ekki er alveg víst hvar í húsaröðinni býlið stóð.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1917

GK-209:004 heimild um útihús 64°06.955N 22°00.120V
Á túnakorti frá 1917 er sýnt torfhús neðst í kálgarði, um 40 m ANA af bæ 001. Það stóð u.þ.b. 10 m vestan Breiðabólsstaðatjarnar.
Húsið hefur staðið á mörkum núverandi hestagerðis og sléttis svæðis gamla kálgarðsins 028.
Ekki sést til fornleifar. Tvíbýli var á Breiðabólsstöðum en ekki er alveg víst hvar í húsaröðinni býlið stóð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

GK-209:005 heimild um útihús 64°06.940N 22°00.137V
Á túnakorti frá 1917 er sýnd bæjarhúsa- eða útihúsaröð sunnan og suðaustan við steinhúsið. Austast í röðinni var hús 002. Fast vestan þess, u.þ.b. 2-3 m, er teiknað stórt hús, úr steini eða timbri. Það stóð u.þ.b. 20 m suðaustan við steinhúsið 001. Nú er nýrri húsalengja þar sem húsaröðin var áður, byggð á grunni eldri húsanna. Húsalengjan samanstendur af útihúsum og uppgerðum íbúðaeiningum. Útihús það sem hér er skráð stóð u.þ.b. í húsalengjunni miðri.
Bæjarstaðið er slétt frá náttúrunnar hendi, þurr og gróið.
Ekki sést til fornleifar. Tvíbýli var á Breiðabólsstöðum en ekki er alveg víst hvar í húsaröðinni býlið stóð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

GK-209:006 heimild um útihús 64°06.935N 22°00.159V
Á túnakorti frá 1917 er sýnd bæjarhúsa- eða útihúsaröð sunnan og suðaustan við bæinn 001. Vestast í röðinni og um 20 metrum sunnan við steinhúsið 001, stóð hús úr timbri eða steini. Nú er nýrri húsalengja þar sem húsaröðin var áður, byggð á grunni eldri húsanna. Húsalengjan samanstendur af útihúsum og uppgerðum íbúðaeiningum. Útihús það sem hér er skráð stóð vestast í húsalengjunni.
Bæjarstaðið er slétt frá náttúrunnar hendi, þurr og gróið.
Ekki sést til fornleifar. Tvíbýli var á Breiðabólsstöðum en ekki er alveg víst hvar í húsaröðinni býlið stóð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

GK-209:007 *Heimavör* heimild um lendingu 64°07.015N 22°00.198V
"Breiðabólsstaðavör: Hún lá í sjó fram norður af Traðarhliðinu," segir í örnefnaskrá.
Sandfjara er norðan bæjar.
Mikið land hefur brotnað á þessum slóðum og umhverfið við sjóinn að líkindum talsvert breytt. Mikill, vélhlaðinn sjóvarnargarður er neðan Breiðabólsstaðabæjar, þó er rof í hann norðan traðarendanna 010, og þar framan við var vörin. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703, segir: „Heimræði er þar árið um kríng og lending góð."
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:JÁM III,215; Ö-Álftanes, 150

GK-209:008 garðlag túngarður 64°66.992N 22°00.189V
Norðaustan við steinhúsið á Breiðabólsstöðum 001 og vestan Breiðabólsstaðatjarnar, er túngarður. Hann er sýndur á túnakorti frá 1917.
Deiglent er austan garðsins, við tjörnina, en þurrar grundir vestan hans.
Garðurinn er grjóthlaðinn, siginn og hleðslur runnar í sundur. Á köflum er túngarðurinn horfinn í mosa og sinu. Hann er samtals um 50 m langur og liggur nálega norðvestur-suðaustur. Hann er víða 0,4 m á hæð og allt að 1 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917



Horft til suðvesturs. Túngarðurinn 008 liggur að steinsteypta skírnum.

GK-209:009 *Breiðabólstaðatúngarður* garðlag landamerki 64°06.968N 22°00.248V
 „Breiðabólstaðatúngaður: Garður af grjóti, aðallega milli Breiðabólstaðalands og Akrakotslands," segir í örnefnaskrá. Ennfremur segir: „Akragarður: Garðbrot á vestur mörkum Akrakotstúns." Þetta er einn og sami garðurinn og hann gegndi bæði hlutverki túngarðs og landamerkja milli Akrakots GK-208 og Breiðabólstaða. Á túnakorti frá 1917 er túngarður þessi merktur inn um 90 m austur frá Akrakotsbæ (208:001) og 25 m vestur frá steinhúsinu á Breiðabólstöðum 001.

Akrakotstún, sem vestan túngarðsins er slétt af náttúrunnar hendi, og sama má segja um vesturtún Breiðabólstaðar. Það er nú notað fyrir hesta og smápýft og gróið.

Búið er að bera allt grjót úr garðinum og engin merki hann lengur. Þar eru sléttar grundir og svæðið notað fyrir hesta.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ó-Álftanes, 149, 157

GK-209:010 *Breiðabólstaðatraðir* hleðsla traðir

64°06.981N 22°00.200V

„Breiðabólstaðatraðir: Traðir heiman frá bæ [001] út á sjávarkampinn. Breiðabólstaðahlið: Traðarhlið á túngarðinum út við Sjávarkamp," segir í örnefnaskrá. Traðirnar sjást enn vel frá bæ og í att að sjó.

Traðirnar liggja eftir sléttri grund milli bæjar og sjávarkambs.

Traðirnar sjást vel, þær eru um 4 m breiðar og 80 m langar. Kantarnir virðast hlaðnir en miðja traðanna er siginn. Syðri endi traðanna sést u.þ.b. 20 m norðan við bæ 001, og traðirnar ná alveg út að malarvegi sem liggur sunnan við sjóvarnargarðinn. Sá vegur var lagður í seinna stríði og var eini vegurinn út á Eyri. Næst bæ hefur umhverfið talsvert raskast vegna nýrri bygginga og garðræktar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ó-Álftanes, 149




Horft til norðurs eftir tröðunum. Lönd 016 til vinstri

GK-209:011 *Grund* tóftir býli

64°07.159N 21°59.452V

Úti á Eyrartánni, milli Kastanga og Rastartanga, eru miklar tóftir. Þær eru um 700 m norðaustur frá bæjarstæði Breiðabólstaðar 001.



Eyrin er slétt og steinalaus og breiðir úr sér norðvestan til suðausturs, framan tóftanna. Fast norðaustan (aftan) tóftanna er mikið umrót, moldar- og malarhaugar, vegna framkvæmda við vegavinnu og sjóvarnargarð.

Rústasvæðið er 45 x 25 m stór. Tóftum verða gefnir bókstafir í lýsingunni til aðgreiningar.

Tóft (A) er stærri, hún er 20 x 15 m stór og eiginlega þríhyrnd í laginu, suðvesturhlið er bein en aðrar hliðar eru eilítið bogadregnar. Rústahóllinn allt að 1 m hár þó tóftin sjálf sé mjög sigin. Tóftin er einföld, með op á miðjum suðvesturvegg og það sést glitta á grjóti í tóftinni. Gaddavirsgirðing liggur yfir norðausturluta rústarinnar. Suðvestan tóftarinnar er mjór rimi, 2 m breiður og er hann jafnlangur tóftinni að suðvestanverðu, u.þ.b. 20 m langur. Fram af rímanum er smástallur niður í ferhyrnda dæld, sem er u.þ.b. 15 x 20 m stór. Við stallinn eru þrjár garðstúfar sem liggja norðaustur - suðvestur u.þ.b. 2 m langir og 0,2 m háir. Sá suðaustasti er í austurhorni dældarinnar, 5 m norðvestar er næsta garðlag og hið þriðja er 10 m norðvestar, í norðurhorni



Horft til norðvesturs yfir Grund. Þústin til hægri og dældin milli tóftarinnar og þústarinnar. Suðaustasti garðstúfurinn sést við enda tóftarinnar.


dældarinnar. Í vesturhorni dældarinnar er þúst, 5 x 3 m að stærð og 0,3 m há, grænni en umhverfið í kring. Dældin, garðstúfarnir og þústin eru líkust grunni undan mannvirki framan við tóft (A). 10 m suðaustan stóru tóftar (A) er tóft (B). Tóft (B) er torfhlaðinn, einföld, 8 x 6 m stór og um 0,3 m há. Í Sjósókn Erlendar Björnssonar er kort yfir byggðina á Álftanesi um 1870. Þar er örnefnið Grund merkt norðaustan Breiðabólstaðatjarnar og upp af Kálfskinni og falla tóftarbrotin 012, að þeirri staðsetningu. Samkvæmt heimildamönnum, sem eru fæddir og uppaldir á svæðinu, eru hinsvegar þessar tóftir norðvestast taldar vera af býlinu Grund.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Erlendur Björnsson. Sjósókn, 156

GK-209:012 tóft óþekkt

64°07.122N 21°59.669V



Á Eyri, um 500 m norðaustan við Breiðabólstað 001 og 180 m suðvestan við Grund 011, er tóft og þúst fast norðan hennar. Við norðausturhorn tóftarinnar er áberandi steinn.

Sléttar grasi grónar grundir, notaðar sem hestagirðing. Tóftin er á rima ofan (vestan) mýrlendisgrófar sem gengur út í Kálfskinn (í Bessastaðatjörn).

Tóftin er einföld, 6 x 4 m og snýr austur-vestur með op til vesturs. Hún er hlaðin úr grjóti en hleðslurnar eru orðnar mjög signar, mest 0,3 m á hæð. Norðan við tóftina er iðagrænt þúfnahlaup og talsverðar ójöfnur í sverðinum, á um 20 x 15 m svæði en sléttara er austan og norðan við. Í Sjósókn Erlendar Björnssonar er kort yfir byggðina á Álftanesi um 1870. Þar er örnefnið Grund norðaustan Breiðabólstaðatjarnar og upp af Kálfskinni og falla þessi tóftarbrott að þeirri staðsetningu. Samkvæmt heimildamönnum, sem eru fæddir og uppaldir á svæðinu,

eru hinsvegar tóftir norðvestast Eyrinni, 011, af býlinu Grund. Á korti Erlendar er þar merkt inn örnefnið "Eyri".

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Álftanes, 149; Erlendur Björnsson. Sjósókn, 156

GK-209:013 Torfholt örnefni rista

64°06.817N 22°00.198V

Torfholt er örnefni í landi Breiðabólstaðar, 230 m SSV við Breiðabólstaðabæ 001. Torfholt er u.þ.b. 50 m suðvestan við Hvol, nýbýli í landi Breiðabólstaða.

Byggingarframkvæmdir eru hafnar á eða við Torfholt. Svæðið er deiglent og þýft, og vestast á því gróinn, grýttur hóll.

Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Álftanes, 156

GK-209:014 Stekkjarmýri heimild um stekk

64°06.774N 21°59.598V

"Stekkjarmýri: Svo heitir mýri vestan við Kálfskinn. Stekkur: Þar eru rústir eftir stekk í Mýrinni. Stekkjarmýrarhóll: Hóll þessi var lítill en var í Stekkjarmýri," segir í örnefnaskrá. Stekkjarmýrarhóll er á bökkum Bessastaðatjarnar u.þ.b. 550 m suðaustur frá Breiðabólstaðum 001.

Stekkjarmýri er mýrlend og þýft en þornar upp á sumrum skv. Maríu Birnu Sveinsdóttur, sem ólst upp á Grund við Breiðabólstaði 001. Tjarnarbakkinn er grasi gróinn og þurr.

Enginn stekkur fannst í mýrinni við vettvangsathugun og María man ekki eftir tóftum í mýrinni. Líklegast verður þó að telja að stekkur í Stekkjarmýri hafi verið staðsettur á tjarnarbakkanum þar sem er þurrt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft 015. Horft til vesturs. Dugguósstífla í baksýn.

GK-209:015 tóft óþekkt

64°07.005N 21°59.460V

Tóft er um 580 m VNV af bæjarstæði Breiðabólstaðar 001 og 280 m suður frá Grund 011. Tóftin er á Eyrinni, nálægt því þar sem farið er yfir Dugguósstífluna. Vegur er yfir stífluna.

Á tóftarstæðinu er þurrt en tjarnir og deiglendi í kringum hana. Tóftin er hlaupin í þúfur. Hún stendur á litlum hól sem er mun grónnari en umhverfið. Hún er 6 x 5 m að stærð en hvorki er greinanlegt op né hvort hún hafi verið hólfaskipt. Ekki sést grjót í henni. Hæð hleðslna er um 0,4 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Álftanes, 149

GK-209:016 *Lönd* heimild um leikvöll 64°06.972N 22°00.210V
"Lönd: Svo voru sléttur kallaðar innan garð við Sjávarkampinn. Vestan traðanna [010]. Samkomu og glímuvöllur vermannna.," segir í örnefnaskrá.
Slétt og mosagróin grund milli bæjar 001 og sjóvarnargarðs.
Þar var einnig gert að fiski, skv. Maríu Birnu Sveinsdóttur, sem ólst upp á Grund.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Álftanes, 149

GK-209:017 *Brunnurinn* brunnur vatnsból 64°06.949N 22°00.217V
„Hann [Brunnurinn] lá í túninu s-v. frá bænum. Hann lá á mörkum milli Breiðabólsstaðar og Akarakots.," segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er merktur inn á túnakort frá 1917, um 25 m norðvestur frá steinhúsinu á Breiðabólsstöðum 001 og 160 m suðaustan Akarakots GK-208:001.
Nú er brunnurinn á miðju hlaði vestan Grundar. Hlaðið er malarborið og brunnstæðið vel greinilegt, en keyrt er kringum brunnninn.
Dæla var sett í brunnninn, að líkindum fyrir stríð. Hann var notaður fram á 7. áratug 20. aldar, þar til vatnsveita kom í hreppinn. Brunnurinn hefur nýlega verið hlaðinn upp og steinsteyptur og er því talsvert breyttur frá því áður var. Nú er brunnurinn 0,4 m hár og 0,8 m í þvermál.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Álftanes, 150


GK-209:018 *Brunngata* heimild um leið 64°06.946N 22°00.189V
"Brunngatan: Lá frá brunnninum [017] heim til Bæjar [001]," segir í örnefnaskrá.
Milli bæjar og brunns hafa verið gerðar talsverðar framkvæmdir, húsbyggingar, blómagarður og malarborin heimreið.
Engin merki Brunngötunnar sjást lengur. Hún hefur verið u.þ.b. milli 40 og 50 m löng og nánast legið í austur - vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Álftanes, 150

GK-209:019 þúst óþekkt 64°07.084N 21°59.391V
Um 35 m suðvestan við salthúsið 020 er þúst og garðlög.
Sléttar og grónar grundir eru á þessum slóðum. Þær eru grjótlausar og smáþýfðar.
Þústin er einföld, um 10 x 8 m stór en mest um 0,6 m há. Frá henni ganga garðlög. Annað liggur 10 m til norðurs en hverfur í grundina norðan þústarinnar. Hitt liggur 16 m til vesturs og beygir svo 20 m í norðaustur uns það hverfur í grundina. Þau eru u.þ.b. 0.2 m hátt og 0,4 m breið, eingöngu úr torfi. Hugsanlegt er að "garðlögin" séu einungis jarðvegsmyndun við seinni tíma girðinga, en kálgarðar voru víða á Eyri. Víða á Eyri eru merki um sigin smágarðlög, að líkindum jarðvegsmyndun frá girðingum um kálgarða.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-209:020 *salthús* tóft



Horft til austurs.



64°07.093N 21°59.353V

Niðri við Seyluna, um 700 m NNA frá bæjarstæði Breiðabólsstaða 001 og 150 m suðaustur frá Grund 011, er mikil tóft. Þar var salthús og fiskhús, byggt á seinni hluta 19. aldar.

Tóftin er á sendnum sjávarkamb þar sem melgresi vex. Í kringum hana eru nýjar sjóbúðir og naust.

Í endurminningum Erlends Björnssonar frá Breiðabólsstöðum, Sjósókn, segir eftirfarandi: "Timbur allt

og þak í húsi Erlends [steinhúsið 001] var komið úr gríðarstóru salthúsi og fiskhúsi niðri við Seyluna í landareign Breiðabólsstaða. Siemensverzlun átti þetta hús fyrst. Á vorin kom skip inn á Seyluna með salt, er skipað var upp í þetta hús, en seinni part sumars seldu bændur verkaðan og þurrkaðan saltfisk kaupmanni þeim, er átti þetta hús, og flutt fiskinn í það. Kaupmaður sá, er verzláði þarna síðast, hét G.E. Unbehagen, og átti hann þetta

gríðarmikla hús. Á haustin kom svo skip að sækja fiskinn. Þessi Unbehagen kaupmaður, sem var þýzkur, seldi svo Erlendi þetta hús fyrir fjögur hundruð krónur. Salthús þetta var að minnsta kosti tuttugu álnir á lengd og tólf álnir á breidd, allt byggt úr framúrskarandi góðu timbri með timburþaki og allt lagt með hellu. Var timbrið og hellan notað í hús Erlends." Tóftin er 14 x 10 m stór og snýr norðaustur - suðvestur og snýr stórt op til norðvesturs. Ekki er alveg ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi því skv. endurminningum Erlends var salthúsið eingöngu úr timbri. E.t.v. er hún grunnur timburhússins eða jafnvel allt annað hús sem þó hefur staðið í tengslum við fyrirtækið. Tóftin er talsvert afmynduð af sandíburði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; Erlendur Björnsson. Sjósókn, 60-61

GK-209:021 náma mógrafir

64°07.072N 21°59.539V

Mógrafir eru á smárima, milli tveggja tjarna á bökkum Kálfskinns, sem er norðarlega í Bessastaðatjörn. Mógrafirnar eru u.þ.b. 580 m ANA af Breiðabólssstöðum 001 og 370 m norðaustur frá Jörfabæ.

Deiglent svæði en grasi gróið.

Grafirnar eru á um 20 x 25 m stóru svæði og mesta dýpt þeirra er um 0,2 metrar.

Hættumat: engin hætta

GK-209:022 Virki heimild um mógrafir

64°06.821N 22°00.514V

"Mýri sem liggur milli Akrakots [GK-208:001] og Landakots [GK-206], heitir Virki," segir í örnefnaskrá.

Mýrin hefur verið framræst og er nú þýfð hestagirðing.

Í Álftaness sögu er sagt frá því að Tyrkir sigldu inn á Seyluna snemma sumars árið 1627. Þá voru þeir að koma úr ránsferð í Grindavík og ætluðu sér á land á Álftanesi. Herkænska höfuðsmannsins á Bessastöðum og þær fáu byssur sem komið hafði verið fyrir í Skansinum ollu því að ræningjarnir treystu sér ekki í land. Ennfremur segir: "Munnmæli á Álftanesi segja einnig frá því að móhraukar hafi verið í mýrunum og litið út frá sjó eins og öflugar varnir eða virki." AÓB. Túnið er sléttað og ekki sjást mógrafir á Virkinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bessastaðahreppur, 2; Anna Ólafsdóttir Björnsson. Álftaness saga, 54

GK-209:023 hleðsla óþekkt

64°06.837N 22°00.326V



Hleðslan, horft til suðausturs.

Um 240 m suðvestur frá bæjarstæði Breiðabólssstaða 001, er hleðsla e.t.v. leifar gamals brunns.

Hleðslan er sokkin í kafi í sinu og þýfi. 3 m austan við hleðsluna er breiður skurður og byggingaframkvæmdir eru yfirstandandi austan skurðarins og u.þ.b. 15 m suðaustan hleðslunnar.

Hleðslan er ferköntuð, 1, 5 m á kant en 0,3 m há. Hún er grjóthlaðin og talsvert stórir steinar eru í henni, innanmál er u.þ.b. 1 x 0,5 m. hleðslan líkist mest brunni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-209:024 garðlag túngarður

64°07.037N 21°59.839V

Austan nýbýlisins Jörfa, niðri við Bessastaðatjörn, er garðlag. Svæðið kallast Jaðar.

Garðlagið er í óræktuðu og deiglendu þýfi. Sléttað tún er um 10 m vestan garðlagsins og Kálfskinn (í Bessastaðatjörn), er austar. Suðaustast á garðlaginu eru u.þ.b. 10 m niður að Kálfskinni en 30 m norðvestast, og er þýfð mýri niður að tjarnarbakkanum.

Garðlagið liggur norðvestur-suðaustur, það er um 100 m langt en 0,3 m hátt. Það er grjóthlaðið og víða er gróið yfir hleðslurnar og á nokkrum stöðum hafa hleðslurnar gengið til. Garðlagið hefst í túnjaðri u.þ.b. 20 m norðaustan við varðturn 026A og endar u.þ.b. 70 m norðaustan við 026E, sem eru herminjar í miðju Jörfatúni. Skv. Maríu Birnu Sveinsdóttur, sem er fædd og uppalinn á Grund við Breiðabólssstaði, er þetta túngarður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-209:025 Borgarhóll örnefni fjárskýli

64°06.719N 22°00.109V

"Borgarhólar: Svo heita hólar syðst í Stekkjarmýrinni," segir í örnefnaskrá. Þeir eru syðst í landi Breiðabólssstaðar, 400 m SSA af frá bæjarstæði 001.

Þeir eru grasi grónir og gnæfa yfir flatlendið í kring. Vestur af þeim er tún en nesið Langi suðvestan við. Stekkjarmýri er austan við hólana.

Borgarhólarnir er aðallega einn hóll áberandi og bunga norðan hans. Í hólnum eru örliðlar ójöfnur en ekki sjást rústir á yfirborði. Skv. ábúendum í Jörfa eru sagnir um fjársjóð í hólnum eru til, skv. ábúendum á Jörfa.

Hættumat: engin hætta

GK-209:026 *Brighton-kampur* mannvirki herminjar Herinn hélt innreið sína á Álftanes vorið 1940 og lagði veg um nesið, malarveg, meðfram sjóvarnargarðinum. Vegurinn beygir til suðurs, u.þ.b. 250 m norðan nýbýlisins Jörfa, og fljótlega eftir beygjuna, er varðturn í austurkanti vegarins. Við hann var inngangurinn í Brighton-kamp. Í Álftaness sögu segir: "Aðalbyggð hersins, svefnskálarnir, var í slakkanum að sunnanverðu frá þeim stað þar sem Jörfi stendur nú. Skálahverfið gekk undir nafninu Brighton-kampur. Varðturn, sem enn er uppistandandi, var inngangurinn inn í kampinn." AÓB. Minjar hersins sjást enn umhverfis nýbýlið Jörfa. Herminjarnar eru allt í kringum Jörfabæ, á hlaðinu, túninu og í túnjaðri. Heimildamaður um hlutverk minjanna er María B. Sveinsdóttir.

Minjasvæðið er u.þ.b. 300 x 250 m stórt. Minjastaðirnir eru 15 og sjást enn minjar á 14 staðanna. Nokkrir minjastaðanna samanstanda af braggakömpum þar sem allt að 9 braggar stóðu saman. Minjunum eru gefni bókstafir til aðgreiningar og hefst lýsingin norðvestast á svæðinu, við varðturninn, sem var inngangurinn í kampinn. Varðturninn fær númerið (A) og svo koll af kalli í hring suðaustur minjasvæðið: (A): Turninn er hlaðinn úr ávölu sjávargrjóti og steinsteypu. Hann er um 1,5 m (þvm) að innanmáli, stendur vel og er undir þaki. Hann er sexhyrndur, á fimm flötum eru gluggar en dyr á þeim sjötta. Kringlótt smáop er á þeim vegg sem snýr í suður. (B): 4 metra suður frá Varðturninum (A) er braggagrunnur, úr torfi og grjóti, 0,4 m háar hleðslur.



Varðskáli (C). Horft til suðausturs

Bragginn hefur verið um 10 x 6 m stór og snúid í norður-suður. (C): 20 m suður frá (B) er steinsteyptur skáli fyrir varðmenn, 5 x 2 m stór að grunnfleti. Hann stendur enn undir þaki og snýr skýlið í norður-suður með dyr á norðurgafli. Gluggar eru á austur- og vesturlanghliðum. Ofn og skorsteinn er við suðurgafli. Ofan dyra, að utanverðu, stendur: "1941 GUARDROOM". (D): Um 10 m sunnan við (C) er braggagrunnur. Grunnurinn er úr torfi, ekkert grjót sést í honum. Bragginn hefur verið um 10 x 5 m stór og snúid norður-suður. (E): Um 50 m suðaustan við (D) er miklar,

steinsteyptar húsaleifar frá setuliðinu í Jörfatúni miðju, 80 m NNA bæjarins. Leifarnar eru 13 x 11 m stórar og virðist húsið hafa verið tvískipt. Vestara hólfið er 6 x 11 m að stærð, allt steinsteypt með um 25 cm þykkum veggjum. Það eystra er torfhlaðinn grunnur, 9 x 5 m stór og eru hleðslur þar lægri en leifar steinsteyptu veggjanna, 0,4 m háar. Á milli hólfanna eru steinsteyptar tröppur og smáplan upp af því, inni í húsinu að því virðist. (F): Steinsteypt plan er á hlaði Jörfa. Þar var fallbyssustæði. (G): 40 metra VNV af (F) og fast norðaustan við Jörfabæ er hálfniðurgrafið hús með flötu, grasivöxnu þaki. Þar var fjarskiptastöð setuliðsins. Húsið er um 12 x 10 m stórt, en þar sem húsið er hálfgrafið inn í brekkuna er uppgefin stærð ónákvæm. Inn í húsið er gengið um dyr á vesturgafli, 3-4 þrep niður. Á vesturgafli voru líka gluggar. Enn eru upprunalegar innréttingar, í húsinu, og málning hefur haldist á veggjum frá 1940. Ábúendur í Jörfa nota húsið sem kartöflugeymslu. (H): Þar sem nýtt íbúðarhús, Seyla, stendur, u.þ.b. 50 m suðaustan Jörfabæjar, voru vatnstankar setuliðsins. Tankarnir voru í þremur stærðum. Þeir voru notaðir sem rotþær frá Jörfabæ á áratugunum eftir stríð. (I): Um 30 m vestan við íbúðahúsið

64°07.013N 21°59.857V



Salerni (J). Horft til austurs.



Mannvirki (E). Horft til norðurs.



Strompur (M) og baðhús (I). Horft til norðausturs.



Loftskjástöð (O). Horft til norðurs

Seylu þar sem vatnstankar (H) stóðu, eru fjórir braggagrunnar. Þeir voru þó fleiri áður, a.m.k. sex, en aðeins sjást ummerki eftir fjóra. Tveir grunnanna eru steinsteyptir en um hina sjást torfkragar. Allir snúa þeir norðaustur-suðvestur og eru um 10 x 5 m stórir. (J): Um 40 m norðaustur frá (I), á tjarnarbakka í jaðri austurtúna Jörfa er leifar steinsteypts salernis frá setuliðinu. Það er 6 x 2 m stórt og snýr norður-suður. Húsið er tvískipt. Nyrðra hólfíð er 5 x 2 m stórt með steinsteyptri gólfplötu en það syðra 2 x 1 m stórt án gólfplötu. Rennur eru á þeim vegggleifum sem eftir eru. (K): Á tjarnarbakkanum, 10 m austan við salerni (J) er tóft. Hún er 4 x 4 m stór og 0,5 m há. Steinhleðsla er utan með henni auk þess sem hún hefur verið fyllt grjóti, sem nú er vaxið mosa. Líklegast er þetta grunnur undan einhverju mannvirki setuliðsins, e.t.v. í samhengi við salerni (J). (L): 30 m suður frá (I) er baðhús

hermannanna sem voru í Brighton-kampi. Það stendur enn undir þaki og nota ábúendur það sem geymsluskúr. Húsið er 10 x 5 m stórt og snýr suðvestur-norðaustur. Gengið er inn um bíslag á suðaustur langvegg. Rennur eru í steinsteyptu gólfinu. (M): 30 m suðvestur við baðhúsið (L) er hár strompur á hól. Strompurinn stóð í norðausturenda stórs bragga sem var samkomusalur hermanna og var m.a. notaður sem bíosalur. Hóllinn framan (suðvestan) við strompin er um 22 x 15 m stór, og gefur það hugmynd um stærð braggans. Strompurinn er byggður á sama hátt og varðturn (A), úr ávölu og steinsteyptu sjávargrjóti. Hann er 2 x 1 m að grunnmáli og a.m.k. 3 - 4 m hár. Neðst á strompinum var arinn, hlaðin úr múrsteinum. Strompurinn er siginn í hólinn og að honum hefur hlaðist sina og jarðvegur og því sést rétt glitta í efri hluta arinopsins upp úr hólnum. Eftir stríð var bragginn lengi notaður undir dansleiki á Álftanesi. (N): 30 m suðaustur af turninum (M) sem stóð við samkomusalinn, var braggahverfi. Þar má enn sjá grunna af a.m.k. 8 bröggum. Allir eru grunnarnir um 15 x 8 m stórir og er torf og grjót í undirstöðum. Þeir snúa allir norður-suður. (O): 150 m VNV af strompinum (M), sem stóð í samkomubragganum, var loftskjástöð. Það er allsérstakt mannvirki úr steinsteyptu, 10 x 4 m að utanmáli. Á því eru tvær skábrautir, sem er dekkjabreidd á milli, líklega til að hægt hafi verið að keyra upp á mannvirkið. Við enda skábrautanna er kantaður pallur með gat í miðju. (P): Verkstæði hermanna var 80 m SV frá varðskála (C). Þar má greina steinsteyptan grunn; tvo samsíða garða (braggakantur) og er 6 metrar á milli þeirra, og hefur það verið breidd braggans. Verkstæðið, þ.e.a.s. þessi hluti sem enn sést hefur snúið NNA-SSV. Verkstæðið hefur verið talsvert langt frá öðrum byggingum hersins.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: AÓB: Anna Ólafsdóttir Björnsson. Álftaness saga, 223

GK-209:027 gerði kálgarður

64°06.942N 22°00.144V

Samkvæmt túnakorti var kálgarður austan við bæinn 001. Þar er enn slétt svæði og sést grjóthlaðinn vesturskammhlið kálgarðsins enn u.þ.b. 10 m austan við bæ 001.


Bæjarstæðið er slétt frá náttúrunnar hendi, þurrt og gróið. Breiðabólsstaðatjörn er u.þ.b. 50 m austan bæjar og milli tjarnar og bæjar var kálgarðurinn.

Vesturskammhlið kálgarðsins er 12 m löng, 0,5 m breið og 0,3 m há. Hleðslan er farin að renna í sundur og mest sjást 3 umför af grjóti. Austan við var kálgarðurinn og náði hann niður að Breiðabólsstaðatjörn. Garðurinn var skv. túnakorti u.þ.b. 40 x 20 m stór.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

GK-209:028 tóft heystæði

64°06.787N 21°59.602V



"Stekkjarmýri: Svo heitir mýri vestan við Kálfskinn.

Stekkur: Þar eru rústir eftir stekki í Mýrinni.

Stekkjarmýrarhóll: Hóll þessi var lítill en var í Stekkjarmýri," segir í örnefnaskrá. 10 m austan við Stekkjarmýrarhól, á bökkum Bessastaðatjarnar u.þ.b. 540 m SSA frá Breiðabólsstaðabæ 001 og 300 m suðaustan við Jörfa, er tóft.

Tóftin er u.þ.b. 5 m norðan tjarnarinnar og breiður skurður fullur af vatni er 2 m austan hennar. Við tóftina er þýfð Stekkjarmýrin og áfram norður af henni.

Tóftin er einföld, 4 x 2 m að stærð og snýr austur-vestur, en garðlag gengur frá tóftinni í um 2 til norðurs. Ekki sést grjót í hleðslum og ekkert op er greinanlegt. Hleðslur eru mest um

er 0,5 m á hæð. Tóftin er upphlaðinn og líkist fremur heystæði en stekki, sjá 014.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Álftanes, 149

GK-210 Eyvindarstaðir

1252: „Síðan reið Þorgils heim í Reykjaholt og hafði með sér landsleigu af Eyvindarstöðum og Bessastöðum." Sturl. saga. II. Þorgils saga skarða, 589.

1556: „... Knud Steinsson konunglig Maiestatís liensmann yfer Island giordi suoddan skiptti og byting vid herra Gijsla Jonson. „, ad þær iarder sem Skalholltz domkirkia atti a ... Alttanesi ... Eyuindarstader. Suidholltt. Skogtiaurn og Brecka. skylldu þessar iarder falla til kongdómsins ..." DI. XIII, 139

Jarðadýrleiki óviss 1703. 16 2/3 hdr 1847. Konungseign.

1703: „Jarðadýrleiki er óviss, því jörðin tífundast öngvum." Konungseign. JÁM III, 218.

1847: „Eptir skýrslu Rentukammersins um sölu konungsjarða til 1842, er jörð þessi seld í tvennu lagi (1812 og 1816), og er þar sagt, að í hvorttveggja sinn sé seld 10 h. að dýrleika, enda telur sýslumaður nú alla jörðina 20 h. að dýrleika. JJ, 93, nm.

1847: Jarðadýrleiki 15 hdr. JJ, 93.

Túnakort 1917: Tvo býli merkt á kortið. Teigar heimabýlis 4,6 og garðar 1080 m². Fjær eru teigar 4,7 og garðar 1280m². Tún mestöll sléttuð.

GK-210:001 *Eyvindarstaðir* bæjarhóll býli

64°06.350N 22°00.915V

'I örnefnaskrá segir: „Eitt af aðalbýlunum í Álftaneshreppi, nú Bessastaðahreppi. Þar var lögbýli með hjáleigum, þurrabúðum og kótum." Tvöbýli merkt á túnakort.

Heimildir:Ö-Álftanes, 158; BG, 22-23

GK-210:010 *Skólavegur* gata leið

64°06.433N 22°00.006V

Skv. örnefna- og staðháttakorti sem birt er í Álftaness sögu, lá svokallaður Skólavegur vestan Bessastaðatjarnar, vestan við Varpið. AOB. Enn sést móta fyrir upphlöðum vegi sem liggur austur - vestur í móanum. Fyrst sést hann 210 m norðvestan við Bessastaðakirkju og 750 m austur frá Eyvindarstöðum 001. Hann sést á u.þ.b. 180 m löngum kafla, endar í hól, sem er 580 m austan Eyvindarstaða.

Búið er að ræsa fram svæðið sem vegurinn liggur eftir. Það er þýft og grasi gróið móasvæði.

Vegurinn er allt að 5 m breiður og 0,2 m hár. Grjót er í honum víða, þó aðallega í köntum hans. Hleðslurnar eru mjög úr lagi gengnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:AÓB: Anna Ólafsdóttir Björnsson. Álftaness saga, 34-34



Skólavegur. Horft til suðvesturs. Eyvindarstaðir bera hæst í fjarska.

GK-210:011 hleðsla óþekkt

64°06.428N 22°00.228V

Þar sem Skólavegur 010 hættir að vera greinanlegur vestast, er hóll í móanum. Vestast á hólnum er hleðsla. Hún er u.þ.b. 580 m austur frá Eyvindarstöðum 001.

Hóllinn er grasi gróinn og þýfður. Kringum hann eru móar.

Hleðslan er einföld, 2 x 2,5 m og snýr í norður - suður. Steinar eru nokkuð reglulegir í köntunum en hleðslan er fallin saman og er 0,3 m djúp í miðjunni. Umhverfis hana er gróinn hóll. Helst minnir mannvirki þetta á samfallinn brunn. Hóllinn sem hleðslan er á er u.þ.b. 0,5 m hár.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-210:044 Stekkur örnefni stekkur

64°06.596N 22°00.386V

Í örnefnaskrá segir: „Stekkur: Svo er hóll út við Bessastaðatjörn kallaður.“ Stekkur er merktur inn á uppdrátt Erlends Björnssonar í bókinni Sjósókn. Þar er hann sýndur norðvestan Eyvindarstaða 001 niðri við tjörn. Íbúðarhúsið Stekkur er niðri við Bessastaðatjörn, 630 m norðvestur frá Eyvindarstöðum.



*Hleðsla 011. Horft til austurs.
Eyvindarstaðir í baksýn til vinstri.*

Áður en Dugguósstíflan ver byggð gætti sjávarfalla í Bessastaðatjörn og flæddi sjór langleiðina vestur að Norðurnesvegi, (Norðurnesvegur er u.þ.b. 300 m austan við Eyvindarstaði). Áður fyrr voru mýrarmóar á svæðinu en nú hefur það verið framræst og þrjú íbúðarhús standa á tjarnarbakkanum, Stekkur, Asparvík og Tjörn.

Enginn hóll sést niðri við Bessastaðatjörn og líklegt er að íbúðarhúsið Stekkur hafi verið reist á, eða við hólinn. Örnefnið bendir til að þar hafi verið lambastekkur í eina tíð.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Álftanes, 152

5. Yfirlit um minjar á deiliskipulagsreitum

Álftanes er mjög láglent. Bærinn Sviðholt stendur hæst í hreppnum, 15 m yfir sjávarmáli. Skógtjörn gengur inn í nesið að suðvestanverðu en Lambhúsatjörn að norðvestanverðu. Báðar eru nú litlar víkur en voru áður tjarnir. Bessastaðatjörn var lítill vogur áður en var stífluð árið 1953 við Dugguós. Landslag á skráningarsvæðinu hefur breyst mikið síðustu öldum, en þó sérstaklega á undanförunum áratugum. Túnasléttun, framræsla, stíflumannvirki og síðast en ekki síst gífurlegt landbrot hafa sett svip sinn á umhverfið. Sem dæmi um landbrot má nefna að tugir metra hafa brotnað af Hliðstanga, frá því túnakort var gert fyrir bæinn árið 1917.

Við úttekt á minjum í hættu vegna aðalskipulags kom í ljós að 146 minjastaðir eru innan þeirra skipulagsreita sem nú voru kannaðir. Hættumat var gert á 143 stöðum eða alls staðar þar sem staðsetning minjastaða var kunn (en staðsetning GK-198:003, GK-199:041 og GK-208:004 er óþekkt). Hættumat var eftirfarandi:

engin hætta	4
hætta	80
stórhætta	59
samtals	143

Einnig var lagt mat á hvers vegna hver staður taldist í hættu. Staðirnir töldust í hættu af eftirfarandi orsökum:

vegna ábúðar	38
vegna framkvæmda (við aðalskipulag)	68
vegna rofs (landbrots)	33
engin hætta	4
Samtals	143

Af stöðunum 143 sjást aðeins 68 á yfirborði. Því eru 75 staðir horfnir, a.m.k. af yfirborði, því hugsanlegt er að leifar þeirra kunni að leynast undir sverði.

Ástæður þess að minjastaðir sjást ekki á yfirborði eru af ýmsum toga: ekki vitað um afdrif 11 staða en 23 hafa horfið vegna vatnsaga (landbrots), 22 vegna sléttunar, 7 hafa vikið vegna yngri bygginga, 3 vegna niðurrifs, 3 vegna vegagerðar, 2 vegna rasks og 1 staður hefur horfið í framkvæmdir.

38 minjastaðir eru í hættu *vegna ábúðar*. Þetta eru minjar á svæðum sem á aðalskipulagi eru kölluð "óbyggð svæði" en eru þó nálægt framkvæmdasvæðum eða núverandi íbúðabyggð. Með öðrum orðum, umgengni um svæðin er mikil og hætta er á hætta á röskun á fornleifum af þeim sökum. Af stöðunum 38 sjást 19 enn á yfirborði en 19 eru horfnar. Minjastaðirnir eru:

GK-193:004	útihús	GK-209:002	útihús
GK-193:006	Neðra Hlið	GK-209:004	útihús
GK-193:007	Hliðsbrunnur	GK-209:005	útihús
GK-193:048	Skipabyrgið	GK-209:006	útihús
GK-193:056	gerði	GK-209:008	túngarður
GK-193:059	tóft	GK-209:009	landamerkjagarður
GK-193:061	Skjónasteinn	GK-209:010	Breiðabólsstaðatraðir
GK-193:064	Pétursbúð	GK-209:014	Stekkur
GK-199:001	Sviðholt	GK-209:015	tóft
GK-199:002	Þórukot	GK-209:016	Lönd (leikvöllur)
GK-199:003	Hjallakot	GK-209:017	Brunnurinn
GK-199:005	Hjallaland	GK-209:018	Brunngatan
GK-199:007	Sameignargarður	GK-209:022	Virki
GK-199:014	Sviðholtsbrú	GK-209:024	túngarður
GK-208:001	Akrakot	GK-209:026	herminjar
GK-208:002	útihús	GK-209:027	kálgarður
GK-208:003	þangbrennsla	GK-210:010	Skólavegur
GK-208:006	Akrasteinn	GK-210:011	hleðsla
GK-209:001	Breiðabólsstaðir	GK-210:044	stekkur

Fornleifar merktar með gulum lit eru inn á skipulagsreit 1, þær sem merktar eru með rauðum lit eru á skipulagsreit 2, þær bláu eru skipulagsreit 4 og en grænar á skipulagsreit 5.

Langflestir minjastaðanna eru í kringum Akrakot GK-208, Breiðabólsstaði GK-209 og Eyvindarstaði GK-210. Vesturhluti Hliðstangans GK-193 fellur einnig undir "óbyggð svæði". Minjarnar í kringum Sviðholt GK-199, voru skráðar 2001 en eru utan þeirra skipulagsreita sem fjallað er um hér. Undantekning frá þessu er Sviðholtsbrú (GK-199:014) og Sameignargarður (kálgarður) (GK-199:007). Síðarnefndi minjastaðurinn er þó utan núverandi skipulagsreits en er aðeins talinn í hættu af ábúð eins og sakir standa.

Í hættu *vegna framkvæmda* voru 68 minjastaðir. 66 þeirra eru á skipulagsreit, þar sem íbúðabyggð er ráðgerð. Af þeim eru 32 minjastaðir sjáanlegar á yfirborði en 34 eru horfnir. Staðirnir eru:

GK-193:001	Efra Hlið	GK-197:013	Halakot
GK-193:002	Útihús	GK-197:014	Sjávargata
GK-193:033	Jóns Björnssonar hús	GK-197:018	Túngarður
GK-193:034	Hálfðánarhús	GK-197:019	Sýsluvegur
GK-193:035	Lonshús	GK-197:020	Kumlamýri
GK-193:041	Litli bærinn	GK-197:023	Vegur
GK-193:042	Gula húsið	GK-197:024	Brunnur
GK-193:043	Hliðstúngarður	GK-197:025	Brunnur
GK-193:044	Hliðsvegur	GK-197:029	Gerði
GK-193:053	Fjósbrunnur	GK-197:030	Garðlag
GK-193:054	Fjós	GK-197:033	Tóft
GK-193:055	Fjósstöfur	GK-197:034	Leið
GK-193:060	Hliðsbrunnngata	GK-198:001	Haugshús
GK-193:065	Gamla Hlið	GK-198:002	Haugshúsabrunnur
GK-195:004	brunnur	GK-199:004	Fjósflöt
GK-195:011	Skógtjarnartúngarður	GK-199:006	Hvanngarðsvöllur
GK-195:012	Skógtjarnarbrunnngata	GK-199:009	Leið
GK-195:017	Gíslakot	GK-199:010	Leið
GK-195:018	Dómhildarkot	GK-199:011	Þórukotsflöt
GK-195:019	Dómhildarkotsgerði	GK-199:012	Þórukotsstraðir
GK-195:020	Eysteinskot	GK-199:013	Sviðholtstraðir
GK-195:021	Hólakot	GK-199:026	Friðrikskot
GK-195:022	Lásakot	GK-199:043	garðlag
GK-195:023	Lásakotstúngarður	GK-199:044	túngarður
GK-195:024	Lásakotsbrunnngata	GK-199:045	Hjallalandsvöllur
GK-195:041	garðlag	GK-209:003	Útihús
GK-197:004	Útihústóft	GK-209:011	Grund á Eyri
GK-197:007	Kirkjubrú	GK-209:012	Tóftir á Eyri
GK-197:008	Núpskot	GK-209:013	Torfholt
GK-197:009	hleðsla	GK-209:019	Þúst
GK-197:010	torfristustaður	GK-209:020	tóft af salthúsi
GK-197:011	gerði	GK-209:023	hleðsla

Gulur er skipulagsreitur 1, rauður reitur 2, grár er skipulagsreitur 3 og grænn er skipulagsreitur 5. Umræddar minjar eru í mismikilli hættu eftir því hvort þær eru staðsettar innan eða í jaðri framkvæmdanna.

Auk ofangreindra minjastaða eru 2 minjastaðir sem eru innan skipulagsreits sem ætlaður sem miðsvæði og því einnig í hættu vegna framkvæmda. Þetta eru Grásteinn (GK-197:020) og leið (GK-197:021).

Af minjunum 68 sem eru í hættu vegna framkvæmda teljast 52 í stórhættu (stórhætta vegna framkvæmda) en 16 í hættu, eða nokkurn spöl frá þeim (hætta vegna framkvæmda).

6. Niðurstöður

Í mars og apríl 2004 voru samtals voru skráðar 146 fornleifar innan eða í námunda við 5 skipulagsreiti í Bessastaðahreppi. Þær fornleifar sem eru innan eða fast við svæði þar sem framkvæmdir eru áætlaðar teljast í stórhættu, en það eru 54 minjar af stöðunum 146.

Í framangreindri umfjöllun hefur verið greint frá þeim stöðum sem fyrirsjáanlegt er að gætu orðið fyrir raski vegna framkvæmda.⁸ Rúmlega helmingur fornleifanna eru horfinn af yfirborði. Þó fornleifar séu horfnar, (t.d. byggt hefur verið á rústum þeirra eða búið að slétta þær í tún), teljast þær í hættu séu framkvæmdir fyrirhugaðar á staðnum. Einnig er nauðsynlegt að hafa í huga að mögulegt er að áður óþekktar minjar leynist undir yfirborði. Meginreglan um dreifingu minjastaða er sú að þeir eru þéttastir í túni heim við bæi en fækkar eftir því sem fjær dregur frá byggð. Þó Álftanesið hafi verið óvenjulega þéttbyggt og minjadreifing sé í samræmi við það, er meginreglan enn í gildi.

Hér verður gerð grein fyrir aðalskipulagreitunum og hvað er að finna innan hvers reitar.

Skipulagsreitur 1 (gulur litur í töflu):

Hliðstangi. Áætluð íbúðabyggð og óbyggt svæði, svk. aðalskipulagi.

Innan þessa reits eru samtals eru 14 fornleifar í hættu vegna framkvæmda en 8 fornleifar eru í hættu vegna ábúðar.

Á Hliði GK-193 var margbýlt í gegnum aldirnar, og þegar túnakortið er gert árið 1917 er enn tvíbýlt þar (GK-193:001 og 006). Landslag á Hliðstanga er nú gjörbreytt vegna sléttunar og landbrots, og fáar minjar sjáanlegar á yfirborði. Þar má þó fastlega búast við minjum undir sverði. Bæjarstæði Efra Hliðs (GK-193:001) og bæjarstæði Gamla Hliðs (GK-193:065), eru bæði innan áætlaðs íbúðabyggðarsvæðis. Ekkert sést lengur á yfirborði sem minnir á eldri búskap þar, utan við Hliðstúngarð (GK-193:043) sem liggur sunnan Hliðsvegar (GK-193:044). Af öðrum minjum skal sérstaklega minnst á myndarlegt, grjóthlaðið gerði (GK-193:056), áletraðan stein, Skjónastein (GK-193:061), og það sem líklega er leifar brunns (GK-192:058). Margar minjar innan Hliðs (og Melshöfða) eru löngu brotnar í sjóinn, aðrar eru við það að brotna sbr. Þvottatjörn (GK-199:058) og fleiri.

Skipulagsreitur 2 (rauður litur í töflu).

Áætluð íbúðabyggð auk óbyggðra svæði, svk. aðalskipulagi.

Reiturinn er vestan Sviðholts, vestan Suðurnesvegjar. Svæði í kringum Þórukot. Innan reitsins eru 12 fornleifar í hættu vegna framkvæmda en 5 í hættu vegna ábúðar.

Svæðið vestan Sviðholts er mikið breytt. Þar hafa tón verið sléttuð, minjar og örnefni horfið. Leifar sumra minjastaðanna, líkt og fjós á Fjósaflöt, gætu þó hæglega leynst undir sverði. Á völlum neðan Þórukots eru heimildir um eitt eða tvö býli, Friðrikskot (GK-199:026) og Hjallalands GK-199:005. Ummerki sjást um það fyrnefnda en óvíst er um staðsetningu þess síðarnefnda. Á Hjallalandsvelli eru leiðir þekktar úr heimildum GK-199:009 og GK-199:010 og á Þórukotsflöt voru aflraunasteinar sem vermenn sem réru frá Helguvík, reyndu við áður (GK-199:011). Vestan Þórukots er einn fárra staða í fjörum Álftaness þar sem ekki hefur verið vélhlaðinn sjóvarnargarður. Þar eru talsverðar minjar í fjörubánum; grjóthlaðinn tóft (GK-199:020) og garðlagakerfi (GK-199:045). Á golfvelli á Álftanesi leynast margir minjastaðir. Fyrst ber að nefna að innan golfvallarins voru Haugshús GK-198, á hól sem nú er norðan golfskálans niðri við Helguvík. Brunnhús úr torfi og grjóti (sjá GK-198:001) er einnig á hólum sem býlið stóð á. Brunnhúsið var byggt eftir miðja 20. öld og er bárujárn í þaki hennar. Þó tóftin njóti ekki friðhelgi sem fornleif í lögbundnum skilningi er hún fulltrúi byggingarstíls síns tíma og setur skemmtilega mynd á landslag svæðisins. Sunnan Haugshúsahóls GK-198, en norðan við veg að golfskála standa steinar upp úr sverði. Þar gæti verið að finna leifar Haugshúsa. Fast norðan við veginn að golfskálunum er brunnur, Haugshúsabrunnur (GK-198:008), byrgður. Niður í hann voru hlaðnar tröppur, en ekki er vitað um ástand brunnsins undir nú. Enn sunnar á golfvelli eru tvö gerði. Annað (GK-199:029) er fast sunnan við golfskálaveg en hitt sunnar, þar sem Halakot (GK-197:013) stóð. Suðvestan við Halakot var brunnur (GK-197:032), alveg niðri við Halakotstjörn. Bæjarstæði Hjallakots (GK-199:003) er norðaustan við golfskálann og að lokum má nefna að landamerkjagarður (GK-199:043) er fast við golfskálaveg, frá Halakotstjörn og austur að Höfðabraut.

Skipulagsreitur 3 (grár litur í töflu).

Áætluð íbúðabyggð, auk óbyggðra svæði, svk. aðalskipulagi.

Svæðið austan Skógtjarnarbæjar og sunnan Brekku. Innan svæðis eru 30 fornleifar í hættu vegna framkvæmda en engin í hættu vegna ábúðar.

Austan Skógtjarnar GK-195 voru nokkur smákot á þurru rima sem liggur eftir miðju túninu, austur-vestur, auk þess sem kot stóðu á tjarnarbakkanum. Á þessu svæði má því búast

⁸ Hins vegar má minna á að margir minjastaðir innan skráningarsvæðisins teljast í hættu vegna rofs (landbrots), þó sumir staðanna virðast alveg horfnir vegna landbrots.

við fornleifum undir sverði þó leifar þeirra séu horfnar af yfirborði? Sérstök athygli er hér vakinn á Lásakoti (GK-195:025) og miklum grjóthlöðnum garðlögum (GK-195:011, GK-197:018, GK-197:030). Rústirnar í Lásakoti, á bakka Skógtjarnar, eru glæsilegur fulltrúi tuga smákota sem voru á Álftanesi áður fyrr og hafa minjarnar því mikið varðveislu - og fræðslugildi. Í Brekkulandi GK-197 voru a.m.k. tvö býli, Kirkjubrú (GK-197:007) og Núpskot (GK-197:008), bæði mjög röskuð og búið að slétta kring. Annað minjasvæði þar er Kumlamýri (GK-197:020), en ætla má að lítið hafi verið af minjum í mýrinni, auk þess sem þar er búið að slétta mýrina og ræsa fram. Kumla-nafnið bendir að öllum líkindum til heystæða, frá því mýrin var slegin af Álftanesbændum, fremur en til heiðinna legstaða. Yfir þá Mela (sem eru suður af Kumlamýri) og syðsta hluta Kumlamýrar liggja tveir merkilegir uppbyggðir vegir með steinhlöðnum ræsum. Það er Sýsluvegurinn (GK-197:019) og ónafngreindur vegur (GK-197:023), báðir með stefnu á Selskarð.

Skipulagsreitur 4 (blár litur í töflu).

Innan reitsins er áætluð íbúðabyggð og miðsvæði.

Svæðið sunnan og austan Sviðholts, Breiðamýri. Innan reitsins eru 3 fornleifar í hættu vegna framkvæmda en 2 í hættu vegna ábúaðar.

Sunnan Sviðholts GK-199 er sléttað tún og framræst mýri. Í mýrinni var uppbyggður vegur, Sviðholtsbrú (GK-199:014). Um hana er fjallað í skýrslu um fornleifaskráningu vegna deiliskipulags árið 2001: „Sviðholtsbrú er ævaforð vegur sem nú er hulinn malarvegi frá 20. öld. Hún liggur á austurjaðar svæðisins en einnig um næsta skipulagsreit fyrir austan [þ.e. núverandi skráningarsvæði]. Þó brúin hafi tæplega mikið rannsóknar-eða varðveislugildi sem mannvirki þá er hún hluti af menningarlandsvæði Álftaness og væri sjónarsviptir að henni“.⁹ Er þessi niðurstaða hér ítrekuð. Sama má segja um leifar Sviðholtstraða (GK-199:013) sem sjást fast austan Sameignargarðs (GK-199:007). Innan svæðis sem áætlað er sem miðsvæði er Grásteinn (GK-197:022), sem er álagablettur og krossgötur á svipuðum stað og þær eru enn í dag (GK-197:021).

Skipulagsreitur 5 (grænn litur í töflu).

Skipulagt sem „óbyggt svæði“ samkvæmt aðalskipulagi en þó verða framkvæmdir í kringum Breiðabólstaði og einhver íbúðarhúsabyggð.

Svæðið er austan Eyvindarstaða, austan Norðurnesvegar, svæðið austur af

⁹ Orri Vésteinnsson. *Úttekt á fornleifum vegna deiliskipulags í Sviðholti*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2001.

Kasthúsatjörn, kringum Beiðabólstaði og út á Eyrarodda. Samkvæmt aðalskipulagi er þetta svæði að mestum hluta skráð sem óbyggt svæði, en framkvæmdir eru þó fyrirhugaðar í kringum Breiðabólstaði og yst á Eyraroddanum er eru framkvæmdir einnig áætlaðar. Auk þess eru íbúðabyggð áætluð á tjarnarbakka Bessastaðatjarnar, kringum þá bæi sem þar eru þegar risnir, Stekk, Asparvík og Tjörn. Innan svæðisins eru 7 fornleifar í hættu vegna framkvæmda en 24 í hættu vegna ábúðar.

Á svæðinu austan Eyvindarstaða GK-210, eru fáar fornleifar. Hjáleigurnar (s.s. Glerhöll, Austurkot og Gíslakot (bera númerin GK-210:032, 033, 034, og 035, í svæðiskráningarskýrslu) voru í austurjaðri Eyvindarstaðatúns, eins og útverðir heimajarðarinnar. Hjáleigurnar voru allar vestan (utan) við skipulagsreitinn nr. 5, vestan við núverandi Norðurnesveg.¹⁰ Neðan við þar Norðurnesvegur liggur nú, var blaut mýri og flæddi áður langleiðina upp að núverandi vegstæði. Tvær fornleifar fundust á vettvangi á austan Eyvindarstaða. Þetta eru Skólavegur (GK-210:010), sem er breiður uppbyggður vegur í stefnu milli Bessastaða og Eyvindarholts, og hleðsla (GK-210:011) við enda vegarins. Auk þess er til örnefnið Stekkur (GK-210:044), sbr. samnefnt íbúðarhús, á bökkum Bessastaðatjarnar. Líkur á óvæntum fornleifum, undir sverði, á svæðinu austan Norðurnesvegar og niður að Bessastaðatjörn, eru litlar. Skipulagsreitir 5 er stór og nær, eins og áður sagði frá Kasthúsatjörn í vestri að Akrakoti GK-209 og Breiðabólstöðum GK-209. Milli Kasthúsatjarnar og Akrakots eru aðeins tveir þekktir minjastaðir, mógrafasvæði var í Virki (GK-209:022), en mýrin hefur nú verið sléttuð og framræst og AkraSTEINN GK-208:006, álagablettur. Sjávarfalla gætti við Bessastaðatjörn svo fárra minja er að vænta þar, syðst á reitnum. Flestar minjanna eru í kringum býlin Akrakot GK-208 og Breiðabólstaði GK-209, en fárra minja er að vænta í túnunum í kringum þau. Úti á Eyrinni, sem er norðvestan við Breiðabólstaði, eru nokkrar tóftir. Ein þeirra, GK-209:010, er inni á áætluðu framkvæmdasvæði, og er reyndar þegar í uppnámi vegna framkvæmda við vegagerð og sjóvarnargarð yst á Eyrinni. Aðrar tóftir eru leifar Salthúss (GK-209:020), tóft sem er hlaupin í þúfur við Duggósstíflu (GK-209:015), tóft (GK-209:011), sem er norðvestarlega á Eyri og þúst (GK-209:019). Einnig er rétt að minna á óvenjulegt minjasvæði í landi Breiðabólstaða, í kringum nýbýlið Jörfa, sem stendur austan gamla bæjarins. Það er óvenju heillegt herminjasvæði, að líkindum einsdæmi á Íslandi. Þarna var svokallaður Brighton-kampur á stríðsárunum og hafa ábúendur, fyrst á Breiðabólstöðum og síðar á Jörfa lagt kapp á að hrófla ekki við minjunum. Þó braggarnir hafi allir verið rifnir eftir stríð sjást grunnarnir enn

¹⁰ *Túnakort Eyvindarstaða*. 1917. Þjóðskjalasafn Íslands.

auk fjölbreyttra steinsteyptra mannvirkja. Svæðið (GK-209:026), hefur mikið varðveislu-og fræðslugildi fyrir svæðið. Herminjar eru ekki eiginlegar fornleifar, enda allar herminjar hér á landi frá tímum síðari heimsstyrjaldar. Þær falla ekki undir skilgreiningu þjóðminjalaga og eru því ekki verndaðar skv. lögum. Þrátt fyrir það eru herminjar ómetanlegar heimildir um merkilegt tímabil í sögu þjóðarinnar. Þær eru mikilvægur þáttur í íslenskri menningarsögu og eru því skráðar með fornleifum í gagnagrunn Fornleifastofnunar Íslands.

Að umfjölluninni hér að framan má sjá að á öllum skipulagsreitunum 5 sem teknir voru til skráningar má vænta minja, þó fæstum á gömlum mýrarsvæðum sem flest hafa nú verið framræst og sléttuð; Melum, Kumlamýri, Breiðumýri og mýrinni austan Eyvindarstaða.

Þar sem fornleifar eru innan skipulagssvæða er oft auðvelt að vernda þær fyrir raski með því að merkja þær og afmarka og skipuleggja inn í byggðina. Þannig getur farið saman ný byggð, kynning minjastaða og minjavernd. Þar sem ljóst þykir að ekki verði unnt að hlífa minjastað þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins áður en framkvæmdir hefjast hvort sem ummerki um staðinn sjást á yfirborði eða ekki.

Í skýrslulok er rétt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistarleifar er nýjung hér á landi. Engin viðurkennd aðferðafræði liggur fyrir og þróun aðferða er skammt á veg komin. Enn er langt í land að unnt verði að skera úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd verði engin hætta á að minjar finnist þar við jarðrask. Þó miðar í þá átt að unnt verði að gera markvissa fornleifaleit í þágu framkvæmda.

Heimildaskrá

Heimildamenn

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fædd 1954.

Friðrik Jóhannsson, fæddur 1963.

Gróa Guðbjörnsdóttir, fædd 1933.

Guðfinna Ólafsdóttir, fædd 1927.

María Birna Sveinsdóttir, fædd 1936.

Sesselja M. Kærnested, fædd 1938.

Prentaðar heimildir

Andrea Harðardóttir og Sædís Gunnarsdóttir. *Meningarminjar í Bessastaðahreppi* (skýrsla FS226-03211). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2004.

Anna Ólafsdóttir Björnsson. *Álftaness saga. Bessastaðahreppur – fortíð og sagnir*. Þjóðsaga, Reykjavík, 1996.

Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók III. Gullbringu- og Kjósarsýsla*. Kaupmannahöfn, 1923-1924.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn*. I-XV bindi. Kaupmannahöfn/ Reykjavík, 1857-1972.

Erlendur Björnsson. *Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólstöðum*. Jón Thorarensen skráði. Reykjavík, 1945.

Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon. *Fornbýlið Skógtjörn við Miðskóga á Álftanesi. Fornleifakönnun á bæjarhól*. Rannsóknarskýrslur 3. Þjóðminjasafn Íslands, 2001.

Guðmundur Ólafsson, Kristinn Magnússon og Rúna K. Tetzschner. *Breiðabólstaðir í Bessastaðahreppi. Svæðisskráning og vettvangskönnun vegna deiliskipulags á reit Hvols*. Rannsóknarskýrslur 6. Þjóðminjasafn Íslands 2001.

ÍSLEIF. *Gagnagrunnur um íslenskar fornleifar*. Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson ritstj. Fornleifastofnun Íslands.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847.

Orri Vésteinsson. *Fornleifakönnun: Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar* (skýrsla FS141-01061).

Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, 2001.

Túnakort Bessastaðahrepps. Þjóðskjalasafn Íslands, 1917.

Ö-Álftanes. Skrá yfir örnefni og fiskimiðin í Álftaneshreppi hinum forna; Bessastaðahreppi; Garðahreppi; Hafnarfirði; og Hraunum. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Bessastaðahreppur. Bessastaðahreppur, Gullbringusýsla. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Sviðholt. Skrá yfir örnefni í Sviðholti, Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu. Skráð eftir Kristjáni Eyjólfsson. Örnefnastofnun.

Bréf, sent Bessastaðahreppi og Fornleifavernd ríkisins.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Brekku í Bessastaðhreppi* (bréf). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002.

Orri Vésteinsson. *Úttekt á fornleifum vegna deiliskipulags í Sviðholti* (bréf). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1990.

Óprentaðar heimildir

Þjsks, Rkmr. Isl. Journ.19, nr. 924.

Fylgiskjöl



Kort 1



Kort 2 Reitur 1



Kort 3 Reitir 2, 3, 4

